


skoðun 14

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Jólablað Fréttablaðsins
LÍN










# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
29. nóvember 2011
279. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001-2011

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




**Þúsundir skráðir árlega**

*Fuglamerkingar hafa verið stundaðar á Íslandi í níutíu ár.*

**tímamót 20**



**Ný kona í brúnni**

*Brynja Þorgeirsdóttir verður kynnir í Eurovision.*

**fólk 34**



**Fylkir þarf nýja stúku**

*Bygging nýrrar stúku við Fylkisvöll er háð stuðningi Reykjavíkurborgar.*

**sport 30**

**veðrið í dag**




**STÍF NORÐANÁTT** Víðast 8-18 m/s, hvassast NV-til og við norðurströndina. Snjókoma eða él norðan til en þurrt að mestu syðra. Frost 0-8 stig.

**VEÐUR 4**



**KLUKKNAHLJÓM** Starfsmenn Reykjavíkurborgar voru í óða önn í gærkvöldi að setja Skólavörðustíg í jólabúning. Bjöllurnar eru ný íslensk smíði, unnar af Smíðagalleríi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Stokkað upp í stjórninni á næstu vikum

**Báðir stjórnarflokkar hyggjast breyta til í ráðherraliði sínu. Stefnir í að Jón Bjarnason missi sæti sitt. Kostar líklega stuðning hans við stjórnina.**

**STJÓRNMÁL** Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, nýtur ekki trausts í eigin þingflokki, þrátt fyrir eigin yfirlýsingar þar um. Þingflokkur Vinstri grænna fundaði í gær og kom þar fram megn óánægja með hvernig Jón hefur haldið á breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Háværar krafa kom fram um breytingar á ríkisstjórninni og er nú unnið að því að þær verði á næstu vikum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru menn þegar farnir að huga að hvernig breytingum á stjórninni verður háttað. Líklegast er að báðir stjórnarflokkarnir geri einhverjar breytingar á ráðherraliði sínu, en nefna má að Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra fer í fæðingarorlof á næstu mánuðum. Brotthvarf Jóns yrði því ekki einstök breyting heldur hluti af stærri aðgerðum. Stokkað yrði upp fyrir lokasprett kjörtímabilsins.

Þingmenn Vinstri grænna kölluðu á þingflokksfundinum margir hverjir eftir lausn sem fæli í sér brotthvarf Jóns. Hann þykir hafa rofið trúnað með því að vinna að breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu á bak við félaga sína í þingflokki og ríkisstjórn. Þá eru margir félagar hans sérstaklega ósáttir við að hann hafi, án vitundar þeirra, leitað liðsinnis út fyrir raðir stjórnarflokkanna, til dæmis með því að fá Atla Gíslason, fyrrverandi þingmann Vinstri grænna, í starfshópinn.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Jón hafi tekið fálega í mögulegt brotthvarf úr ríkisstjórn. Raunar hafi hann sagt stjórnina falla með slíkum breytingum. Það kemur stjórninni í erfiða stöðu, þar sem hún hefur aðeins eins manns meirihluta. Atli Gíslason hefur látið hafa eftir sér að hann gæti hugsað sér að yfirgefa Alþingi. Seta hans í starfshópi Jóns vekur athygli, en hverfi hann af þingi tekur varamaður hans sæti, Arndís Sigurðardóttir. Hún styður stjórnina.

Þá hefur verið rifjað upp að Guðmundur Steingrímsson, þingmaður utan flokka, hefur sagst myndu verja ríkisstjórnina falli. Á það gæti reynt við breytingarnar.

Mikil vonbrigði eru innan stjórnarflokkanna með það hvernig Jón hefur haldið á sjávarútvegsmálum. Samkvæmt stjórnarsáttmálanum átti áætlun um innköllun aflaheimilda og endurúthlutun að taka gildi 1. september síðastliðinn. Nú eru menn aftur á upphafsreit, eftir að ríkisstjórnin hafnaði drögum Jóns á föstudag. Þá þykir Jón hafa gengið á bak orða sinna þegar hann birti drögin á vefnum á laugardag, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ætlaði ráðherranefnd í málinu að funda þann dag. Af því varð ekki. **- kóp / sjá síðu 12**

**Lýsir vonbrigðum**

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagðist á þingi í gær óánægður með það hvernig Jón hefði haldið á málum. Hvorki hann né Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra vildu í gær lýsa yfir stuðningi við ráðherrann. „Ég hef fulla trú á að stjórnarflokkarnir muni leysa úr þeim núningi sem nú er uppi. Það eru vonbrigði að ekki sé lengra komið í sjávarútvegsmálum,“ sagði Steingrímur.




Suðurlandsbraut 20 - Sími: 595 0500
www.egillarnason.is


Elísabet Margeirsdóttir komin í hóp 47 hlaupara í 100 kílómetra klúbbnum:

## Stefnan tekin á 160 kílómetrana

**FÓLK** Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður var í síðustu viku tekin inn í 100 kílómetraklúbbinn svonefnda. Inngönguskilyrði eru þau að hafa hlaupið að minnsta kosti 100 kílómetra í opinberu keppnishlaupi. Elísabet náði því markmiði í sumar þegar hún hljóp 120 kílómetra í Ultra Trail-hlaupinu kringum Mont Blanc. Klúbburinn var stofnaður 2004 og hafa 47 Íslendingar nú náð þessum áfanga.



Elísabet æfir stíft, hleypur tíu til tuttugu kílómetra fimm sinnum í viku á vetrum en svo eykst álagið þegar kemur fram á vorið. „Það má eiginlega segja að sé full vinna á sumrin,“ segir Elísabet.

Hún stefnir á að hlaupa stóra Ultra Trail-hlaupið, 160 kílómetra, í framtíðinni. „Ég fer ekki alveg strax í það en draumurinn er auðvitað að komast í það einhvern tíma í framtíðinni.“

**- fsb / sjá allt í miðju blaðsins**







## SPURNING DAGSINS



*Jóhann, heldurðu að forsetinn fái enga vasapeninga?*

„Verðmætið er líklega meira en vasafylli."

Danskur nítjándu aldar vasi með mynd af Bessastöðum er nú til sölu hjá uppboðshaldara í Kaupmannahöfn. Vasinn er metinn á tvær milljónir króna. Jóhann Hansen hjá Gallerí Fold telur vasann myndu sóma sér vel í eigu forsetaembættisins en efast um að það geti keypt hann og forsetaritari tekur undir það.

Fjármálaráðherra hættir við fyrirhugað kolefnisgjald eftir fund með stóriðjunni:

# Tekur ekki slag við Samfylkinguna

**EFNAHAGSMÁL** Fjármálaráðherra féll í gær frá fyrirhuguðu kolefnisgjaldi á rafskaut, koks og kol, en gjaldið var að finna í bandormi um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Ætlunin var að gjaldið skilaði 1,5 milljörðum króna í auknar tekjur árið 2013.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra fundaði í gær með embættismönnum úr fjármála- og iðnaðarráðuneytinu og fulltrúum Samtaka atvinnulífsins og fulltrúum fyrirtækjanna.

Að fundi loknum var gefið út að ráðherra hefði fallið frá gjaldinu, en saman myndu stjórnvöld og fyrirtækin eiga áfram samráð um innleiðingu evrópska viðskiptakerfisins með losunarheimildir.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins úr þingflokki Vinstri grænna ákvað Steingrímur að taka ekki slag við Samfylkinguna um þetta mál núna, enda hefur ríkisstjórnarsamstarfið verið stirt undanfarið.

Forsvarsmenn stóriðjunnar telja að með kolefnisgjaldinu hafi átt að gera starfsumhverfi fyrirtækjanna lakara hér en í viðmiðunarlöndum, þar sem fyrirtæki þurfa ekki að greiða umrætt gjald.

Þá töldu þeir að næg gjaldtaka fælist í kaupum á kolefniskvóta, en Ísland verður aðili að alþjóðlegu viðskiptakerfi með losun gróðurhúsalofttegunda í áföngum og að fullu árið 2013. - kóp

Kosningar verða 4. maí:

# Boðað til kosninga í Palestínu

**PALESTÍNA, AP** Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, hefur ákveðið að kosningar fari fram í landinu þann 4. maí næstkomandi.

Kosningarnar eiga að verða til þess að ein stjórn verði yfir öllu landinu á ný, en Palestínumenn hafa verið undir stjórn bæði Hamas og Fatah síðan Hamas tóku yfir Gasa-ströndina árið 2007.

Abbas segir að mynda eigi sameinaða ríkisstjórn embættismanna frá báðum hliðum til að undirbúa kosningarnar. - þeb

Málefnaleg rök ekki til staðar:

# Almenningur á ekki Grímsstaði

**STJÓRNSÝSLA** Tryggvi Harðarson, sveitarstjóri Þingeyjarsveitar, segir í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag að almenningur í landinu eigi ekkert í Grímsstöðum og ekkert í þeim réttindum sem fylgja landinu. Ríkisvaldið þurfi að sýna fram á ríka hagsmuni til að standa gegn viðskiptum tveggja einkaaðila. Um það snúist undanþágugrein laga um jarðarkaup.

Tryggvi segir að séu ekki málefnalög rök fyrir því að hafna slíkum viðskiptum gangi það augljóslega gegn stjórnarskránni. Hann bendir jafnframt á að ekkert hafi verið leitað eftir sjónarmiðum kaupenda og seljenda.

- ibs / sjá síðu 18

Jólablað Fréttablaðsins 2011:

# Matur, viðtöl og fróðleikur

**JÓL Jólablað Fréttablaðsins kemur út í dag. Blaðið er 112 síður og stútfullt af skemmtilegu efni.**





**Meðal annars má nefna grein þar sem rifjaðar eru upp jólaauglýsingar frá fyrri hluta síðustu aldar, á öðrum stað í blaðinu bæta þekkt ljóðskáld nokkrum erindum við þekkta jólavísu og enn annars staðar eru gefin góð ráð um hvernig nýta megi matarafganga frá jólum.**

**Þjóðþekktir matgæðingar gefa uppskriftir að veisluréttum, kökum, sætindum og smáréttum. Rifjaður er upp ýmis fróðleikur sem tengist jólahaldi auk þess sem fjölmargt áhugavert fólk er tekið tali.** - sg

# Telja líðan nemenda í Gerðaskóla ólíðandi

**Mennta- og menningarmálaráðuneytið ætlar að gera ítarlega úttekt á starfsemi Gerðaskóla í Garði. Skoða á líðan nemenda, eineltismál, námsárangur og fleira. Um 13,3 prósent nemenda skólans segjast verða fyrir einelti oft í mánuði.**

**MENNTAMÁL** Fulltrúar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu ætla að gera ítarlega úttekt á starfsemi Gerðaskóla í Garði. Var þetta ákveðið eftir að svör bárust frá bæjarstjóra, skólanefnd og skólaráði í Garði við fyrirspurn ráðuneytisins í september síðastliðnum. Úttektin er gerð að ósk heimamanna í Garði.



ÁSMUNDUR FRIÐRIKSSON

Þeir þættir sem kannaðir verða eru líðan nemenda og einelti, skólabragur, námsárangur nemenda í lestri, samstarf skólans við foreldra og fleira, að því er fram kemur í bréfi ráðuneytisins til Ásmundar Friðrikssonar, bæjarstjóra í Garði.

Ásmundur segir bæjarstjórnina sérstaklega hafa óskað eftir stjórnsýsluúttekt á störfum skólans. Því var þessi ákvörðun tekin og samþykki menntamálaráðuneytisins kom í kjölfarið.

„Það má alltaf gera gott betra," segir Ásmundur. „Það er vilji allra til þess að þessi úttekt verði gerð."

Einelti í Gerðaskóla hefur verið mikið í umræðunni að undanförnu. Fram hafa komið frásagnir foreldra sem hafa þurft að taka börnin sín úr skólanum sökum eineltis og afskiptaleysis skólastjórnenda. Í skoðanakönnun meðal nemenda skólans sem gerð var fyrr á þessu ári kom fram að 13,3 prósent nemenda segjast verða fyrir einelti oftar en tvisvar til þrisvar sinnum í mánuði. Það er um helmingi hærra hlutfall en meðaltal á landsvísu. Fram hefur komið að meirihluti skólanefndar Gerðaskóla telji eineltismál og líðan nemenda með öllu óviðunandi.

Pétur Brynjarsson, skólastjóri í Gerðaskóla, segir að mikið hafi áunnist í eineltismálum innan skólans að undanförnu. Olweusar-könnunin, sem leiddi í ljós 13,3 prósent hlutfall nemenda sem verða fyrir einelti, hafi verið gerð fyrir nær ári, en önnur könnun sem gerð var í september meðal starfsmanna skólans hafi sýnt fram á mun lægra hlutfall þolenda, eða um 4,1 prósent.

„Við tökum reyndar aðeins aðra nálgun þá," segir Pétur. „Fyrri könnunin var nafnlaus en sú síðari fór fram í samtali með kennara, foreldra og nemanda."

Spurður hvort hann hafi tölu á því hversu margir nemendur hafi hætt í skólanum sökum eineltis á síðustu árum, segist Pétur ekki hafa þá tölu. Hann segir þó að slíkt hafi gerst.

„Hér er unnið vel og markvisst að þessum málaflokki og ég fagna því að ráðuneytið ætli að gera hér ítarlega úttekt," segir Pétur.

sunna@frettabladid.is



**GERÐASKÓLI** Óvenjumargir nemendur í Gerðaskóla telja sig verða fyrir einelti oftar en tvisvar til þrisvar í mánuði. MYND/VÍKURFRÉTTIR

## Útkoma samræmdra prófa vonbrigði

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í skólanefnd Garðs bókaði á síðasta fundi skólanefndar að niðurstöður samræmdra prófa og útkoma Gerðaskóla í þeim væru vonbrigði fyrir alla og stefnan sett á að bæta árangur verulega. Meirihluti D-lista stefni að því að nú þegar verði gengið frá samningum við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar.

Tillaga að samstarfssamningi verður lögð fyrir skólanefnd sem fyrst og samningurinn lagður til samþykktar á bæjarstjórnarfundi 7. desember næstkomandi.

Lögregla handtók tvo karla:

# Tveir voru kærðir fyrir nauðgun

**LÖGREGLUMÁL Nauðgun var kærð til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu nú eftir helgina.**

**Lögregla var kvödd að húsnæði á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt sunnudagsins vegna nauðgunar, eftir því sem Fréttablaðið kemst næst. Þar voru fyrir tveir karlmenn um og yfir þrítugt og nítján ára stúlka. Lögreglan handtók mennina og voru þeir látnir gista í fangageymslu í fyrrinótt. Stúlkan fór á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis.**

**Mennirnir voru yfirheyrðir í gær og fer lögreglan á höfuðborgarsvæðinu með rannsókn málsins.** - jss

Ríkisstofnanir í hár saman:

# Vill að endurskoðandi víki

**STJÓRNSÝSLA** Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri neitar að afhenda Ríkisendurskoðun upplýsingar um viðskipti stofnunarinnar við fyrirtækið RadíóRaf nema Sveinn Arason ríkisendurskoðandi víki sæti í málinu. Þetta kom fram í fréttum RÚV í gær.

Ríkisendurskoðun vill fá upplýsingar um 165 milljóna króna viðskipti ríkislögreglustjóra við fyrirtækið. Ríkislögreglustjóri segir að ekki ríki lengur trúnaður milli stofnananna.

Trúnaðarbresturinn varð fyrir tveimur mánuðum þegar ríkisendurskoðandi komst að þeirri niðurstöðu að ríkislögreglustjóri hefði farið á svig við reglur um opinber innkaup í öðru máli. - bj

## SVEITARSTJÓRNARMÁL

**Kosið um sameiningu**

Kosningar um sameiningu sveitarfélaganna Bæjarhrepps og Húnaþings vestra fara fram á laugardaginn. Kjörstaðir verða á Hvammstanga og Borðeyri.







Hjálparstarf kirkjunnar úthlutar aðstoð í gegnum inneignarkort fyrir jólin:

# Færri umsóknir en meira fé

**SAMFÉLAGSMÁL** Hjálparstarf kirkjunnar gerir ráð fyrir því að umsóknir um aðstoð fyrir jólin verði færri en að meira fé fari samt í úthlutun.

Hjálparstarfið afhendir nú inneignarkort og er hætt beinni mataraðstoð. Sú leið er dýrari að sögn Vilborgar Oddsdóttur félagsráðgjafa og því verður jólaaðstoðin dýrari. „Kortaleiðin er dýrari en okkur þykir hún bara manneskjulegri. Fólk getur þá valið hvað það vill borða um jólin eins og aðra daga."

Vilborg segir alltaf eitthvað um fólk sem aðeins þurfi aðstoð fyrir jólin. Það fólk geti sótt um hjá hjálparstarfinu. Þeir sem þegar eru með inneignarkort frá stofnuninni hafa verið duglegir að sækja um fyrir jólin á netinu.

Hjálparstarf kirkjunnar er einnig í samstarfi við Reykjavíkurdeild Rauða krossins og aðrar deildir, til þess að fólk fari eingöngu á einn stað til að fá aðstoð.

Mæðrastyrksnefnd er með matarúthlutun fyrir jólin og verður opnað fyrir umsóknir í dag. Hjá Fjölskylduhjálp Íslands er skráning fyrir jólaaðstoð hafin og stendur hún til 9. desember. - þeb





**HJÁLPARSTARF KIRKJUNNAR** Gert er ráð fyrir færri umsóknum um jólaaðstoð en úthlutunaraðferð kirkjunnar kostar meira en bein matarúthlutun. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# AFSLÁTTARDAGAR

**20-50%**
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

*Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!*



## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.**

**6-12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**

# AFSLÁTTARDAGAR

**TÖKUM GAMLA RÚMIÐ UPPÍ NÝTT!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í ÖLLUM STÆRÐUM**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

## GENGIÐ 28.11.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 119,14 | 119,70 |
| Sterlingspund | 185,52 | 186,42 |
| Evra | 159,35 | 160,25 |
| Dönsk króna | 21,422 | 21,548 |
| Norsk króna | 20,336 | 20,456 |
| Sænsk króna | 17,221 | 17,321 |
| Japanskt jen | 1,5334 | 1,5424 |
| SDR | 185,11 | 186,21 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,7933

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Íslenskt samstarfsverkefni ungs fólks kynnt á ráðstefnu Evrópuráðsins:

# Verkefnið vakti athygli ráðherra

**SAMFÉLAGSMÁL** Stjórnlög unga fólksins voru kynnt á ráðstefnu Evrópuráðsins sem fór fram í Mónakó á sunnudag og í gær. Ráðherrar Evrópuráðsins ræddu þar meðal annars hvernig byggja megi upp barnvænni Evrópu.

Stjórnlög unga fólksins voru samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, umboðsmanns barna og UNICEF á Íslandi. Markmiðið var að láta raddir barna og ungmenna heyrast við endurskoðun stjórnarskrárinnar, er fram kemur í tilkynningu.

Karólína, prinsessa af Hannover, bauð til ráðstefnunnar sem á að hafa stefnumótandi áhrif á sviði barnaréttar. Fyrir Íslands hönd sat Kristinn Jóhannsson, sextán ára, fyrir svörum en hann var einn af þeim sem sótti þing ungmennaráða í vor, Stjórnlög unga fólksins. Evrópuráðið bauð fulltrúum frá Stjórnlögum unga fólksins að kynna verkefnið. Auk Kristins voru Bergsteinn Jónsson frá UNICEF og Arnfríður Valdimarsdóttir frá Reykjavíkurborg fulltrúar verkefnisins á ráðstefnunni.

Í tilkynningunni segir Kristinn það hafa verið mjög gaman að sjá sýn annarra ríkja á verkefninu. „Mjög margir ráðherrar komu að tala við mig og vildu vita allt um Stjórnlög unga fólksins," segir hann. **- sv**



**FULLTRÚAR ÍSLANDS Í MÓNAKÓ** Íslenska samstarfsverkefnið Stjórnlög unga fólksins vakti mikla athygli á ráðstefnu Evrópuráðsins.

Utanríkisráðherra í Moskvu:

## Rússar sólgnir í skyr og smjör

**RÚSSLAND** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra skrifaði í Moskvu í gær undir samning sem gerir Íslendingum kleift að selja skyr og aðrar mjólkurafurðir til Rússlands. Með samningnum fallast Rússar á vottunarkerfi sem gerir útflutninginn mögulegan. Nú þegar er verulegur áhugi af hálfu Rússa að kaupa mjólkurduft, en Össur telur einnig mikla möguleika á að vinna góðan markað fyrir íslenskt skyr.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

„Skyrið hefur slegið í gegn handan landamæranna í Finnlandi, og ég held að Rússar verði ekki síður sólgnir í skyr og jafnvel smjör í framtíðinni." Össur taldi í þessu felast mikla möguleika fyrir íslenskan landbúnað. **- kóp**

### LÖGREGLUMÁL

**300 ökumenn stöðvaðir**

Lögreglan stöðvaði um þrjú hundruð ökumenn á höfuðborgarsvæðinu um helgina í sérstöku umferðareftirliti, sem nú stendur yfir. Tveir reyndust ölvaðir undir stýri og voru sviptir ökuréttindum til bráðabirgða. Tveimur var gert að hætta akstri því þeir höfðu neytt áfengis en voru þó undir leyfilegum mörkum.

### ALÞINGI

**Úttekt á réttargeðdeild**

Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur lagt fram frumvarp um faglega úttekt á réttargeðdeildinni að Sogni. Einnig verði metnir kostir við að flytja starfsemina að Kleppsspítala út frá faglegum rökum.

# Hagar töpuðu 300 milljónum á 365

**Smásölurisinn Hagar keypti hlut í 365 miðlum mánuði eftir bankahrun. Seldi hlutinn með miklu tapi nokkrum mánuðum síðar til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og 365 miðla. Pálmi Haraldsson er á meðal þeirra sem keyptu líka.**

**VIÐSKIPTI** Hagar keyptu hlut í 365 miðlum ehf. í nóvember 2008 fyrir 810 milljónir króna og greiddu fyrir með reiðufé. Félagið seldi helming hlutarins aftur til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, þá aðaleiganda Haga, rúmum þremur mánuðum síðar á 393 milljónir króna. Eftirstöðvarnar voru seldar fyrir andvirði undir 100 milljónum króna til 365 miðla ehf.

Þetta kemur fram í skráningarlýsingu Haga sem gerð var opinber í gærmorgun. Ekki er tilgreint með hvaða hætti 365 miðlar greiddu fyrir hlutinn í skráningarlýsingunni. Jón Ásgeir segir að greitt hafi verið fyrir hann með peningum.

Kaupin áttu sér stað 2. nóvember 2008, tæpum mánuði eftir bankahrun. Þá keypti hópur fjárfesta undir stjórn Jóns Ásgeirs, í gegnum félag sem kallaðist Rauðsól ehf., fjölmiðlahluta 365 miðla út úr 365 hf. Samkvæmt tilkynningu greiddi hópurinn 1,5 milljarða króna fyrir nýtt hlutafé auk þess sem Rauðsól yfirtók allt að 4,9 milljarða króna af skuldum 365 hf.

Í skráningarlýsingunni kemur fram að Hagar hafi keypt rúmlega helming hins nýja hlutafjár og greitt 810 milljónir króna fyrir. Kaupin voru fjármögnuð með handbæru fé frá rekstri. Í febrúar 2009, rúmum þremur mánuðum eftir kaupin, keypti Jón Ásgeir, sem á þeim tíma var líka aðaleigandi Haga, helminginn af hlut Haga í 365 miðlum á 393 milljónir króna.

Hinn helmingurinn, sem upphaflega kostaði 405 milljónir króna, var seldur fyrir andvirði undir 100 milljóna króna til 365 miðla, aðila fjárhagslega tengdum Jóni Ásgeiri, síðar á árinu 2009. Hagar töpuðu því um 300 milljónum króna á viðskiptunum. Jón Ásgeir segir að 365 miðlar hafi greitt fyrir hlutinn með reiðufé. Finnur Árnason, forstjóri Haga, vildi ekki tjá sig um málið umfram það sem fram kemur í skráningarlýsingunni. Á meðal annarra fjárfesta sem lögðu fé í Rauðsól var Pálmi Haraldsson. Hann segir þann eignarhlut með öllu tapaðan. Auk þess tóku nokkrir starfsmenn 365 miðla þátt í kaupunum.

Rauðsól, sem hét einnig um tíma Sýn, var síðan sameinað 365 miðlum haustið 2009. Nafni 365 hf. var breytt í Íslenska afþreyingu og það félag sett í þrot. Heildarkröfur í búið námu um fimm milljörðum króna en engar eignir voru inni í því.

Ingibjörg S. Pálmadóttir, eiginkona Jóns Ásgeirs, er í dag aðaleigandi 365 miðla. Hún á 90% af A hlutabréfum í félaginu og 100% af B hlutabréfum eftir að hafa aukið hlutafé 365 miðla á fyrri hluta ársins 2010 um 1 milljarð króna. 365 miðlar eiga og reka meðal annars Fréttablaðið, Vísi, Stöð 2 og Bylgjuna. **thordur@frettabladid.is**



**365 MIÐLAR** Jón Ásgeir var lengi aðaleigandi fjölmiðlafyrirtækisins. Það er nú að langmestu leyti í eigu eiginkonu hans, Ingibjargar S. Pálmadóttur.

**1,5** milljarðar er upphæðin sem Rauðsól ehf. greiddi fyrir nýtt hlutafé í 365 miðlum.

Leiga á Grímsstöðum rædd:

## Segir ekkert um jarðaleigu

**STJÓRNSÝSLA Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra vildi ekki tjá sig um mögulega afstöðu sína komi fram beiðni frá kínversku fjárfestingarfélagi varðandi leigu á Grímsstöðum á Fjöllum. Ráðherrann veitti félaginu ekki undanþágu til kaupa á jörðinni.**

**Skúli Helgason spurði ráðherra út í málið á þingi í gær. Hann sagði höfnun ráðherrans rökrétta en taldi mikilvægt að leita leiða til að efla ferðaþjónustu.**

**Ögmundur sagði af og frá að ráðuneytið ætti að ráðleggja forsvarsmönnum fyrirtækisins í málinu. „Slík hefur verið gert. Einum var ráðlagt að leggja sig ofan í sænska kommóðuskúffu og kaupa auðlindir á Reykjanesi. Það eru vinnubrögð sem eru mér ekki að skapi," sagði ráðherra og vísaði til Magma-málsins. - kóp**

Neytendasamtökin ítreka:

## Fá engin svör frá Jóni Bjarna

**NEYTENDUR** Neytendasamtökin hafa í tvígang ítrekað við Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, að reglugerð um kjöt og kjötvörur skuli endurskoðuð. Er það gert í ljósi gæðakönnunar sem birt var í mars árið 2010 á nautahakki. Frá þessu er greint í Neytendablaðinu.

Gæðakönnunin leiddi í ljós að í sex tilvikum af átta var viðbætt vatn í nautakjötinu og þar oftast notaðar kartöflutrefjar til að binda vatnið.

Ár er liðið frá því Neytendasamtökin skrifuðu ráðherra síðast um málið. Ekkert svar hefur borist, segir Neytendablaðið. **- sv**




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**KÓLNANDI** Víða afleitt ferðaveður á landinu í dag þar sem sums staðar verður allhvöss eða hvöss norðanátt og éljagangur fyrir norðan. Lægir víðast hvar á morgun og léttir heldur til. Kalt í veðri næstu daga en minnkandi líkur á tveggja stafa frosttölum nema inn til landsins.




Á MORGUN
5-10 m/s en 8-13 A-til.

FIMMTUDAGUR
5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 9° |
| Berlín | 6° |
| Billund | 8° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | 8° |
| Gautaborg | 5° |
| Kaupmannahöfn | 5° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 12° |
| Mallorca | 19° |
| New York | 18° |
| Orlando | 21° |
| Ósló | 9° |
| París | 9° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 7° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

Alþýðusamband Íslands

# RÍKISSTJÓRNIN SVÍKUR ÞÁ SEM LÖKUST HAFA KJÖRIN

Í maí átti ríkisstjórn Samfylkingar og VG aðkomu að gerð kjarasamninga. Í viðræðum við ríkisstjórnina lagði Alþýðusambandið mikla áherslu á að bætur atvinnulausra og lífeyrisþega myndu hækka í takt við hækkun lægstu launa og féllust stjórnvöld á það.

> **Stjórnvöld munu endurskoða bætur almannatrygginga með hliðsjón af niðurstöðum kjarasamninga milli ASÍ og SA, þannig að lífeyrisþegar og atvinnulausir njóti hliðstæðra kjarabóta og um verður samið í kjarasamningum.***

Samkvæmt fyrrnefndum kjarasamningum eiga lægstu laun og þar með bætur að hækka um 11.000 kr. 1. febrúar 2012. Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar sem nú liggur fyrir Alþingi kemur fram að ríkisstjórnin hyggst brjóta þennan samning við ASÍ. Það þýðir að atvinnuleysisbætur hækka aðeins um 5.500 kr. en ekki 11.000 kr.

Ríkisstjórnin, sem kennir sig við velferð, ætlar þannig ekki aðeins að svíkja eigin loforð heldur einnig lítilsvirða þá sem lökust hafa kjörin í okkar þjóðfélagi.

Alþýðusamband Íslands hafnar endurteknum árásum ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur á íslenskt launafólk.

*Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga 5. maí 2011

## KJÖRKASSINN



*Telurðu að Ögmundur Jónasson hafi brugðist á réttan hátt við beiðni Huangs Nubo um kaup á Grímsstöðum á Fjöllum?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 50,6% |
| NEI | 49,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú á skíði í vetur?*

Segðu þína skoðun á visir.is

VÍSIR

Fulltrúar minnihluta VG og Sjálfstæðisflokks gagnrýna meirihlutann í borgarstjórn:

# Telja enga stefnu í fimm ára áætlun

**REYKJAVÍKURBORG** Borgarráðsfulltrúar minnihluta Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna segja „mjög slæmt“ að boðað sé til aukafunda í borgarráði og borgarstjórn í lok árs vegna fimm ára áætlunar um rekstur borgarinnar.

Í borgarráði í gær bókaði minnihlutinn að fimm ára áætlunin hefði samkvæmt yfirlýsingum átt að liggja fyrir í september. Borgarráðsfulltrúar væru þó að sjá gögnin fyrst núna. Illa sé staðið að verki.

„Við fyrstu sýn virðist því sem frumvarpið innihaldi enga stefnu eða pólitíska sýn, heldur aðeins upplýsingar um forsendur fjármála borgarinnar næstu árin. Nær væri að leggja slíkt plagg fram sem minnisblað eða greinargerð en varla sem frumvarp að fimm ára áætlun,“ bókuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks og VG. Borgarráðsfulltrúar Besta flokksins og Samfylkingarinnar sögðu hins vegar að nú væri í fyrsta sinn í langan tíma lögð fram langtímaáætlun í fjármálum borgarinnar þar sem ítarlega væri reynt að spá fyrir um aðstæður næstu ára.

„Fullyrðingar Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna um að fimm ára áætlun sé seint á ferð eru furðulegar því slík áætlun hefur ekki áður verið lögð fram jafnsnemma og raunar hefur fimm ára áætlun aldrei verið lögð fram áður,“ bókaði meirihlutinn. **- gar**

> Nær væri að leggja slíkt plagg fram sem minnisblað eða greinargerð en varla sem frumvarp að fimm ára áætlun.
>
> ÚR BÓKUN FULLTRÚA SJÁLFSTÆÐISFLOKKS OG VINSTRI GRÆNNA

Í fimm mánaða fangelsi:

# Stal og sveik ítrekað út vörur

**DÓMSMÁL Karlmaður um þrítugt hefur verið dæmdur í fimm mánaða fangelsi fyrir þjófnaði, skjalafals og fíkniefnalagabrot.**

**Maðurinn stal varningi í fimm skipti úr verslunum á höfuðborgarsvæðinu. Þá framvísaði hann fölsuðum úttektarbeiðnum í verslunum, sem höfðu verið fylltar út af óþekktum aðila og stimplaðar með stolnum stimpli.**

**Hann var einnig dæmdur fyrir að hafa haft eiturlyf í fórum sínum. Maðurinn rauf með þessu skilorðsdóm frá 2008.** **- jss**




# Matís vill ekki styrk ESB vegna ráðherra

**Neikvæð afstaða sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til styrkja frá ESB er ein af ástæðunum fyrir því að Matís dró til baka 300 milljóna króna styrkbeiðni. Ekki reyndist rekstrarlegur grundvöllur fyrir verkefni segir stjórnarformaður.**

**STJÓRNSÝSLA** Óvissa um viðskiptalegar forsendur og pólitísk afstaða sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra varð til þess að stjórn Matvælarannsókna Íslands (Matís) ákvað síðastliðinn föstudag að hætta við að sækja um 300 milljóna króna styrk til Evrópusambandsins (ESB).

„Þetta er ákveðin krísa sem við lentum í,“ segir Friðrik Friðriksson, stjórnarformaður Matís, sem er opinbert hlutafélag. Hann segir forstjóra fyrirtækisins hafa ákveðið að sækja um styrkinn án þess að bera málið undir stjórnina. Nú hafi vinnulagi verið breytt þannig að bera þurfi svo risavaxnar styrkumsóknir undir stjórnina.

Um svokallaðan IPA-styrk er að ræða, en þeir standa til boða þjóðum sem eiga í aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Fyrir styrkinn átti að kaupa tæki til að mæla skordýraeitur og önnur efni í matvælum með það að markmiði að uppfylla skilyrði matvælalöggjafar ESB eins og Alþingi samþykkti í fyrravor.

Friðrik segir að eftir á að hyggja hafi ekki verið rétt að sækja um styrkinn. Hann segir að viðskiptalegar forsendur fyrir því að koma sér upp þeim tækjabúnaði sem átti að kaupa og starfsfólki til að nýta hann hafi ekki verið til staðar.

Ætlunin var að rukka Matvælastofnun og aðra fyrir rannsóknir með nýja tækjabúnaðinum, en stofnunin ber ábyrgð á að skilyrði matvælalöggjafarinnar séu uppfyllt. Friðrik segir að of mikil óvissa hafi verið um tekjur til að hættandi væri á að kaupa tækin. Þá hafi verið líkur á að Matís þyrfti að borga tekjuskatt af styrknum.

Nú er ljóst að Matvælastofnun verður að leita til rannsóknarstofa utan landsteinanna til að sinna þessum rannsóknum.

Friðrik segir að pólitísk afstaða Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hafi ráðið miklu um að umsóknin hafi verið dregin til baka. Hann segir Jón ekki hafa gert neitt til að hafa sjálfur áhrif á ákvörðun stjórnarinnar, en horfa verði til þess að Jón fari með hlut ríkisins í Matís og því skipti hans afstaða miklu.

„Það er alltaf þannig í stórum álitamálum að menn verða að leggja eyrun við jörðina og hlusta eftir því hvort starfsemin sé í samræmi við það sem eigandinn reiknar með,“ segir Friðrik. „Það þurfti ekki sérstaka tilskipun [...] við þurftum bara að horfa á pólitískar aðstæður.“

**brjann@frettabladid.is**



**MÆLINGAR** Nota átti tækin, sem kaupa átti fyrir styrk ESB, meðal annars til að mæla skordýraeitur í matvælum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



> Það er alltaf þannig í stórum álitamálum að menn verða að leggja eyrun við jörðina og hlusta eftir því hvort starfsemin sé í samræmi við það sem eigandinn reiknar með.
>
> **FRIÐRIK FRIÐRIKSSON**
> STJÓRNARFORMAÐUR MATÍS




Talsverð röskun var enn í gær á samgöngum á Norðurlöndum í kjölfar óveðurs:

# Óveðrið kostaði fjóra lífið í Noregi

**NORÐURLÖND** Talsverð röskun var enn á samgöngum á Norðurlöndum, Lettlandi og Eistlandi í gær í kjölfar óveðursins sem gekk yfir á þessum slóðum um helgina. Í Svíþjóð, þar sem tugir þúsunda voru enn án rafmagns, höfðu tré sem rifnuðu upp með rótum eða brotnuðu í óveðrinu fallið á lestarteina og í Noregi var hluti aðaljárnbrautarleiðarinnar til Bergen hulinn þriggja metra djúpri aurskriðu.

Tveir menn drukknuðu undan suðvesturströnd Noregs en þeir höfðu verið að taka myndir af óveðrinu og tveir aðrir létu einnig lífið af völdum óveðursins.

Í Finnlandi voru tugir þúsunda án rafmagns í fyrrinótt en rafmagnslaust varð eftir að tré höfðu fallið á rafmagnslínur. **- ibs**



**HAUSTLÆGÐ** Ölduhæðin við Noregsstrendur var 20 metrar í óveðrinu sem gekk yfir um helgina. NORDICPHOTOS/AFP

Kynntu þér fjármögnunarleiðir Bíla- og tækjafjármögnunar Landsbankans á www.landsbankinn.is eða í síma 569 2000



**Audi Q7 4.2**
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 40.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð
**8.790.000,-**

# NÝLEGIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**Toyota Land** Cruiser
Árgerð 2010, dísel
Ekinn 52.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**8.490.000,-**



**Honda** Accord Executive
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 48.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**3.590.000,-**



**Audi A4** 1,8T
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 62.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**4.780.000,-**



**MM Outlander**
Intense Árgerð 2010, bensín
Ekinn 22.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**4.500.000,-**



**VW Tiguan** Sport & style
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 40.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**4.590.000,-**



**VW Golf** Trendl 1,4
Árg. 2010, bensín
Ekinn 38.500 km, beinsk.
Ásett verð
**2.790.000,-**



**Toyota** Land Cruiser 120
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 74.200 km, sjálfsk.
Ásett verð
**6.790.000,-**



**Toyota Prius**
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 98.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**2.390.000,-**

Tilboðsverð



**VW Touareg** V10 TDi
Árgerð 2004, dísel
Ekinn 149.000 km, sjálfsk.
Ásett: 3.950.000
Tilboðsverð
**3.650.000,-**

Tilboðsverð



**Mercedes-Benz**
ML500 Árgerð 2002, bensín
Ekinn 102.000 km, sjálfsk.
Ásett: 2.850.000
Tilboðsverð
**2.290.000,-**

Tilboðsverð



**Hyundai I30**
Árg. 2010, bensín
Ekinn 46.000 km, beinsk.
Ásett: 1.990.000
Tilboðsverð
**1.790.000,-**

Tilboðsverð



**MMC Lancer** Intense
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 42.000 km, beinsk.
Ásett: 2.690.000
Tilboðsverð
**2.390.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
heklanotadirbilar.is

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvar er spáð 18 gráðu frosti á morgun?
2. Hver er flutningsmaður þingsályktunartillögu um bann við kaupum útlendinga á jörðum?
3. Hvar hélt hljómsveitin Mínus tónleika nýverið?

SVÖR:

1. Á Hvanneyri 2. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir 3. Í St. Pétursborg í Rússlandi

Fyrrverandi framkvæmdastjóri Leikfélags Akureyrar segir ásökun um fjárdrátt fásinnu:

# Telur aðdróttanir ærumeiðandi

**MENNING** Fyrrverandi framkvæmdastjóri Leikfélags Akureyrar ætlar að skoða réttarstöðu sína vegna þess sem hann kallar ærumeiðandi aðdróttanir í skýrslu um ófarir leikfélagsins.

Egill Arnar Sigurþórsson, sem gegndi starfi framkvæmdastjóra frá ágúst 2008 til júlíloka 2011, segir í yfirlýsingu sem send var fjölmiðlum að ekki sé hægt að skilja orðalag í skýrslunni öðruvísi en að þar sé hann sakaður um fjárdrátt. Það segir hann algera fásinnu, hann hafi greitt af eigin reikningi til að standa skil á greiðslum fyrir félagið.

Egill segir að hann beri ekki einn ábyrgð á slæmri stöðu leikfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana hafi aðeins verið gert ráð fyrir öruggum tekjum, og því hafi þurft að velja góð leikverk til að stoppa í stórt gat. Það hafi ekki tekist.

Þá segir Egill leikstjóra félagsins hafa valið að fara með sýningu til Reykjavíkur og setja upp Rocky Horror þrátt fyrir varnaðarorð sín og annarra hjá félaginu.

„Ég skorast ekki undan því að taka ábyrgð á því sem mér ber í þessu sambandi en það virðist deginum ljósara að enginn annar þeirra sem höfðu aðkomu að málinu telur sig þurfa að gangast við sinni ábyrgð,“ segir Egill í yfirlýsingu sinni. - bj



**LEIKFÉLAG** Tap á rekstri Leikfélags Akureyrar á síðasta ári nam um 67 milljónum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/SUNNA

Fiskabein sýna þróun veiða:

# Veitt með öngli fyrr en talið var

**VÍSINDI Nýfundnir steingervingar benda til þess að mannfólkið hafi veitt djúpsjávarfiska með færi og önglum af bátum löngu fyrir þann tíma sem talið var að slík veiðarfæri hafi verið þróuð.**

**Steingerð bein af túnfiskum og hákörlum sem fundust í helli á eyjunni Austur-Tímor í Kyrrahafi sýna að fólk gat veitt þessar tegundir fyrir 42 þúsund árum, samkvæmt grein sem fram kemur í vísindaritinu Science. Elstu önglar sem fundist hafa eru um 23 þúsund ára gamlir og eru gerðir úr skeljum.**

**Þróun fiskveiða er talin mikilvæg þar sem hún gefur innsýn í notkun fólks á bátum.** - bj

Viðsnúningur í rekstri OR frá sama tíma á síðasta ári:

# Tap nú 5,3 milljarðar

**ORKUMÁL** Orkuveita Reykjavíkur (OR) tapaði ríflega 5,3 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Það er talsverður viðsnúningur frá sama tímabili í fyrra þegar hagnaðurinn var tæplega 17 milljarðar króna. Þetta kemur fram í árshlutareikningi OR sem lagður var fram í gær.

Þrátt fyrir þetta var afkoma af reglulegri starfsemi betri en á síðasta ári. Rekstrartekjur tímabilsins námu 24,4 milljörðum króna en voru 19,4 milljarðar á sama tímabili í fyrra. Heildareignir OR voru 291,7 milljarðar, en voru 286,5 milljarðar á sama tíma í fyrra.

Auknar tekjur og aðhald í rekstri skýra betri afkomu, að því er fram kemur í tilkynningu frá Orkuveitunni. Á móti kemur óhagstæð gengisþróun og lækkun álverðs sem hefur haft verulega neikvæð áhrif á stöðu félagsins.

Haldbært fé frá rekstri OR nam 14,1 milljarði króna, og hækkaði um 4,3 milljarða króna frá fyrstu níu mánuðum síðasta árs samkvæmt árshlutareikningnum.

Í tilkynningu frá OR segir að vel hafi gengið að ná tökum á rekstrinum og skera niður kostnað. Það sé lykilatriði að fyrirtækið standi við þá aðgerðaráætlun sem gerð hafi verið í samstarfi við eigendur þess í vor. Þar segir jafnframt að þróun ytri þátta á borð við álverð og gengi sýni að fyrirtækið sé enn of viðkvæmt fyrir sveiflum af því tagi. - bj



**FORSETAFRAMBJÓÐANDI Í BIÐRÖÐINNI** Amr Moussa, einn forsetaframbjóðenda og fyrrverandi leiðtogi Arababandalagsins, í biðröðinni fyrir utan einn kjörstaðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Langþráðar kosningar hófust í gær

**Kjósendur fjölmenntu á kjörstaði í Egyptalandi í gær og biðraðir mynduðust víða. Þetta var fyrsti kjördagurinn í meira en þriggja mánaða löngu kosningaferli. Mótmælendur neita að taka þátt.**

**EGYPTALAND** Biðraðir tóku að myndast fyrir utan kjörstaði í Egyptalandi snemma í gærmorgun þegar langþráðar kosningar hófust í landinu. Víðast hvar virtist stemningin vera góð. Fólk var ánægt með að fá að greiða atkvæði í kosningum, sem talist geta nokkurn veginn frjálsar en áratugum saman hefur litlu skipt hvernig atkvæði féllu.

„Áður var tilgangslaust að kjósa. Raddir okkar skiptu nákvæmlega engu máli,“ hafði franska fréttastofan AFP eftir konu í Kaíró, sem var að greiða atkvæði í fyrsta sinn á ævinni.

Margir kjósendur þurftu reyndar að bíða nokkuð lengi. Kjörstaðir voru ekki allir opnaðir á réttum tíma, sums staðar vegna þess að kjörseðlar voru ekki komnir á staðinn í tæka tíð.

Á Tahrir-torgi, þar sem þúsundir mótmælenda hafa hreiðrað um sig, var þó ekkert fararsnið á fólki. Enginn ætlaði að taka þátt í þessum kosningum af andstöðu við herforingjastjórnina, sem þeim finnst ekki hafa staðið sig í að koma á þeim lýðræðisumbótum sem byltingin í byrjun árs krafðist.

Mótmælendur krefjast þess að herforingjastjórnin afhendi völd sín strax til borgaralegrar bráðabirgðastjórnar, og telja að kosningarnar verði í raun tilgangslitlar meðan herforingjarnir halda enn um valdataumana.

Þetta var þó aðeins fyrsti kjördagurinn í löngu kosningaferli, sem lýkur ekki fyrr en rétt fyrir miðjan mars. Neðri deild nýkjörins þings kemur fyrst saman 17. mars en efri deildin viku síðar.

Skoðanakannanir benda allar til þess að Frelsis- og réttlætisflokkurinn fái flest atkvæði, varla minna en 20 prósent, en sá flokkur var stofnaður af Bræðralagi múslima, samtökum heittrúaðra múslima, sem leggur áherslu á að haft mikil áhrif í Egyptalandi þrátt fyrir að hafa verið að miklu leyti í ónáð stjórnvalda.

Næststærsti flokkurinn verður að öllum líkindum Wafd-flokkurinn, sem leggur áherslu á að tryggja bæði markaðsfrelsi og borgaraleg réttindi, þar á meðal trúfrelsi og jafnrétti kynjanna.

gudsteinn@frettabladid.is

## Flókið kosningakerfi

Kosningafyrirkomulagið er harla flókið. Fyrst er kosið til neðri deildar þingsins í þremur áföngum og síðan til efri deildarinnar, einnig í þremur áföngum. Í hverjum áfanga er kosið í níu af 27 héruðum landsins. Hverjum áfanga er þar að auki skipt upp í fyrri og seinni umferð, þannig að alls verður gengið tólf sinnum til kosninga og dreifast kjördagarnir á rúma þrjá mánuði, sem hér segir:

**Kosningar til neðri deildar**
- 1. áfangi (9 héruð af 27): Fyrri umferð 28.-29. nóv., seinni umferð 5.-6. des.
- 2. áfangi (9 héruð af 27): Fyrri umferð 14.-15. des., seinni umferð 21.-22. des.
- 3. áfangi (9 héruð af 27): Fyrri umferð 3.-4. jan., seinni umferð 10.-11. jan.

**Kosningar til efri deildar**
- 1. áfangi (9 héruð af 27): Fyrri umferð 29. jan., seinni umferð 5. feb.
- 2. áfangi (9 héruð af 27): Fyrri umferð 14. feb., seinni umferð 21. feb.
- 3. áfangi (9 héruð af 27): Fyrri umferð 4. mars, seinni umferð 11. mars.

www.meiraprof.is
Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

Skjót leið
til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN
KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK
ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00






Tilboð gilda til og með 04.12.11

# Alltaf pláss fyrir góða bók

## Ómissandi þáttur í jólahaldi bókaþjóðar

Skiptimiðinn

Eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*



**FYLGJAST MEÐ KÖRFUBOLTA** Barack Obama Bandaríkjaforseti gæðir sér á pylsu meðan hann og Michelle eiginkona hans fylgjast spennt með körfuboltaleik. NORDICPHOTOS/AFP

Bólusetningar gegn leghálskrabbameini án endurgjalds að 18 ára aldri í Svíþjóð:

# Lyfin talsvert dýrari á Íslandi

**HEILBRIGÐISMÁL** Stúlkur, undir 18 ára aldri, fá bólusetningu í Lundi í Svíþjóð án þess að borga krónu hafi bólusetningin hafist áður en þær urðu 18 ára. Á Íslandi fá aðeins 12 og 13 ára stúlkur sams konar bólusetningu sér að kostnaðarlausu.

Þær sem eru eldri geta keypt lyf vegna bólusetningarinnar í apótekum. Framvísa þarf lyfseðli þegar lyfin eru keypt en þrír skammtar eru nauðsynlegir.

Hjá Lyfju kostaði skammturinn af lyfinu Cervarix fyrir helgina 21.532 krónur en hver skammtur er hálfur millilítri. Skammtur af lyfinu Gardasil kostaði 23.937 krónur. Hjá Apoteket í Svíþjóð kostaði hálfur millilítri af Cervarix í gær 583 sænskar krónur, jafngildi tæpra 10.000 íslenskra króna. Skammturinn af Gardasil kostaði 884 sænskar krónur, jafngildi rúmlega 15.000 íslenskra.




**CERVARIX** Lyfið er mun dýrara hér á landi en í Svíþjóð.

Þórólfur Guðnason, yfirlæknir hjá sóttvarnalækni, segir hvert land hafa sinn háttinn á bólusetningunum. „Þetta fer eftir því fjármagni sem menn hafa. Það kom til tals að fleiri árgangar fengju bólusetningu sér að kostnaðarlausu en fjárveitingin dugði ekki.“

Þórólfur segir að upphaflega hafi menn haldið að einungis yrði hægt að bjóða einum árgangi bólusetningu án endurgjalds. Það hafi hins vegar verið hægt að bæta öðrum við. **- ibs**

Faldi efnin innvortis:

# Tíu mánuðir fyrir dópsmygl

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í tíu mánaða fangelsi fyrir fíkniefnalagabrot.

Maðurinn smyglaði í lok september 378 grömmum af kókaíni til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni. Fíkniefnin flutti hann til Íslands frá New York, falin í líkama sínum.

Maðurinn játaði brot sitt fyrir dómi. Auk fangelsisrefsingarinnar var honum gert að greiða sakarkostnað og málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns. **- jss**

Grunaður um myndatökur:

# Starfsmaður laugar kærður

**LÖGREGLUMÁL Fyrrverandi starfsmaður Sundlaugarinnar í Varmahlíð hefur verið kærður til lögreglu vegna gruns um að hafa tekið myndir inni í kvennaklefa sundlaugarinnar með földum farsíma.**

**Manninum var vikið úr starfi þegar vaknaði grunur um myndatökurnar, en hann hafði unnið töluverðan tíma í sundlauginni. Á fréttavefnum Feyki kemur fram að málið hafi vakið hörð viðbrögð íbúa svæðisins, meðal annars vegna þess að það hafi ekki verið kært strax, heldur reynt að leysa það innanhúss. Maðurinn var þó kærður fyrir um tveimur vikum en eftir að lögreglan á Sauðárkróki hafði tekið skýrslu af honum var málið sent til rannsóknar hjá lögreglunni á Akureyri. - sv**

ESB vill miðlægar reglur um gagnavernd og netið:

# Settar verði strangari reglur um félagsvefi

**BELGÍA, AP** „Fyrirtæki hafa sérstaka ábyrgð þegar helsta tekjulind þeirra eru persónugögn,“ sagði Viviane Reding, sem fer með dómsmál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.



**VIVIANE REDING**

Hún kynnti í gær hugmyndir sínar um nýjar Evrópusambandsreglur um gagnavernd og netþjónustufyrirtæki, sem kæmu í staðinn fyrir misgamlar og misúreltar reglur einstakra aðildarlanda.

Samkvæmt tillögum hennar þurfa fyrirtæki á borð við Facebook og Google, sem reka félagslega vefþjónustu, að efla mjög gagnsæi starfsemi sinnar. Meðal annars þyrftu þau að upplýsa notendur sína um það hvaða gögnum er safnað um þá, hvernig þau eru notuð og hvernig þau eru geymd.

Reding segir að það muni auðvelda fyrirtækjunum í þessu efni ef settar verða samræmdar reglur fyrir öll Evrópusambandslöndin, frekar en að mismunandi lög gildi í aðildarríkjunum sem nú eru 27 orðin.

„Ég vil draga mjög úr allri skriffinnskunni,“ segir hún.

Núverandi gagnaverndarlög Evrópusambandsins eru frá árinu 1995, eða frá því löngu fyrir tíma netþjónustufyrirtækja á borð við Facebook og Google. **- gb**



**Í HÉRAÐSDÓMI** Aðalmeðferð í máli tveggja Vítisengla gegn íslenska ríkinu fór fram í gær.




# Vítisengill gaf símaskýrslu úr fangaklefa

**Norskur Vítisengill gaf skýrslu símleiðis fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Hann hefur ásamt landa sínum höfðað mál á hendur íslenska ríkinu, en þeim var báðum vísað úr landi á síðasta ári.**

**DÓMSMÁL** Norðmaðurinn og Vítisengillinn Jan Anfinn Wahl gaf skýrslu símleiðis fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, þar sem hann sat í fangelsi á Suðurnesjum eftir að hafa verið handtekinn við komuna til landsins í fyrrakvöld.

Aðalmeðferð í máli hans og annars Vítisengils, Leifs Ivars Kristiansen, á hendur íslenska ríkinu fór fram í gær. Leif Ingvar er foringi norsku Vítisenglanna. Hann var fyrr á árinu dæmdur í heimalandi sínu í fjögurra og hálfs árs fangelsi fyrir fíkniefnamisferli og rán og afplánar nú þann dóm.

Mennirnir tveir komu hingað til lands í febrúar 2010 en voru stöðvaðir í Leifsstöð á Keflavíkurflugvelli og vísað brott af landinu í framhaldi af því. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið staðfesti ákvörðun Útlendingastofnunar um brottvísun og mennirnir höfðuðu skaðabótamál á hendur íslenska ríkinu.

Við töku símaskýrslunnar í gær kvaðst Jan Anfinn, spurður hvað hann starfaði, vera matsmaður hjá ríkiseignum Noregs og sagðist vera háskólamenntaður sem slíkur.

„Ég hef aldrei verið dæmdur né ákærður og hef engan sakaferil að baki,“ sagði hann.

Varðandi erindi sitt hingað í febrúar á síðasta ári kvaðst hann hafa haft tengsl við Ísland frá því að hann var í 7. bekk í grunnskóla. Þessi tímasetning heimsóknarinnar hefði hentað vel, hann hefði verið í próflestri og mánuður til prófa. Svo hefði efnahagsástandið verið með þeim hætti hér að hagstætt hefði verið að koma til landsins.

> Þetta hafði vissulega áhrif á viðhorf til þessa lands sem mig hafði lengi langað að koma til.
>
> **JAN ANFINN WAHL**
> VÍTISENGILL FYRIR HÉRAÐSDÓMI.

„Ég ætlaði að heilsa upp á félagana í mótorhjólaklúbbnum,“ sagði hann en bætti við að það væri af og frá að heimsóknin hefði verið í tengslum við Vítisengla og væntanlega inngöngu Fáfnis í samtökin.

Jan Anfinn sagði enn fremur að þetta hefði verið í fyrsta skipti á ævinni sem hann hefði verið handtekinn.

„Mér þótti þetta mjög slæmt,“ sagði hann og bætti við að lögregla hefði þá tjáð sér að hann gæti hugsanlega orðið að sæta gæsluvarðhaldi í tvær eða þrjár vikur.

„Þetta hafði vissulega áhrif á viðhorf til þessa lands sem mig hafði lengið langað að koma til. Ég var vistaður í sama klefa og ég er í nú,“ bætti hann við.

Hann sagði erindi sitt til landsins í fyrrakvöld hafa verið að gefa skýrslu fyrir dómi.

Ákvörðun var tekin í gærdag um að vísa Jan Anfinn aftur úr landi.

jss@frettabladid.is

# FYRIR FAGMENN UM JÓLIN

TOPTUL
THE MARK OF PROFESSIONAL TOOLS

# SINDRI

## VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA

TILBOÐ
FYRIR FAGMENN UM JÓLIN



IBTGCAI5102
**TOPP, BITA OG SEXKANTASETT.**
51 STK. 1/4" 4 - 14 mm
Fullt verð 10.350 kr
**7.900** m/vsk



IBTGCAI9402
**TOPPLYKLA OG BITASETT.**
94 STK. 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Fullt verð 24.600 kr
**16.900** m/vsk



IBTGCAI130B
**VERKFÆRASETT 130 STK.**
Fastir lyklar, bitar. Millimetra og tommu-toppar.
Fullt verð 37.900 kr
**26.900** m/vsk



IBTJGAI4001
**SNITTTAPPA, OG BAKKASETT.**
3 - 12 mm
**9.900** m/vsk

LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ Á TOPPUM OG FÖSTUM LYKLUM.



IBTGAAI5502
**TOPPLYKLA, OG BITASETT.**
55 STK. 1/2" 10 - 32mm
Fullt verð 21.600 kr
**14.900** m/vsk



IBTGCAI6001
**TOPPLYKLA, OG BITASETT.**
60 STK. 3/8" 6 - 24mm
Fullt verð 16.900 kr
**11.900** m/vsk



IBTGCAI2802
**TOPPLYKLASETT 28 STK.**
1/2" 8 - 32 mm
Fullt verð 14.900 kr
**9.900** m/vsk

TILBOÐ
FYRIR FAGMENN UM JÓLIN



IBTGAAI4201
**TOPP, OG FASTLYKLASETT.**
1/2"
Fullt verð 19.900 kr
**13.900** m/vsk

TILBOÐ
FYRIR FAGMENN UM JÓLIN





**129.900** m/vsk
Fullt verð 159.900

**158 STK - VERKFÆRAVAGN.**
Fastir lyklar, topplyklasett, tangir, skrúfjárn og fl.

10.000 KR KAUPAUKI
*TOPTUL VERKFÆRI AÐ EIGIN VALI



**44.900** m/vsk

*Gildir ekki á tilboðsvörum

**VINNUBORÐ Á HJÓLUM.**
Með skúffu og hillu - TOPTUL verkfærabakkar passa í skúffuna

www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík    Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

Með fyrirvara um villur - Tilboð gilda í desember eða á meðan birgðir endast



**APAVEISLA Í TAÍLANDI** Api nokkur gæðir sér á ávöxtum fyrir utan gamalt hof í Taílandi, þar sem árlega er efnt til mikillar átveislu fyrir apa.
NORDICPHOTOS/AFP

Forsætisráðherra Búlgaríu:

## Tilnefndur sem besti leikmaður

**BÚLGARÍA, AP** Búlgarski forsætisráðherrann Boiko Borisov er í öðru sæti í vali á knattspyrnumanni ársins, samkvæmt nýlegri skoðanakönnun. Skammt undan Borisov í efsta sætinu er Dimitar Berbatov, framherji Manchester United. Í þriðja sæti er Stilyan Petrov, leikmaður Aston Villa, og í því fjórða er Nikolay Mihaylov, markvörður hjá Twente. Hinn 52 ára Borisov spilar fótbolta með áhugamannaliðinu Vitosha Bistritsa og er þetta í fyrsta sinn sem áhugamaður fær atkvæði í valinu.



BOIKO BORISOV

Atkvæðagreiðslu almennings lýkur 4. desember. Eftir það munu íþróttafréttamenn velja besta leikmanninn úr tíu manna hópi.
- fb

### LÖGREGLUFRÉTTIR

#### Ákærður fyrir aksturslag

Karlmaður hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Honum er gefið að sök að hafa ekið bifreið um bifreiðastæði við verslun 10/11 við Arnarbakka í Reykjavík, óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa fíkniefna og sviptur ökurétti.

**FRÉTTASKÝRING:** Framtíð fiskveiðistjórnunarkerfisins

# Meiri áhersla á byggðamál

**Frumvarpsdrög starfshóps Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, að fiskveiðistjórnunarlögum hafa sætt gagnrýni fyrir verklag ráðherra, en ekki er að sjá efnislegar grundvallarbreytingar frá „Stóra kvótafrumvarpinu“ sem lagt var fram síðasta vor. Þó eru þættir tengdir byggðasjónarmiðum fyrirferðarmeiri í nýju drögunum.**

Stóra kvótafrumvarpið fékk óblíðar viðtökur eftir að það var lagt fram í vor, þar sem hagsmunaaðilar eins og sjómenn, útgerðarmenn og aðilar vinnumarkaðarins lýstu yfir efasemdum um ágæti þeirra breytinga sem þar komu fram. Þá töldu hagfræðingar sem gerðu úttekt á frumvarpinu, sýnt að hagræn áhrif þess gætu orðið neikvæð á margan hátt.

Var því svarað til, meðal annars af þáverandi formanni sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, að einnig ætti að horfa til byggðasjónarmiða í lögum um fiskveiðistjórnunarkerfið.

Hugmyndir starfshóps Jóns Bjarnasonar, sem settar voru á vef sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis á laugardag, eru einmitt frábrugðnar fyrra frumvarpi að því leyti að byggðasjónarmiðum er gert hærra undir höfði.

Helstu málin sem deilt var á í fyrra frumvarpinu lutu að nýtingartíma, veiðigjaldi, takmörkunum á heildaraflahlutdeild og framsali. Auk þess var sett út á hversu mikill hluti aflaheimilda var settur í svokallaða potta, ráðherra til ráðstöfunar.

Ekki er að sjá að nýju hugmyndirnar taki stór skref til að svara gagnrýninni.

Nýtingartíminn er þó rýmkaður frá því sem áður var. Drögin gera ráð fyrir 20 ára nýtingartíma, en hann er mögulegt að framlengja um 15 ár. Í frumvarpinu í vor var hins vegar gert ráð fyrir 15 ára nýtingartíma og möguleika á átta ára framlengingu.

Einnig sætti gagnrýni fyrirhuguð ráðstöfun á aflaheimildum færu þær umfram ákveðið mark. Færu heimildir í þorski til dæmis upp fyrir 160 þúsund tonn, færi um helmingur af aukaheimildum í pottakerfi, en í drögunum að þessu sinni er miðað við 202 þúsund tonn. Sú aukning átti að hluta til að fara í strandveiðar, en einnig til ráðstöfunar til aðgerða í byggðamálum og loks í leigu á markaði. Nýju drögin slá hins vegar út strandveiðiákvæðið og skipta heimildum jafnt niður milli byggðamála og í útleigu.

Þá gera drögin ráð fyrir að sveitarfélögin fái í sinn hlut 40% af innheimtum veiðigjöldum, en frumvarpið gerði ráð fyrir 30%. Spurningunni um veiðigjald er þó ekki svarað, en á meðan frumvarpið gerði ráð fyrir 19% gjaldi á framlegð fyrirtækja, segir í athugasemdum með nýju drögunum að þar sem ráðuneytin vinni að heildarútfærslu á skattlagningu á sjávarútveginn sé ekki tímabært að ákveða gjald að sinni.

Ein helsta breytingin felst mögulega í stofnun kvótaþings Fiskistofu sem mun hafa yfirsjón með kaupum og leigu á kvóta, en nokkrar undanþágur verða þó á því.

## Ólína: „Enginn grunnur að sátt“



Ólína Þorvarðardóttir, þingkona Samfylkingar, og fulltrúi í atvinnuveganefnd, segir frumvarpsdrögin ekki koma til móts við greinargerð sem formaður og varaformaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd sendu ráðherra síðastliðið haust. „Við lögðum fram tillögur um breytingar, en ég fæ ekki séð af þessum drögum að hann hafi nokkuð orðið við því, sem heitið getur. Þetta er í mínum huga enginn grunnur að sátt í þessu máli. Maður spyr sig hversu lengi má þynna þetta frumvarp út, því það verður sífellt marklausara.“

Ólína segir málið vera það mikilvægasta sem ríkisstjórnin hafi lagt upp með og fyrirheit sem flokkarnir verði að standa við. Hún vonast til þess að hreyfing komist á málið undir stjórn Guðbjarts Hannessonar og Katrínar Jakobsdóttur. „Ég vona að við stjórnarþingmenn fáum að ljúka málinu og leggja okkar mark á þessa vinnu eins og við höfðum kosið.“

## LÍÚ: Nýtingartími verði minnst 30-40 ár



„Við erum alfarið ósátt við þessar hugmyndir,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, sem gerir miklar athugasemdir við frumvarpsdrögin, meðal annars um nýtingartímann sem þyrfti að vera mun lengri. „Nýtingartíminn hefur gríðarleg áhrif á rekstur fyrirtækjanna og fjármögnunarmöguleika. Við útgerðarmenn erum með stjórnarskrárvarinn rétt sem verður ekki tekinn af okkur, en höfum hins vegar fallist á að breyta ótímabundnum rétti í tímabundinn. Þá er mikilvægt að samningstíminn sé nógu langur og framlengingarréttur sé skýr. Í þessu samhengi má benda á orkugeirann þar sem afnotasamningar eru miklu lengri og rætt um 30 til 40 ár í því samhengi. Við teljum sanngjarnt að í sjávarútvegi verði miðað við sama tíma og í orkumálum.“

Miðað við viðbrögð samherja Jóns í ríkisstjórn er ekki að sjá að þessi drög verði undirstaða að endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu, en það gefur þó innsýn í stefnu ráðherra að byggðasjónarmið verði veigamikil, muni hann koma að því ferli yfirhöfuð.

**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is



### Breytingar á hugmyndum um fiskveiðikerfi

**Nokkrar breytingar er að sjá frá „Stóra kvótafrumvarpinu“ sem lagt var fram í vor og drögum starfshóps Jóns Bjarnasonar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.**

| Málefni | Frumvarpið frá í vor | Frumvarpsdrög starfshóps ráðherra |
|---|---|---|
| Nýtingartími | 15 ár með möguleika á 8 ára framlengingu | 20 ár með möguleika á 15 ára framlengingu |
| Aflamagn í strandveiðar | 6.000 tonn af þorski + möguleiki á allt að 2.400 tonnum með öðrum leiðum. | 6.800 tonn af þorski + 1.800 tonn af ufsa. |
| Ráðstöfun viðbótarafla | Fari heildarþorskafli umfram 160 þúsund tonn fer um helmingur til ráðstöfunar ríkisins. | Fari heildarþorskafli umfram 202 þúsund tonn fer helmingur til ráðstöfunar ríkisins. |
| Línuívilnun | 3.350 tonn af þorski, ekki tekið fram varðandi aðrar tegundir | 3.400 tonn af þorski, 2.100 tonn af ýsu og 900 tonn af steinbít. |
| Veiðigjald | 19% af framlegð sjávarútvegsfyrirtækja | Óbreytt frá núgildandi lögum (9,5%) en ráðherranefnd er að skoða málið. |
| Veðsetning aflaheimilda | Bönnuð | Ekki tekið fram |
| Hámarksþorskaflahlutdeild félaga | 12% | 8% |

**Meðal annarra atriða má nefna að í drögum vinnuhóps ráðherra er gert ráð fyrir að framsal á aflaheimildum fari í gegnum kvótaþing sem er undir Fiskistofu, en með undantekningum þó.**

Alltaf nóg að gera fyrir jólin!



▸ Góðir posar á hagstæðum kjörum
▸ Þjónusta allan sólarhringinn
▸ Viðskiptavinir á landsbyggðinni fá senda posa sér að kostnaðarlausu

**Mundu að panta posa fyrir jólaverslunina**
á www.borgun.is eða í síma 560 1600.

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is

BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Orkuveitan vill tilnefningar:

# Viðurkenningar fyrir skreytingar

**FÓLK** Orkuveita Reykjavíkur hyggst veita viðurkenningar fyrir fallegustu jólaskreytingarnar fyrir jólin líkt og undanfarin ár.

Samkeppni Orkuveitunnar nær til dreifisvæðis hennar, í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Mosfellsbæ, á Seltjarnarnesi og Akranesi.

Orkuveitan óskar eftir tilnefningum almennings á fegurstu, smekklegustu og snotrustu skreytingunum. Tilnefningar er hægt að senda inn í gegnum heimasíðuna or.is. - þeb

Euler Hermes, stærsta greiðslutryggingafyrirtæki heims hefur aflétt lokun á viðskipti við íslensk fyrirtæki:

# Opna á viðskipti við íslensk fyrirtæki á ný

**EFNAHAGSMÁL** Stærsta greiðslutryggingafyrirtæki heims, Euler Hermes, hefur hafið viðskipti við íslensk fyrirtæki á ný. Fyrirtækið lokaði á viðskipti við íslensk fyrirtæki í kjölfar bankahrunsins.

Euler Hermes tilkynnti íslenska innflutningsfyrirtækinu Innnes þetta fyrir helgi en Innnes hefur allt frá hruni staðið fyrir reglulegri upplýsingagjöf til Euler Hermes um stöðuna á Íslandi.

„Ég efast um að margir átti sig á því hvað þetta er örugglega búið að valda mörgum fyrirtækjum á Íslandi miklum erfiðleikum,“ segir Haraldur Jónsson, forstjóri Innnes, og bætir við: „Nokkrir af mínum birgjum fara með öll sín viðskipti í gegnum Euler Hermes og frá 2008 höfum við þurft að greiða þessum birgjum annaðhvort með staðgreiðslu eða þá hafa bankaábyrgð á greiðslunum. Þetta hefur kostað okkur talsverða fjármuni.“



HARALDUR JÓNSSON

Innnes hefur nú endurheimt sömu greiðslufresti og það hafði fyrir hrun en fyrirtækið skiptir við um 100 erlenda birgja um allan heim. Haraldur bætir þó við að margir þeirra hafi sýnt stöðu Innnes skilning eftir að bankahrunið varð og ekki breytt kjörum fyrirtækisins. Þá segir hann að þrátt fyrir að Innnes hafi nú hafið viðskipti við Euler Hermes á ný sé ekki sjálfgefið að fyrirtækið hefji aftur viðskipti við öll önnur íslensk fyrirtæki.

Tvö önnur greiðslutryggingafyrirtæki, Astradius og Coface, hafa átt í takmörkuðum viðskiptum við íslensk fyrirtæki síðustu misseri. Euler Hermes er hins vegar stærst á þessu sviði og margir erlendir birgjar eru aðeins með tryggingasamninga við Euler Hermes. Ákvörðun Euler Hermes hefur því mikla þýðingu fyrir fyrirtæki á borð við Innnes. - mþl



**JÓLAHAFUR Á ÍSLANDI** IKEA á Íslandi setti upp hafur í fyrra, sem varð svo eldi að bráð líkt og fyrirmyndirnar í Svíþjóð.

Oftast kveikt í hafrinum:

# Frægasti hafur Svíþjóðar

**SVÍÞJÓÐ** Gävle-hafurinn hefur verið settur upp í bænum Gävle í Svíþjóð, eins og venja er í upphafi aðventu. Hafur hefur verið reistur á aðaltorgi bæjarins ár hvert síðan 1966.

Oftar en ekki hefur verið kveikt í hafrinum áður en jólin ganga í garð. Bæði hafurinn og það að kveikja í honum eru hefðir í bænum. Brenni hann fyrir Lúsíuhátíðina 13. desember er nýr settur í staðinn.

Yfirvöld í bænum hafa gripið til ýmissa aðgerða til að reyna að koma í veg fyrir íkveikju, með misjöfnum árangri. Í fyrra var meiri öryggisgæsla en nokkru sinni fyrr í kringum hafurinn og hann þraukaði út aðventuna, þrátt fyrir að brennuvargar hafi reynt að múta öryggisvörðum. - þeb

Ógnuðu með hnífi:

# Undir tvítugu í vopnuðu ráni

**DÓMSMÁL** Tveir karlmenn, báðir innan við tvítugt, hafa verið ákærðir af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu fyrir rán.

Mönnunum er gefið að sök að hafa ruðst inn á heimili manns með andlit sín hulin og vopnaðir hnífi í því skyni að ná frá honum verðmætum. Annar ránsmannanna stóð yfir fórnarlambinu og ógnaði honum með hnífnum á meðan hinn safnaði saman verðmætum. Þeir hótuðu honum síðan lífláti ef hann segði frá því sem gerst hafði.

Mennirnir tveir höfðu á brott með sér tvær leikjatölvur, tölvuleiki, DVD-myndir og 5.000 krónur í reiðufé. - jss

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### 200 lítrar af gambra

Lögregla gerði tvö hundruð lítra af gambra upptæka á sveitabæ í Árnessýslu nýverið. Engin suðutæki fundust né tilbúið áfengi. Maður gekkst við því að eiga mjöðinn.

### Sleginn í andlitið

Maður var sleginn í andlitið fyrir utan Kaffi Rós í Hveragerði aðfaranótt sunnudags. Hann átti sér einskis ills von er maður gekk að honum og sló hann tvö hnefahögg. Maðurinn hlaut minni háttar áverka. Fyrir liggur hver árásarmaðurinn er.



# skoðun

greinar@frettabladid.is

VG vill hömlur á jarðakaup og hafa vit fyrir fólki:

# Góð byggðastefna?

Þegar Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra var bent á tvískinnunginn í því að hann synjaði Huang Nubo um undanþágu frá banni við fasteignakaupum útlendinga utan Evrópska efnahagssvæðisins, en EES-borgarar gætu keypt jarðir og aðrar fasteignir umyrðalaust, svaraði Ögmundur því til að hann vildi líka setja hömlur á fjárfestingar EES-borgara.

Nú hefur Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, flokkssystir ráðherrans, boðað þingsályktunartillögu um endurskoðun á öllu regluverki sem varði rétt útlendinga til að kaupa land á Íslandi, væntanlega til að fylgja þessu eftir. Hún segir í Fréttablaðinu í gær að eitt af markmiðunum sé að koma í veg fyrir kaup erlendra aðila sem ekki hafa hér lögheimili eða fasta búsetu á landi.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Með þessari breytingu væri botninn væntanlega dottinn úr EES-samningnum, sem kveður á um frelsi í fjárfestingum. Vinstri grænum er sama um það og þá væntanlega líka um hin gagnkvæmu réttindi til fasteignakaupa sem Íslendingar njóta í öðrum ríkjum EES.

Umræðan um hina hættulegu útlendinga, sem ágirnast Ísland, rifjar hins vegar upp hrakspárnar og bábiljurnar sem menn höfðu uppi áður en Ísland gerðist aðili að EES. Þá var því spáð að útlendingar myndu kaupa hér upp heilu sveitirnar án þess að landsmenn fengju rönd við reist. Til þess að draga úr líkum á slíku var reynt að setja „girðingar" í jarða- og ábúðarlög og þrengja að rétti landeigenda til að selja eignir sínar á frjálsum markaði. Í lög voru sett skilyrði um að til að fá að kaupa jörð yrðu menn að fá samþykki sveitarstjórna og jarðanefnda, hafa stundað landbúnað á Íslandi í tvö ár og þar fram eftir götum.

Tæpum áratug síðar kom tvennt í ljós. Annars vegar að áhyggjurnar af gífurlegri ásókn útlendinga í íslenzkar bújarðir voru fullkomlega ástæðulausar. Hins vegar að „girðingarnar" stuðluðu að því að menn fengu lægra verð en ella fyrir jarðirnar. Aukinheldur gerði ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, athugasemdir við ýmis ákvæði. Jarða- og ábúðarlögum var því breytt til frjálsræðisáttar í landbúnaðarráðherratíð Guðna Ágústssonar.

Jóni Bjarnasyni landbúnaðarráðherra þótti frelsið í viðskiptum með jarðir orðið heldur mikið. Hann hefur þess vegna látið vinna drög að lagafrumvarpi sem hækkar girðingarnar á ný, endurvekur ábúðarskyldu og þrengir skilgreiningu á landbúnaði þannig að þær jarðir einar teljist vera lögbýli, þar sem er stunduð matvælaframleiðsla. Þessar tillögur hafa Landssamtök landeigenda réttilega kallað aðför að eignarrétti og til þess fallnar að verðfella jarðir.

Stefna VG varðandi fjárfestingar í jörðum er með öðrum orðum þessi: Útiloka að útlendingar geti keypt jarðir. Það þýðir að stórar eignir, eins og til dæmis Grímsstaðir, geta áfram verið árum saman til sölu án þess að eigendurnir fái nokkurn tímann sanngjarnt tilboð í eign sína. Þrengja þar að auki skilyrði fyrir því að Íslendingar geti keypt jarðir, hafa vit fyrir fólki um það hvernig það nýtir eignir sínar, lækka þannig jarðaverð og hamla gegn því að önnur atvinnustarfsemi en hefðbundinn landbúnaður hasli sér völl á landsbyggðinni.

Ætli þetta sé alveg örugglega skilvirk byggðastefna?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Aldrei sterkari staða

Jón Bjarnason er ekki af baki dottinn. Hann er ráðherra sjávarútvegs- og landbúnaðarmála og sem slíkur ber hann ábyrgð á hugmyndum um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Nokkuð sem stjórnarflokkarnir hafa lagt umtalsverða áherslu á að náist í gegn og er ansi umdeilt mál. Á föstudaginn voru þau mál tekin af Jóni og sett í fangið á ráðherranefnd. Trauðla hefur það áður gerst að helsta viðfangsefni fagráðherra sé tekið af honum í hans óþökk og ekki væri óvarlegt að tala um vantraust í þessu efni. Forsætisráðherra hefur lýst yfir megnri óánægju með framgöngu Jóns og það hafa samflokksmenn hans einnig gert. En Jón metur stöðuna þannig að hann hafi aldrei verið sterkari. Ekki hefur ráðherrann mikið álit á eigin stöðu ef þetta er toppurinn á hans ferli.

### Stuðningur frá hægri

Athyglisvert er í þessari umræðu allri að þær hugmyndir sem er að finna í umdeildum frumvarpsdrögum sjávarútvegsráðherra gætu vel hugnast hægri armi Samfylkingarinnar. Þar er komið til móts við atvinnulífið að nokkru leyti. Sú staða er því uppi að hægri armur flokksins hefur hagsmuni af áframhaldandi setu Jóns í ráðherrastóli.



### Stjórnarandstöðuþingmaðurinn

Þingflokkar stjórnarflokkanna hafa löngum kallað eftir einhverjum tillögum í málinu en engar fengið. Þeir voru því hissa þegar tilvist starfshóps ráðherra var gerð opinber. Ekki síst vegna þess að þar var fyrrverandi félagi þeirra, Atli Gíslason, sem sagði sig úr þingflokki vinstri grænna í mars og úr flokknum í október. Eðlilega fannst stjórnarliðum skrítið að stjórnarandstöðuþingmaður væri meira inni í málinu en þeir.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Palestína – verkin tala

Palestína



Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra

Í dag verða greidd atkvæði á Alþingi um tillögu mína um að Ísland viðurkenni sjálfstæði og fullveldi Palestínu miðað við landamærin eins og þau voru fyrir 1967. Tillagan var lögð fram með einróma samþykki stjórnarflokkanna, Samfylkingar og Vinstri grænna. Eftir vinnslu hennar í utanríkismálanefnd undir styrkri forystu Árna Þórs Sigurðssonar formanns er hún einnig studd af Hreyfingunni og Framsóknarflokknum. Það er þeim flokkum til mikils sóma.

> Daglega eru brotin mannréttindi í Palestínu. Landið er hersetið.

Daglega eru brotin mannréttindi í Palestínu. Landið er hersetið. Gaza er haldið í herkví í trássi við alþjóðleg mannúðarlög. Vesturbakkinn er sundurristur af háum múrveggjum sem tálma almenningi aðgengi að ökrum sínum. Skipulega ræna Ísraelsmenn þá landi, ekki síst til að sölsa undir sig lífsnauðsynleg vatnsból. Desmond Tutu, erkibiskupinn suðurafríski, hefur líkt stefnu Ísraela gagnvart Palestínumönnum sem aðskilnaðarstefnu.

Ísland er fyrsta landið úr hópi gróinna lýðræðisríkja Vesturlanda sem viðurkennir fullveldi Palestínu. Við erum fyrst Norðurlandanna til að stíga þetta sögulega skref. Fyrir baráttu Palestínu, sem helst skortir stuðning ríkja á Vesturlöndum, skiptir það gríðarlega miklu máli að Ísland, sem er stofnþjóð að Atlantshafsbandalaginu, og umsóknarríki að Evrópusambandinu, viðurkenni fullveldi ríkisins.

Ég hef sem utanríkisráðherra farið víða til að tala máli Palestínumanna. Mörgum sinnum með þungyrtum ræðum á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, á fundum norrænna utanríkisráðherra, hjá EFTA og í EES-ráðinu. Ótaldir eru þá fjölmargir tvíhliða fundir þar sem ég hef tekið málstað þeirra upp. Þar er ógleymanlegastur fundur með tyrkneska utanríkisráðherranum, Achmed Davitoglu, sem reyndist ráðagóður. Ferð mín fyrr á árinu til Gaza, Vesturbakkans og Austur-Jerúsalem var farin eingöngu til að styrkja málstað Palestínu. Næsti áfangastaður í stuðningsför Íslands við Palestínu er á Alþingi í dag, þegar tillaga um viðurkenningu á fullveldi hennar verður lögð undir atkvæði. Orð eru vissulega til alls fyrst. Nú tala verkin.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Um gömul refsilög og nýja tækni – dómur Hæstaréttar

HUGLEIÐINGAR UM LÖG OG RÉTT



Róbert R. Spanó
prófessor og forseti lagadeildar HÍ

„Tíminn líður hratt á gervihnattaöld" var eitt sinn sönglað fyrir Íslands hönd í Júróvisjón. Sá söngur hljómar alla daga á Alþingi því löggjafinn er gjarnan í kappi við tímann. Hraðar samfélagsbreytingar og tækniþróun kalla oft á snör handtök í löggjafarstarfinu. Á þetta sérstaklega við þegar löggjafinn hyggst nota refsingar til að hafa áhrif á breytni manna. Lög þarf hins vegar að túlka eftir samhenginu eins og áður hefur verið umfjöllunarefni á þessari síðu. Það er því ekki útilokað að gömul refsilög geti tekið mið af nýjum aðstæðum.

Til að útskýra þetta nánar verður að þessu sinni rætt um kröfur stjórnarskrárinnar til skýrra refsilaga. Þá verður fjallað með gagnrýnum hætti um nýlegan dóm Hæstaréttar þar sem reyndi á túlkun gamals refsiákvæðis í ljósi tækniþróunar.

### Stjórnarskráin og krafan um skýr refsilög

Í stjórnarskránni segir að engum verði gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað. Af þessu ákvæði hefur m.a. verið leidd sú meginregla að refsilög verði að vera skýr til að þau geti orðið grundvöllur refsinga. Það þýðir að þau mega ekki vera af almennt orðuð og óljós um þá háttsemi sem refsa á fyrir. Það gengur t.d. ekki að orða refsiákvæði svona: „Gæta skal varúðar og nærgætni við meðferð skotvopna."

Stjórnarskráin gerir einnig ráð fyrir því að leiki vafi á um hvort háttsemi falli undir refsiákvæði skuli túlka þann vafa sakborningi í hag. Refsiákvæði verður því að veita sanngjarna og eðlilega viðvörun um hvað má og hvað ekki. Ef um það ríkir raunverulegur vafi ber að sýkna. Hér má taka eftirfarandi dæmi til nánari útskýringar:

Í 246. gr. almennra hegningarlaga frá 1940 segir: „Ef maður kastar eign sinni á fundna muni eða muni, sem án aðgerða hans eru komnir í vörslur hans, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 3 árum." Á lagamáli nefnist þessi verknaður ólögmæt meðferð fundins fjár.

Jón gluggar í netbankann sinn og sér að fyrir mistök hafa milljón krónur verið lagðar inn á tékkareikning hans en ákveður að nota peningana til að greiða niður kreditkortareikning sinn? Hefur Jón þá „kastað eign sinni á muni sem án aðgerða hans eru komnir í vörslur hans"?

Um álitaefni af þessu tagi fjallaði Hæstiréttur í dómi frá 13. október sl., sem nú verður vikið að.

### Dómur Hæstaréttar frá 13. október 2011

Í málinu var R ákærð fyrir brot gegn 246. gr. hegningarlaga með því að hafa í heimildarleysi kastað eign sinni á 810.000 krónur sem B lagði ranglega inn á bankareikning hennar en hún tók fjárhæðina út af reikningum sama dag og millifærði hana inn á tvo aðra reikninga. R hélt því m.a. fram að innstæða á bankareikningi gæti ekki fallið undir ákvæðið.

Þrír hæstaréttardómarar dæmdu málið og voru ekki allir sammála. Meirihlutinn vísaði til þess að miklar breytingar hefðu orðið á viðskiptum frá því almenn hegningarlög voru sett með tilkomu rafrænna viðskiptahátta. Yrði að telja eðlilegt, miðað við upphaflegt markmið 246. gr. hegningarlaga, að það næði til ólögmætrar ráðstöfunar á fé, sem ranglega hefði borist viðtakanda, án tillits til þess hvort um væri að ræða reiðufé eða fjárhæð sem lögð hefði verið inn á bankareikning hans.

Einn hæstaréttardómari taldi að þegar litið væri til orðalags ákvæðisins yrði að ætla að þar væri átt við hluti sem menn gætu haft einhvers konar líkamleg yfirráð yfir og þar með haft í vörslum sínum. Á þessum skilningi hefði verið byggt í eldri dómi Hæstaréttar frá 1985 þar sem innstæða á bankareikningi var ekki talin falla undir ákvæðið. Það gæti ekki verið hlutverk dómstóla að breyta merkingu refsiákvæða vegna breyttra viðskiptahátta og gefa þeim þannig víðari merkingu en orðalag þeirra gæfi tilefni til.

> Lög þarf hins vegar að túlka eftir samhenginu eins og áður hefur verið umfjöllunarefni á þessari síðu. Það er því ekki útilokað að gömul refsilög geti tekið mið af nýjum aðstæðum.

### Gamalt refsiákvæði getur tekið mið af nýjum aðstæðum

Í forsendum meirihluta Hæstaréttar er einkum lögð áhersla á upphaflegt markmið 246. gr. hegningarlaga. Í ljósi krafna stjórnarskrárinnar um skýr refsilög hefði þó verið réttara að byggja rökstuðninginn í ríkari mæli beint á orðalagi þess. Það er gert í sératkvæðinu, en um ályktun minnihlutans má þó deila eins og nú verður útskýrt.

Við túlkun lagaákvæða má ekki horfa einangrað á hvert orð fyrir sig. Ekki er þannig rétt að túlka refsiákvæði bókstaflega frekar en önnur lagaákvæði. Samhengi þess skiptir öllu máli. Orðalag 246. gr. hegningarlaga er vissulega komið til ára sinna. Þó virðist það geta rúmað nýjar aðstæður ef menn sannarlega eigna sér fjármuni sem þeir hafa í umráðum sínum án eigin aðgerða. Varla leikur vafi á því að undir orðið „muni" falli „fjármunir". Þá má nefna að orðið „vörslur" í næsta ákvæði í sama kafla hegningarlaga, sem fjallar um nátengt brot sem nefnist fjárdráttur, hefur ekki verið skilið þannig að gerandi þurfi að hafa „líkamleg yfirráð" yfir fjármunum eða öðrum verðmætum. Benda má á marga dóma Hæstaréttar um fjárdrátt starfsmanna af bankareikningum fyrirtækja eða opinberra stofnana sem þeir starfa hjá. Varla hefur maður fjármuni á bankareikningum annarra í vörslum sínum en ekki þá sem maður á sjálfur.

Hæstiréttur hafði á árinu 1985 dæmt á þann veg að bankainnstæða gæti ekki fallið undir 246. gr. hegningarlaga. Þar hafði ákærði tekið fjármuni út af bankareikningi sínum með atbeina starfsfólks bankans eins og nauðsynlegt var fyrr á tímum. Frekar hafi þá komið til greina að virða brotið sem fjársvik. Það kann að vera að það hafi verið afstaða meirihlutans að eldri dómurinn hafi ekki haft fordæmisgildi vegna tilkomu netbanka. Ef svo er, hefði verið réttara að fyrir þeirri niðurstöðu væru færð fullnægjandi rök.



arionbanki.is – 444 7000
Arion banki

# Almannahagsmunir?

Sorphirða

Þorleifur Gunnlaugsson
varaborgarfulltrúi VG



Það er ankannalegt að vera Vinstri grænn og tala gegn tillögu sem borin er upp undir merkjum endurvinnslu. En þegar formaður umhverfis- og samgönguráðs, Bestaflokksfulltrúinn Karl Sigurðsson, leggur í þá vegferð að blanda mikilvægu umhverfismáli saman við útvistun og einkavæðingu verður að flokka hismið frá kjarnanum.

Til stendur að afgreiða tillöguna frá ráðinu í dag. Þar er lagt til að til viðbótar við aukna flokkun á heimilisúrgangi (þar sem pappírs- og plastefni verði flokkuð í sértunnu) verði ekki aðeins stór hluti sorphirðu borgarinnar boðinn út heldur einnig móttaka og úrvinnsla.

Að einkaaðilar sinni hirðu og móttöku endurvinnsluefna (þess hluta sem er hægt að hagnast á) en Sorphirða borgarinnar hirði annað og það fari til SORPU bs. Það mun ekki ganga til lengdar að hirðu frá heimilum verði sinnt af tveimur aðilum og því metur sorphirðufólk og verkalýðsfélag þess þetta svo að stefnt sé að útvistun allrar sorphirðu borgarinnar. Jafnframt þessu er ógnað tilveru SORPU, tæplega tveggja milljarða króna fjárfestingu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Rekstrargrundvöllurinn veikist þegar stór hluti þess sem fyrirtækið hefur verið byggt upp til að taka á móti, fer annað.

Tillögum Karls fylgja engir útreikningar og ekki er reynt að sýna fram á hagkvæmni þess að bjóða út sorphirðu sem hingað til hefur komið vel út í öllum þjónustukönnunum eða að það sé hagkvæmara að einkavæða móttökuna. Í tengslum við Evrópuтilskipun í úrgangsmálum og svæðisáætlun hefur Sorpa hinsvegar gert áætlanir um flokkunarstöð, gas og jarðgerðarstöð og þar er reiknað með að þær úrlausnir muni ekki hækka sorphirðugjöld íbúanna.

Fákeppni á úrgangsmarkaði er gríðarleg á Íslandi og einokun gæti hækkað sorphirðugjöld.

Þetta mál á að bera undir íbúa borgarinnar. Kostir kynntir, kostnaður metinn og upplýst ákvörðun tekin í framhaldi þess.




Kæli- og frystiskápar sem hafa innbyggða klakavél með mulningi og ísköldu íslensku vatni. Þeir eru öflugir, endingargóðir og glæsilega innréttaðir.

Tilboð
kr. 369.000 stgr.
Verðlistaverð kr. 461.250

GCE21LGY / Stærð: h 177.5 x b 90.9 x d 63 sm
Kælir: 383 ltr. / Frystir: 172 ltr. Stálhurðir / Orkuflokkur A

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

vilborg@centrum.is


# Af leikskólamálum

Kjaramál

Jón Gnarr
borgarstjóri



Stundum er eins og fólk haldi að undir Ráðhúsi Reykjavíkur séu gullnámur sem hægt sé að ganga í þegar vantar peninga til að fjármagna eitthvað. Ég hef skoðað hvern krók og kima í Ráðhúsinu en þar er engar slíkar námur að finna. Reykjavíkurborg notar allar tekjur sínar til þess að greiða laun og halda úti þjónustu sem henni er ætlað að sinna.

Ef bæta á tiltekna þjónustu eða greiða hærri laun verða borgarbúar að borga hærri skatta eða þeir sem nota þjónustuna að greiða meira fyrir hana. Það er bara þannig. Borgin verður að sýna traustan rekstur ef ekki á illa að fara. Er það enn mikilvægara á óvissutímum eins og þeim sem hafa ríkt undanfarin ár og ekki sér alveg fyrir endann á. Allt gengur þetta sæmilega fyrir sig á meðan allir eru tiltölulega raunsæir og gera eðlilegar kröfur. Eitt leikskólapláss kostar um 2 milljónir á ári. Kostnaðarhlutur foreldra í Reykjavík er innan við 15%.

Síðsumars samþykktu leikskólakennarar í Reykjavík og annars staðar kjarasamning sem þeir töldu góðan og viðsemjendur þeirra ásættanlegan. Sá samningur hljóðaði upp á 7,6% launahækkun við undirritun samnings sem var um 3 prósentum meira en það sem taxtar annarra háskólafélaga hækkuðu. Þar gekk fólk sátt frá samningaborði.

Fyrir samningana var nokkur hiti í leikskólakennurum eins og oft er þegar sest er niður við samningaborð. Horfði Félag leikskólakennara mjög til kjara félagsmanna sinna í Reykjavík en þau höfðu verið nokkuð betri en hjá öðrum félagsmönnum innan félagsins frá árinu 2008. Ástæðan var sú að Reykjavík greiddi launauppbót sem starfsfólk leikskólanna í Reykjavík og hjá fleiri sveitarfélögum á landinu höfðu fengið árið 2007. Öll önnur sveitarfélög höfðu hins vegar afnumið launauppbótina, í kjölfar efnahagshrunsins.

Launauppbótin, greiðsla fyrir 10 tíma yfirvinnu á mánuði, var einföld yfirborgun. Henni var komið á vegna þess að erfitt var að ráða fólk til leikskólanna 2007 þegar allt var á bullandi yfirsnúningi í þjóðfélaginu. Leikskólarnir voru undirmannaðir á þessum tíma og hið góða starfsfólk þeirra vann undir miklu álagi.

Eftir hrun breyttist þetta nokkuð. Til dæmis gekk betur að fá fólk til starfa í leikskólum. Hins vegar rýrnuðu kjör allra í þjóðfélaginu gríðarlega. Spara þurfti á öllum sviðum, m.a. á öllum stigum skólakerfisins. Þrátt fyrir að leitað hafi verið að öllum mögulegum sparnaðarráðum var ákveðið að starfsfólk leikskólanna í Reykjavík fengi áfram að halda launauppbótinni. Brugðið var á það ráð að sameina leikskóla og spara við yfirstjórn skólanna frekar en að skerða laun. Sá sparnaður mun skila umtalsverðum ávinningi til lengri tíma litið.

Talsmenn Félags leikskólakennara töluðu því um „Reykjavíkurleiðina" svokölluðu þegar þeir settust niður við samningaborðið í sumar. Þeir vildu ná sambærilegum kjörum fyrir alla sína félagsmenn og boðið hafði verið upp á í Reykjavík frá 2007. Af hálfu Reykjavíkurborgar var því alltaf haldið til haga í viðræðum um kjarasamninginn að ef niðurstaðan yrði sú sem Félag leikskólakennara sóttist eftir þá myndi launauppbótin, sem Reykjavík hafði ein greitt eftir hrun, falla niður. Laun leikskólakennara í Reykjavík yrðu þá sambærileg við það sem tíðkast hjá öðrum sveitarfélögum enda væri þá launauppbótin komin inn í kjarasamninga.

Formaður FL var því vel búinn undir það að launauppbótin yrði afnumin eftir því sem launahækkanir skiluðu sér til félagsmanna. Enda sagði hann í Fréttablaðinu (22. nóvember sl.) að leikskólakennarar hefðu búist við þessu.

Gert er ráð fyrir að launauppbótin verðin afnumin í fjórum áföngum fram til ársins 2014. Þó að engin málefnaleg ástæða sé til þess að reykvískir leikskólakennarar fái hærri laun en félagar þeirra í öðrum sveitarfélögum þýðir þetta aðlögunarferli samt að allan samningstímann verða leikskólakennarar í Reykjavík með ívið hærri laun en félagar þeirra í öðrum sveitarfélögum þar sem launauppbótin verður afnumin í þrepum eftir því sem hækkanir umfram aðra samninga koma inn.

> Formaður FL var því vel búinn undir það að launauppbótin yrði afnumin eftir því sem launahækkanir skiluðu sér til félagsmanna.

Það er líka mikil einföldun sem komið hefur fram í fjölmiðlum að verið sé að taka greiðslur fyrir svokallað neysluhlé af leikskólakennurum. Þeir hafa fengið greitt fyrir að borða með börnunum og hefur vinnutími þeirra styst á móti. Vinni þeir lengur fá þeir greidda yfirvinnu. Ef þetta væri ekki svona þá hefðu öll hin sveitarfélögin, sem líka greiddu launauppbótina fyrir hrun, verið að brjóta gegn samningi við leikskólakennara þegar þeir afnámu launauppbótina.

Þegar ákveðið var að afnema launauppbótina varð að skoða kjör annarra stétta sem vinna hjá leikskólunum. Þar vinnur einnig fólk sem heyrir undir stéttarfélagið Eflingu og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Þetta fólk fékk umtalsvert minni launahækkanir í sínum samningum en leikskólakennarar. Eru kjörin lægst hjá Eflingarhópnum. Því var ákveðið að þessi hópur héldi launauppbótinni enn um sinn.

Mér finnst persónulega ekki sanngjarnt að kjarabót eins verði til þess að kjör annarra rýrni. Ég vil ekki standa fyrir því að rýra kjör þeirra sem lægstu launin hafa.

Kjarasamningar hafa nú verið gerðir við alla starfshópa hjá Reykjavíkurborg. Er það fagnaðarefni að tekist hafi að ljúka þeim með farsælum hætti. Það er einlæg von mín að við getum gert betur og betur við starfsfólk borgarinnar, t.d. með því að bæta starfsumhverfi, eftir því sem hagur okkar batnar. Að því mun ég stefna.

# Bjart er yfir Betlehem

Palestína

Sveinn Rúnar Hauksson
formaður Félagsins Ísland-Palestína



Það tóku flestir undir með kórnum á aðventukvöldinu þegar við sungum Bjart er yfir Betlehem. Í mörg ár hef ég ekki getað annað en hugsað til þess hvert öfugmæli vísuorðið er, þegar horft er til hernáms á fæðingarborg frelsarans og hvað íbúarnir hafa mátt búa við árum og áratugum saman.

Nú er Betlehem umlukin níu metra háum múr, fólkið innilokað og niðurlægt á degi hverjum af hernámsliði og landtökufólki sem verður æ árásargjarnara á Vesturbakkanum.

Umheimurinn hefur um langt skeið fylgst næsta aðgerðarlaus með því hvernig palestínska þjóðin hefur mátt líða fyrir hernámið, bæði íbúar á herteknu svæðunum, Palestínumenn sem eru búsettir í Ísrael og síðast en ekki síst þær milljónir sem eru landflótta og hírast án ríkisfangs í nærliggjandi löndum.

En kristnir íbúar Betlehem sem og aðrir hafa þrátt fyrir allt ekki gefið upp vonina sem tengist aðventu og jólum. Það er von um frelsi og frið.

Íslendingar hafa þessa dagana tækifæri til að efla þessar vonir meðbræðra sinna í Palestínu og er þess vænst að Alþingi hafi í dag samþykkt þingsályktun um að viðurkenna Palestínu sem sjálfstætt og fullvalda ríki innan landamæranna frá því fyrir Sex daga stríðið árið 1967.

Sjálfstæðisyfirlýsingin kom til sögunnar árið 1988 og þá þegar viðurkenndi meirihluti þjóða heims Palestínu. Á það er sjaldan minnst að þessi yfirlýsing felur ekki síður í sér viðurkenningu á Ísraelsríki á nærri 80% upphaflegrar Palestínu, landsins sem Sameinuðu þjóðirnar lögðu til að skipt yrði til helminga milli gyðinga og araba þann 29. nóvember 1947.

> En kristnir íbúar Betlehem sem og aðrir hafa þrátt fyrir allt ekki gefið upp vonina sem tengist aðventu og jólum. Það er von um frelsi og frið.

Nú þegar 64 ár eru liðin og Palestínumenn reiðubúnir til að axla ábyrgð og njóta réttar sem frjálst og fullvalda ríki, þá gera þeir aðeins kröfu til fimmtungs lands síns, tæplega helmings af þeim helmingi sem þeim var ætlaður af SÞ. En þessi mikla eftirgjöf og sáttavilji dugir ekki öllum, að minnsta kosti ekki hernámsveldinu, en þar vilja ráðandi öfl helst engu sleppa.

Á endanum verður að fara samningaleið, þótt hún virðist ófær eins og er, á meðan Ísraelsríki herðir á landtökunni og ógnar með frekari árásum. Átylla þeirra er umsókn Palestínu að SÞ. Stríði er líka hótað ef sættir nást milli ríkjandi fylkinga á Gaza og Vesturbakkanum. Þó er næsta augljóst að þær sættir eru forsenda þess að raunverulegar friðarviðræður geti hafist og tvö ríki fái að dafna hlið við hlið.

Það er löngu útséð um að tvíhliða viðræður Ísraels og Palestínu skila engu. Þar er aflsmunur allt of mikill og þótt öll pólitísk öfl Palestínumanna séu reiðubúin að viðurkenna Ísrael, þá er það ekki gagnkvæmt. Ísrael viðurkennir ekki Palestínu.

Fleiri ríki verða að koma til og Sameinuðu þjóðirnar þurfa að taka á sínum stóra, hver og ein og allar saman, og sjá til þess að palestínska þjóðin fái notið réttar síns til frelsis og mannréttinda. Annars fæst ekki varanlegur friður.

Viðurkenning Íslands á Palestínu er mikilvægt framlag sem hafa mun áhrif á hin Norðurlöndin og víðar og flýta því að þau geri slíkt og hið sama og bætist í hóp þeirra 132 ríkja sem nú þegar viðurkenna Palestínu. Það er góð jólakveðja til Betlehem sem gleðja mun Palestínumenn hvarvetna og efla vonir um frið og frelsi.

# Nokkur orð um vask og lax

Skattheimta

Óðinn Sigþórsson
formaður Landssambands veiðifélaga



Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði, ritaði grein hér í Fréttablaðið sl. föstudag þar sem hann viðrar hugmyndir sínar um hvernig bæta megi hag ríkissjóðs með aukinni skattlagningu. Í grein hans koma fram áhyggjur af fyrirhuguðum kolefnisskatti á framleiðslu kísiljárns, sjálfsagt í kjölfar umræðna um hættuna á að þessi atvinnuvegur verði þar með skattlagður úr landi. Ég tek undir þau sjónarmið að svo hart er hægt að ganga fram í skattlagningu, að heilu atvinnuvegirnir flýi land.

Nauðsynlegt er að benda á, að þetta á einnig við um þann atvinnuveg sem byggir á sölu veiðileyfa. Til lausnar á vanda ríkissjóðs beinir nú Þórólfur sjónum sínum enn og aftur að atvinnuvegum í sveitum landsins. Síðan ályktar hann svo í greinarlok, að þar sem virðisaukaskattur er ekki lagður á veiðileyfi jafngildi það að styrkir til íslensks landbúnaðar séu vantaldir um heilar 300 milljónir. Með þessari óvenjulegu niðurstöðu opnar hann hugarheim sinn fyrir lesendum, þannig að það er engu líkara en að hagfræðiprófessorinn hafi látið í minni pokann fyrir álitsgjafanum, þegar Þórólfur skrifaði greinina.

Nú vill hann leggja virðisaukaskatt á sölu veiðileyfa. Rökin fyrir því að það skuli gera einmitt núna segir hann vera „fregnir af hækkandi verði á laxveiðileyfum“. Alkunna er að fréttir eru helst sagðar af hækkunum á leigu einstakra veiðivatna. Lækki leigan eða standi í stað er það ekki fréttaefni. Mörg veiðifélög vinna nú að endurnýjun samninga við leigutaka og er allur gangur á hvort tilefni er til breytinga á veiðileigunni. Allt fer þetta eftir veiðinni sem söluhorfur byggja á að mestu. Þannig er það fjarri lagi að mikil hækkun á einni veiðiá í útboði leiði til tilsvarandi hækkunar yfir allan markaðinn.

Ný dæmi eru t.d. um að veittur hafi verið afsláttur af gildandi samningum í kjölfar þess að veiðisumarið hefur ekki staðist væntingar í einstökum ám. Þá verður einnig að hafa í huga að tekjur af laxveiðihlunnindum til lengri tíma eru mjög háðar þróun gengis íslensku krónunnar, enda stór hluti viðskiptamanna nú erlendir veiðimenn.

Það er rangt sem fram kemur í grein Þórólfs, að innskattur vegna sölu veiðileyfa myndi hafa í för með sér að umfang veiðileyfasölunnar breyttist „tæplega“, verði virðisaukaskattur lagður á veiðileyfi. Helsti kostnaður við sölu veiðileyfa er skrifstofukostnaður og laun. Innskattur yrði því hverfandi hluti af heildarverði veiðileyfisins. Því er ljóst að virðisaukaskattur kæmi af fullum þunga fram í verðlagningu veiðileyfa. Veiðileyfi á innlendum markaði þyrftu þá að hækka á einu bretti um fjórðung.

Fyrir slíku eru engar forsendur eins og Þórólfur hefði mátt ráða af fregnum. Álagning virðisaukaskatts á veiðileyfi myndi því leiða til tilsvarandi lækkunar á tekjum veiðiréttareigenda. Við útreikning á ávinningi ríkissjóðs af þessari tillögu Þórólfs verður því líka að taka tillit til þeirra tekna sem ríkissjóður verður af vegna minni skattskyldra tekna veiðiréttareigenda.

En eitt er þó nokkuð öruggt. Yrði tillagan að veruleika mun slíkt valda upplausn og algjörum forsendubresti í þessari atvinnugrein. Öllum samningum á þessum markaði væri kollvarpað, og til framtíðar litið er alvarleg hætta á að farsælt skipulag veiðimála á Íslandi mundi riðlast, til ófyrirsjáanlegs tjóns fyrir alla aðila, og einnig ríkissjóð.

Við búum svo vel í dag að vera lausir við allt svartamarkaðsbrask á veiði. Það á ekki síst rætur sínar að rekja til þess að veiðiréttareigendur telja hagsmunum sínum best borgið með því að veiðifélögin ráðstafi veiðiréttinum í ánum. Tillaga Þórólfs er tilræði við þetta fyrirkomulag.

Þá eru einnig líkur á að tillagan muni til lengri tíma mismuna veiðimönnum, þannig að skatturinn lendi á innlenda markaðnum en salan til erlendra veiðimanna flýi virðisaukaskattinn og hverfi úr landi líkt og nú er rætt um að geti gerst varðandi kísiljárnið.

Að lokum sé ég ekki hvaða tilgangi það þjónar hjá Þórólfi að skreyta grein sína með fullyrðingum um, að hið opinbera kosti í veiðimálum „umfangsmikla rannsóknarstarfsemi og seiðauppeldi“. Staðreyndin er sú, að stærri hluti tekna Veiðimálastofnunar, sem stundar rannsóknir í ám og vötnum, eru sértekjur sem m.a. veiðiréttareigendur greiða. Þeir litlu fjármunir sem ríkið leggur til þessara mála fara til grundvallarrannsókna á þessari náttúru landsins.

Auðvitað má taka umræðu um nauðsyn á framlögum hins opinbera til rannsókna, en þá er að sjálfsögðu allt undir, einnig sá geiri sem Þórólfur starfar við. Þá þyrfti Þórólfur að gera betur grein fyrir seiðaeldi ríkisins í þágu okkar veiðiréttareigenda en engin slík starfsemi er á vegum ríkisins og hefur ekki verið mér vitanlega um áratuga skeið. Þannig stenst þessi fullyrðing hans ekki frekar en margt annað.


## Hvað er framundan?

**Fundur í tilefni útgáfu ársrits Hagfræðideildar Landsbankans**

**Miðvikudaginn 30. nóvember kl. 8.30 - 10.30 á Hilton Reykjavík Nordica.** Að framsögum loknum fara fram pallborðsumræður. Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi Landsbankans, stýrir fundi. **Skráning á landsbankinn.is.**

**Dr. Daníel Svavarsson**
forstöðumaður Hagfræðideildar Landsbankans kynnir nýja þjóðhagsspá til næstu þriggja ára.

**Freyr Hermannsson**
forstöðumaður erlendra viðskipta á Alþjóðasviði Seðlabankans fjallar um gjaldeyrishöftin og áform Seðlabankans um afnám þeirra.

**Dr. Sigurður B. Stefánsson**
sjóðstjóri hjá Eignastýringu Landsbankans fjallar um eignastýringu í ljósi gjaldeyrishafta og óróa á erlendum mörkuðum.




Skuldir hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu í lok árs 2010 skv. Eurostat.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

# Friðarreglan: særið engan

Kynbundið ofbeldi

Gunnar Hersveinn
heimspekingur



Hvar sem mannshjartað slær, hversu illa sem lífið leikur það, er eitt sem það þráir að forðast: ofbeldi. Þessi ósk hefur, þrátt fyrir allt, búið í hjarta mannkyns frá ómunatíð.

Það dýrmætasta í lífinu er oftast falið innan um hversdaglega hluti. Það er hulin fegurð, ekkert prjál og skraut. Fólk líður hjá og enginn tekur eftir því nema sá sem hefur hugrekki til að loka augunum. Hið dýrmæta er á mörkunum.

Saga ofbeldis er saga kúgunar, ofstækis og ofríkis þeirra sem vilja græða, öðlast völd, eignast land, drottna. Þetta er skelfileg saga sem greint er frá í smáatriðum í sögubókum, saga sem of oft verður hetjusaga í túlkun söguritara. Þetta er saga sem á sér fyrirmyndir í goðsögnum og stríðshetjum líkt í grískri og norrænni goðafræði. Svo stríðsglöðum goðum að þær lögðu jafnvel andstæðingum sínum lið eða egndu saman vinum. Það þekkjum við einnig úr sögu nútímavopnasölu og stríðsstuðningi stórvelda við geðsjúka einræðisherra.

Hvað sem þeir heita allir þessir ofbeldisfullu leiðtogar þjóða og hryðjuverkasamtaka allra tíma: hættum að minnast þeirra. Til er annar hópur kvenna og karla sem fátt er um skrifað þrátt fyrir þrekvirki þeirra og mannraunir til að koma í veg fyrir ofbeldi, stríð, kúgun og dauða og með því að skapa frið.

### Hverjar eru útlínur friðarins?

Til er regla sem kalla má meginreglu í mannlegum samskiptum. Reglan lætur lítið yfir sér. Hún er hljóðlát, ekki áköf eða frek. Hún hrópar ekki á torgum undir lúðrablæstri, stærir sig ekki, krefst ekki fylgis og refsar ekki en hefur kraft til að láta hönd hefndar og ofbeldis síga. Nafn hennar er friðarreglan og hún hljómar svona: særið engan.

Hún fer ekki í manngreinarálit, hún gildir óháð stétt, búsetu, stöðu, kyni, uppruna og öðru sem sett er fram til aðskilnaðar. Hún er grunnregla mannréttinda. Hún bindur ekki, hún skerðir ekki frelsi, hún kveður aðeins á um ein mörk. Hún segir ekki hvað fólk á að gera, heldur aðeins hvað það megi ekki gera. Hún setur ein mörk, eitt bann.

Hún er sagnarandinn í brjóstinu sem hvetur fólk aldrei til eins eða neins heldur letur það og varar við: ekki gera þetta, hvað sem á dynur, ekki slá, ekki berja, ekki hóta, ekki drepa. Reglan er svo djúp og forn að hún er handan siðfræði og lögfræði. Hún er grunnstoð án undantekninga. Hún er friðurinn, jafnt friðurinn á heimilinu sem heimsfriðurinn í hjartanu.

Siðfræðingur getur fundið undantekningu á friðarreglunni í formi sjálfsvarnar og dómari gilda réttlætingu fyrir broti á reglunni – reglan sjálf verður þó ekki numin úr gildi. Verkefnið er að læra regluna og kenna hana, ekki að vopnbúast heldur friðvæðast.

Réttlætið fylgir aldrei ofbeldi og kúgun. Í grískri goðsögn er friðurinn gyðja sem á tvær systur: gyðju réttlætis og gyðju viturlegra laga – og segir fátt af þeim enda hófstilltar og í þeim brennur hvorki heift og reiði. Þar sem þær fara um eru blómlegir akrar en ekki sviðin jörð.

Særið engan er friðarreglan. Tákn hennar er ekki hávaxin gyðja og herðabreið með skjöld og sverð á lofti. Ekki nakin fegurðardís sem rís upp úr skel, ekki móðirin með ungbarnið. Tákn hennar er konan sjálf án allra hlutverka – hið kvenlæga. Hún skilgreinist ekki af stríði og hún merkir ekki stríðslaust ástand eða vopnahlé eins og flestallir heimsleiðtogar virðast telja.

Ef reglunni er fylgt þróast friðarmenning. Reglan er mild og þekkist á því að sá sem virðir hana vinnur lífinu ekki mein, heldur skapar ró og næði, öryggi. Slíkur friður er sprottinn af kærleika og gleði og er meira en óljós tilfinning. Föruneyti hennar vinnur ævinlega með lífinu og aldrei gegn því.

### Dyggðir friðarreglunnar

Tákn friðarreglunnar getur einnig verið regnbogi, dúfa, blóm, hringur eða silfur því hún er stundum kölluð silfurreglan í mannlegum samskiptum. Gyllta reglan kveður á um frumkvæði til að gera öðrum gott en silfurreglan er um mörk friðsemdar og ofbeldis: ekki gera öðrum það sem þú vilt ekki að aðrir geri þér. Friðarreglan er jafnframt kjarni frelsisreglunnar víðkunnu um að setja einstaklingum einungis þau mörk: að valda ekki öðrum tjóni.

Það krefst hugrekkis að velja regluna um friðinn: að nema staðar og hlusta á innri rödd mannshjartans, röddina sem velur lífið. Friðarreglan er friðarsúlan, ekki aðeins í Viðey heldur á öllum eyjum, heimsálfum og landamærum. Hún sendir hljóðlát skilaboð út um allan heim, hvar sem ógnarhönd ætlar að reiða til höggs, hvar sem kúgun á sér stað. Hún er skilyrðislaus beiðni um líf án ofbeldis. Hljóðlaust ljós sem flæðir um loftin.

Þær dyggðir sem þarf að efla til að friðarreglan verði okkur töm eru virðing, hófsemi og kærleikur.

# Gerræðisleg geðþóttaákvörðun

Erlendar fjárfestingar

Tryggvi Harðarson
sveitarstjóri Þingeyjarsveitar



Það kemur mér verulega á óvart að ég virðist vera eini maðurinn sem hef talað máli Huangs Nubo við Ögmund Jónasson innanríkisráðherra um áform Huangs um stórfellda uppbyggingu ferðaþjónustu á Norðausturlandi. Ég átti ágætan fund fyrir um mánuði síðan með innanríkisráðherra, ráðuneytisstjóra hans og skrifstofustjóra. Á fundinum lagði ég fram minnisblað um málið en gerði forsvarsmönnum ráðuneytisins grein fyrir því að ég væri eingöngu að ræða við þau sem gamall skólafélagi og vinur Huangs. Aðrir færu með umboð hans hér á landi og formleg samskipti. Þá bauðst ég til að koma á fundi milli ráðuneytisins og Huangs.

### Ekki boðlegt svar

Eftir að erindi Huangs hefur verið þrjá mánuði til ítarlegrar skoðunar af lögfræðingum innanríkisráðuneytisins, að sögn ráðherra, hafi þeir komist að þeirri niðurstöðu að fjárfestingaráform Huangs uppfylltu ekki lagaskilyrði um erlendar fjárfestingar hér á landi. Það hefur legið fyrir frá upphafi málsins enda sótt um undanþágu vegna umræddra laga. Ella hefði það verið óþarfi. Með svari innanríkisráðherra er því verið að hafa málsaðila að fíflum og reyndar þjóðina alla.

### Ekki boðleg stjórnsýsla

Það er áhyggjuefni hversu slæm stjórnsýsluleg meðferð ráðuneytisins er í þessu máli. Það virðast brotnar allar meginreglur góðrar stjórnsýslu. Ekkert hefur verið rætt við málsaðila eða leitað eftir þeirra sjónarmiðum. Á það jafnt við um kaupendur og seljendur. Ekkert samráð er haft við sveitarfélagið Norðurþing sem fer með skipulagsvaldið á Grímsstöðum eða leitað álits þeirra um hvort áform Huangs samrýmist stefnu sveitarfélagsins í atvinnu- og ferðamálum. Ekkert samráð var haft við samtök ferðaþjónustu á svæðinu.

Ekkert samráð var haft við aðra ráðherra ríkistjórnarinnar sem fara með erlendar fjárfestingar, utanríkis-, viðskipta- eða ferðamál eins og fram hefur komið í fréttum. Innanríkisráðherra hefur því hagað sér eins og óforbetranlegur einræðisherra í þessu máli frá upphafi til enda. Ef eitthvað hefur lent á hans borði í þessu máli er það frumkvæði annarra en ráðuneytisins. Ögmundur hunsar algjörlega vilja heimamanna í þessu máli.

### Sala lands milli einkaaðila

Fullyrt hefur verið trekk í trekk að þjóðin sé að afsala sér ekki bara landi heldur hugsanlegum auðlindaréttindum sem því fylgja. Það er alrangt. Almenningur í landinu á ekkert í því landi sem til sölu er og ekkert í þeim réttindum sem því fylgja.

> Ekkert hefur verið rætt við málsaðila eða leitað eftir þeirra sjónarmiðum. Á það jafnt við um kaupendur og seljendur. Ekkert samráð er haft við sveitarfélagið Norðurþing sem fer með skipulagsvaldið á Grímsstöðum eða leitað álits þeirra um hvort áform Huangs samrýmist stefnu sveitarfélagsins í atvinnu- og ferðamálum. Ekkert samráð var haft við samtök ferðaþjónustu á svæðinu.

Þrátt fyrir lög þarf ríkisvaldið að sýna fram á ríka hagsmuni til að standa gegn viðskiptum tveggja einkaaðila. Um það snýst undanþágugrein laga um jarðarkaup. Ef ekki eru málefnaleg rök fyrir því að hafna slíkum viðskiptum gengur það augljóslega gegn stjórnarskránni en enn hefur ekki verið lagt til að afnema friðhelgi eignarréttarins. Stjórnvöld eins og aðrir geta ekki horft fram hjá stjórnarskránni eða leyft sér að hundsa hana ef þeim sýnist svo.

Rétt er að taka fram að ég þekki ekkert til seljanda jarðarinnar. Það liggur hins vegar fyrir að þeir treysta sér ekki lengur til að yrkja jörðina og láta hana þannig skila arði til samfélagsins. Huang er hins vegar tilbúinn til að nýta jörðina samfara verndun hennar og skila þannig arðsemi til samfélagsins, bæði ríkis og sveitarfélags, svo ekki sé minnst á að skapa atvinnu fyrir vinnufúsar hendur sem allt of margar fá ekkert að gera. Það er kaldhæðni örlaganna að það er gamall verkalýðsforingi sem stendur gegn atvinnusköpun og kemur þannig í veg fyrir að hundruð atvinnulausra einstaklinga fái vinnu.

### Get ekki orða bundist

Umræðan um minn gamla kæra vin Huang Nubo hefur verið með þeim hætti að ég get ekki orða bundist. Fjöldi fólks hefur rægt hann og ætlað honum illar hvatir án þess að þekkja nokkuð til hans eða hafa fyrir því hin minnstu rök. Ég sé mig því knúinn til að andmæla íslenskum mannorðsmorðingjum. Huang er einstaklega ljúfur og traustur einstaklingur, kraftmikill og skemmtilegur. Um það getum við sem höfum kynnst honum náið staðfest.Ég ræddi við Huang góða stund um áform hans þegar ég hitti hann í haust. Hann var mjög spenntur fyrir verkefninu en sagðist jafnframt ekki nenna að standa í neinu orðaskaki við stjórnvöld á Íslandi ef hann væri ekki velkominn til landsins.

Rétt er að geta þess að Huang litli, eins og ég kallaði hann í skóla, er í engri fýlu og eflaust tilbúinn að standa við áform sín ef stjórnvöld sýna til þess einhvern vilja.

Sjá má lengri útgáfu af greininni á visir.is.





**Starfsmannafélag,** hjúkrunarráð og læknaráð á Landspítala efna til „hvítra“ mótmæla á þingpöllum Alþingis í dag klukkan 13.30 þegar önnur umræða um fjárlög fer fram. Með því vill starfsfólk Landspítalans verja þá þjónustu sem veitt er á spítalanum.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

AÐHALD - AÐHALD - AÐHALD



Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugardögum 10-14.
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Vertu vinur
teg 73393 - samfella í s/m og l/xl á kr. 4.880,-

LÓÐ TIL SÖLU
Höfum til sölu lóð í nákvæmnisflokki M1 í stærðum frá 100 mg til 20 kg. Hentar sérstaklega vel fyrirtækjum í matvælaiðnaði og framleiðslu til að fylgjast með nákvæmni voga í innra eftirliti.
Hafið samband við Prófunarstofu Frumherja hf í síma 570-9260 eða með tölvupósti profunarstofan@frumherji.is. Sjá einnig á profunarstofan.is



Frumherji

Eirberg




Ferðanuddbekkur
• Stillanlegur höfuðpúði
• Stuðningur fyrir handleggi
• Hæðarstilling 59-86 cm
• Burðargeta 250 kg
• Þyngd 16 kg
Verð 59.890 kr.
Opið virka daga kl. 9 - 18 og á laugardögum kl. 11 - 16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

GÆÐAFISKUR
ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál




Sölustaðir:
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga,Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.

**Elísabet Margeirsdóttir er komin inn í 100 kílómetraklúbbinn og stefnir á enn lengri hlaup í framtíðinni.**

# Hleypur 10 til 20 kílómetra fimm sinnum í viku



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hundrað kílómetraklúbburinn var stofnaður árið 2004 og þar eru nú 47 félagar. Ég náði því markmiði að komast inn í hann þegar ég hljóp 120 kílómetra úti í Frakklandi í sumar,“ segir Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður. „Allir Íslendingar sem hafa hlaupið 100 kílómetra í opinberu keppnishlaupi eru gjaldgengir í klúbbinn. Þetta hlaup sem ég hljóp í sumar heitir Ultra Trail og er í kringum Mont Blanc og er 120 kílómetrar með 7.000 metra hækkun þannig að í raunninni er þetta fjallahlaup. Ég var sólarhring og tuttugu mínútur að klára það með tíu mínútna matarstoppum á um það bil tuttugu kílómetra fresti.“

Elísabet segist hafa verið að hlaupa með hléum í átta ár, hefur hlaupið sex maraþon og þrisvar hlaupið Laugaveginn. „Ég var í

FRAMHALD | 2

FJALLAGRASA
íslenskir brjóstdropar
Gegn særindum í hálsi og öndunarvegi
íslensk fjallagrös





**Eru snyrtivörurnar þínar skaðlegar?** Hægt er að komast að því á slóðinni www.ewg.org en þar er að finna gagnagrunn með yfir 69.000 hár- og snyrtivörum. Þar eru upplýsingar um öruggar snyrtivörur og skaðlegar.










Framhald af forsíðu


Við matarstöð um miðja nótt.


Elísabet kemur í mark eftir 120 kílómetra í Ultra Trail-hlaupinu við Mont Blanc í sumar.

þriðja sæti í Laugavegshlaupinu í sumar þannig að það má eiginlega segja að þetta síðastliðna ár hafi ég farið af fullum krafti í utanvegahlaupin. Það er að myndast hérna smá kjarni sem stundar ofurmaraþon og fjallahlaup og það var stór hópur Íslendinga í þessu hlaupi í Frakklandi með mér.“

Hvað hafa þessi löngu hlaup fram yfir önnur? „Þetta er bara svo æðisleg upplifun,“ segir Elísabet. „Mín fyrsta upplifun af svona löngu hlaupi var alveg frábær. Þetta var að sjálfsögðu mjög erfitt en mér leið aldrei illa og tilfinningin þegar maður kom í mark var alveg yndisleg. Ég ákvað strax þar og þá að þetta ætlaði ég að gera aftur. Ég myndi reyndar segja að það sé meira afrek að þjálfa vel fyrir svona hlaup en að fara það. Þjálfunin er mjög tímafrek en líka skemmtileg ef maður er í góðum hópi. Það er gaman að finna nýjar leiðir og ég fór heilmikið á fjöll hérna heima í sumar með vinkonu minni sem fór svo með mér í hlaupið úti.“

Er ekki allt lífið undirlagt af hlaupum? „Þessa dagana er ég bara að hlaupa svona tíu til tuttugu kílómetra fjórum, fimm sinnum í viku en svo eykst álagið þegar kemur fram á vorið. Það má eiginlega segja að þetta sé full vinna á sumrin,“ segir Elísabet og hlær.


Elísabet með Helgu Þóru vinkonu sinni við rásmarkið í Ultra Trail.

Hvað er svo fram undan? „Ég ætla að hlaupa heilt maraþon í vor, svona til að koma mér í gírinn fyrir sumarið, og fara síðan aftur út til Frakklands næsta sumar og þá í annað hlaup, sem er reyndar styttra, um 98 kílómetrar. Það eru fjögur mismunandi hlaup farin á hverju ári frá Chamonix, frönskum skíðabæ sem leggur heila viku í ágúst á hverju ári undir þessi hlaup. Lengsta hlaupið er alveg heill hringur í kringum fjöllin við Mont Blanc, 160 kílómetrar. Ég fer ekki alveg strax í það en draumurinn er auðvitað að komast það einhvern tíma í framtíðinni.“

*fridrikab@frettabladid.is*













Sölufulltrúar:
Jóna María
jmh@365.is 512 5473
Brynja Dan
brynjadan@365.is 512 5465
Snorri
snorris@365.is 512 5457

# LÍN leggur þér lið!

**50 ÁRA AFMÆLISRIT**



Lánasjóður íslenskra námsmanna, LÍN, fagnar hálfrar aldar afmæli í ár. Hjá sjóðnum starfar fólk með ára- og áratuga reynslu að baki. MYND/STEFÁN

## LÍN í 50 ár

**Í ár fagnar Lánasjóður íslenskra námsmanna hálfrar aldar afmæli en árið 1961 voru fyrstu lög um sjóðinn samþykkt af Alþingi. Á slíkum tímamótum er mikilvægt að líta til baka og átta sig á því hvað hefur breyst á þessum tíma en einnig er mikilvægt að vekja athygli á öllu því góða sem sjóðurinn hefur leitt af sér.**

Í dag lánar LÍN til um 12.500 námsmanna, þar af 2.500 erlendis. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur yfir fjölda þeirra sem þáðu lán hjá LÍN á fyrstu árum sjóðsins en skólaárið 1967-68 þáðu samtals 1.027 námslán, þar af tæplega helmingur erlendis. Þessa gríðarlegu fjölgun má skýra með ýmsum þáttum svo sem fólksfjölgun og auknu námsframboði en því er einnig að þakka hagstæðara lánaumhverfi og auknu jafnrétti til menntunar.

Stærsta breytingin á starfsháttum Lánasjóðsins hefur falist í rafvæðingu allra ferla hans. Námsmenn og greiðendur geta afgreitt sig sjálfir á „Mínu svæði“ sem einfaldar starfsmönnum alla afgreiðslu á þeirra erindum. Á síðasta ári bárust yfir 40 þúsund tölvupóstar á lin@lin.is. Námsmenn og greiðendur senda gríðarlegt magn af skjölum til sjóðsins á hverju ári og árið 2010 bárust rúmlega 71.000 skjöl til sjóðsins. Þrátt fyrir rafræna þjónustu og mikil tölvupóstsamskipti bárust sjóðnum tæplega 90.000 símtöl árið 2010.

Lánasjóður íslenskra námsmanna er ein af grunnstoðum íslensks samfélags. Ef íslenskir námsmenn hefðu ekki möguleika á því að fjármagna nám sitt með sanngjörnum lánum myndum við ekki njóta góðs af þeirri reynslu sem fjölbreytileiki í námi býður upp á. Það skiptir miklu máli fyrir lítið samfélag eins og Ísland að geta notið þess besta sem er í boði hverju sinni og með aðstoð LÍN hafa námsmenn tækifæri til þess að víkka sjóndeildarhringinn.



Ég er ein af mörgum Íslendingum sem naut góðs af lánasjóðnum en ég fór í nám til Kanada. Ef LÍN hefði ekki verið til staðar hefði ég ekki átt möguleika á því og sú fjárfesting sem ég stofnaði til á þeim árum var hverrar einustu krónu virði. Eftir að hafa unnið hér heima í tvö ár að loknu bachelor-námi í viðskiptafræði í Kanada ákvað ég að skella mér í MBA-nám í Hollandi og enn og aftur naut ég góðs af LÍN. Ég er sannfærð um að LÍN sé einn af bestu lánasjóðum á Vesturlöndum eftir að hafa borið saman þá möguleika sem ég hafði til að fjármagna nám mitt og þá sem samnemendur mínir í Kanada eða Hollandi höfðu úr að velja. Það má alltaf deila um upphæð framfærslulánsins en það sem gerir LÍN að einstökum sjóði eru möguleikar íslenskra námsmanna til að stunda nám nánast hvar sem er í heiminum.

Til gamans má geta að LÍN hefur lánað til námsmanna í yfir 60 mismunandi löndum um allan heim. Enn fremur er vert að athuga að danskir námsmenn sem stunda nám erlendis á vegum danska lánasjóðsins, SU, eru um 3.000 á meðan um 2.500 íslenskir námsmenn stunda nám erlendis á vegum LÍN.

Að lokum langar mig að minnast á það frábæra starfsfólk sem starfar hjá LÍN. Það er mikill metnaður hjá starfsmönnum sjóðsins í að veita framúrskarandi þjónustu. Margt starfsfólk sjóðsins hefur starfað í áratugi hjá sjóðnum og óhætt er að segja að það búi yfir gríðarlegri þekkingu á sínu sviði. Margir námsmenn og greiðendur leita ráðgjafar hjá starfsmönnum sjóðsins varðandi ýmis mál og reyna starfsmenn að liðsinna þeim eins vel og hægt er hverju sinni. Það er virkilega ánægjuleg tilfinning þegar starfsmaður nær að liðsinna einhverjum þannig að hann skilji sáttur við sjóðinn og ánægður með þau svör sem hann hefur fengið.

Til hamingju með Lánasjóð íslenskra námsmanna.

*Guðrún Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri LÍN.*

## NÁMSMENN NÆR OG FJÆR

**ÍSLENSKIR NEMAR** koma í öllum stærðum og gerðum og eru að auki dreifðir um allan heim. Við tókum nokkra núverandi og fyrrverandi námsmenn tali en allir eiga þeir það sameiginlegt að hafa menntað sig með aðstoð LÍN.

# Frítekjumarkið of lágt

**Vala Valþórsdóttir**
*Fæðingarár:* **1986**



**HVAÐ ERTU AÐ LÆRA OG HVAR?** Ég er að læra lögfræði við Háskólann í Reykjavík.



**AF HVERJU VALDIRÐU ÞAÐ NÁM?** Ég vildi hefja krefjandi og metnaðarfullt nám sem ég gæti nýtt mér til að byggja upp skemmtilegan starfsframa. Það þarfnast mikils skipulags að stunda laganám og það hentar mér einstaklega vel.

**HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR LÍN HAFT FYRIR ÞIG?** LÍN hefur haft mikla þýðingu fyrir mig. Með lánum frá LÍN hef ég kost á að fjármagna nám mitt og uppihald að miklum hluta. Lánið þarf auðvitað síðar að greiða til baka, en með lægri vöxtum en gengur og gerist í hinu almenna bankakerfi.

Að mínu mati er frítekjumarkið hins vegar allt of lágt fyrir námsmenn í fullu námi. Flestir námsmenn sem eru annaðhvort í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði þurfa að vinna með skóla. Frítekjumarkið ætti að gera ráð fyrir að námsmenn starfi fulla vinnu á sumrin og hlutastarf samhliða námi á veturna.

**HVERNIG HAFA ÞÍN SAMSKIPTI VIÐ LÍN VERIÐ?** Þau hafa gengið mjög vel, allavega hingað til. Maður sækir rafrænt um námslán og uppfærir allar upplýsingar á netinu. Því hafa samskiptin gengið mjög hratt og auðveldlega fyrir sig.

**TIL HVAÐA STARFA HEFUR ÞÚ HUGSAÐ ÞÉR AÐ NÝTA NÁM ÞITT?** Áhugasvið mitt liggur helst í þeirri löggjöf er tengist fjármálafyrirtækjum. Draumurinn væri að starfa sem lögfræðingur í fyrirtæki sem hefur einhver alþjóðleg umsvif.

**VISSIR ÞÚ...**
**...að meðallán til íslenskra námsmanna í Englandi árið 2010 voru 3.360.559 krónur?**

**MUN NÁMIÐ NÝTAST HÉR Á LANDI?** Sem betur fer er laganámið mjög fjölbreytt en í grunnnáminu er aðaláherslan lögð á íslenska löggjöf. Námið mun því að öllum líkindum nýtast flestum hvað best hér á landi. Ég hef hins vegar hug á að leggja áherslu á alþjóðlega fyrirtækjalögfræði og taka hluta af meistaranáminu í skiptinámi. Þar af leiðandi mun ég eflaust öðlast mikla þekkingu sem mun koma til með að nýtast mér á erlendri grund sem og íslenskri.

# Dansar gegnum námið

**Vilhelm Smári Ísleifsson**
*Fæðingarár:* **1986**



**HVAÐ ERTU AÐ LÆRA OG HVAR?** Ég er í viðskipta- og fjölmiðlafræði í School of International Liberal Studies í Waseda University, einum stærsta og virtasta einkaháskóla Tókýó.

**HVERS VEGNA NÁM Í ÚTLÖNDUM?** Skólaárið 2004-2005 fór ég í skiptinám til Japans með AFS og eftir það kom vart annað til greina en að skella sér í háskólanám þar líka.

**HVERJAR ERU HEIMILISAÐSTÆÐUR ÞÍNAR?** Þar sem leigan í Tókýó er dýr þá ákvað ég að búa á heimavist sem skólinn útvegaði. Fyrir sanngjarnt verð hef ég einstaklingsherbergi með aðgang að sameiginlegu baðherbergi. Í leigunni er einnig morgunverður og kvöldmatur sex daga vikunnar svo það er létt að spara matarútgjöld.

**HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR LÍN HAFT FYRIR ÞIG?** Þar sem ekki er auðvelt að greiða fyrir nám eins og það sem ég er í á eigin vegum þá hefur LÍN verið líflínan. Án LÍN hefði mér ekki dottið í hug að sækja um í Waseda.

**HVERNIG HAFA ÞÍN SAMSKIPTI VIÐ LÍN VERIÐ?** Þau hafa verið til prýði. Ég hef lent í smá greiðsluörðugleikum vegna þess að námsárið byrjar í apríl og lýkur í febrúar, en alltaf var leyst úr því án nokkurra vandkvæða.

**VISSIR ÞÚ...**
**...að starfsmannafélag LÍN heitir STALÍN og að formaður þess ber ekta Stalín orðu við hátíðleg tækifæri?**

**HVAÐ ER ÞAÐ SKEMMTILEGASTA SEM ÞÚ HEFUR UPPLIFAÐ SEM NÁMSMAÐUR ERLENDIS?** Þó svo að námið sé að sjálfsögðu mikilvægt þá hefur félagslífið í skólanum verið það skemmtilegasta við dvölina. Í skólanum eru starfræktir þúsundir klúbba og frá mínu fyrsta ári hef ég verið í klúbbi sem setur árlega upp danssýningu þar sem sýndir eru dansar frá ýmsum löndum. Það er mjög gefandi og ég hef kynnst fullt af fólki og þroskast sem manneskja.



Andrew Weil og Vilhelm Smári eftir danssýningu í Tokyo



„Allir eiga að geta farið í nám, óháð bakgrunni og fjárhagslegri stöðu," segir Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra.

MYND/ RAKEL TORFADÓTTIR

# Allir sitji við sama borð

**Sem helsti málsvari nemenda landsins er það Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra sérlega mikilvægt að fólk hafi jafnan rétt til náms og því er ekki að furða að henni séu málefni LÍN hugleikin.**

*Hvernig upplifðir þú LÍN á námsárunum?* Ég tók ekki námslán en LÍN var og er líklega enn það hagsmunamál stúdenta sem ber hæst í umræðunni.

Þó að ég hafi ekki persónulega átt samskipti við LÍN á sínum tíma kynntist ég Lánasjóðnum seinna meir í gegnum manninn minn. Ég þekki það bæði frá honum og öðrum hvað það getur verið ofboðslega erfitt ef eitthvað klikkar, til dæmis ef maður er seinn með afborganir, ef ekki næst að uppfylla einingafjöldann eða ef skólinn skilar ekki einingunum af sér á réttum tíma.

*Hefðu námsárin verið öðruvísi ef þú hefðir tekið námslán?* Ég þurfti að vinna með skóla svo það hafði auðvitað talsverð áhrif á námsferil minn að ég skyldi ekki taka námslán. Ég tók til dæmis meistaranám á fjórum árum í stað tveggja. Hefði ég verið á lánum hefði ég líklega lokið náminu á réttum tíma. Það er samt mjög gott að hafa sloppið við afborganirnar.

*Hverjir eru mikilvægustu áfangar þínir í starfinu með LÍN?* Framfærslulán hafa hækkað um þriðjung á síðustu tveim árum og það var mjög mikilvægur áfangi í ljósi breyttra tíma. Svo var það mér mjög mikilvægt að fá kröfu um ábyrgðarmenn fellda út enda var samstaða um það meðal allra stúdentafélaga landsins.

**VISSIR ÞÚ...**
**...að elsti lánþegi LÍN árið 2010 til 2011 var 67 ára?**

*Hvaða þýðingu hefur LÍN fyrir íslenskt samfélag?* Fyrir mér á LÍN að vera félagslegt jöfnunartæki. Allir eiga að geta farið í nám, óháð bakgrunni og fjárhagslegri stöðu. Sumir geta búið í foreldrahúsum meðan á námi stendur og margir geta unnið en það er ekki á allra færi og þess vegna þurfum við stofnun eins og LÍN, svo allir sitji við sama borð.

*Hvernig myndir þú vilja sjá LÍN þróast?* Í framhaldi hrunsins varð vart við glufur í kerfinu. Fólk sem hafði verið á vinnumarkaði en vildi frekar fara í nám en á atvinnuleysisbætur gat það hreinlega ekki af því að kerfið hafði ekki þurft að gera ráð fyrir því áður. Það er svo mikilvægt að kerfin okkar vinni vel saman. Þarna rákust bótakerfið og lánasjóðskerfið á og það eru svona glufur sem við þurfum að eyða.

*Ef þú ættir að fara í skiptinám í dag, hvert myndir þú fara og hvað myndirðu læra?* Ég myndi fara í Stokkhólmsháskóla og rannsaka barnabókmenntir. Á sínum tíma hefði leiðin eflaust legið til Frakklands í eitthvað hátimbraða en eftir að ég eignaðist börn hafa áherslurnar og áhugamálin breyst.

# Jón og séra Jón

**Sindri Snær Sighvatsson**
*Fæðingarár:* **1974**



**HVAÐ ERTU AÐ LÆRA OG HVAR?** Ég var að klára þriggja ára iðnhönnunarnám í IED (Istituto Europeo di Design) í Mílanó á Ítalíu.

**HVERS VEGNA NÁM Í ÚTLÖNDUM?** Upphaflega kom sú hugmynd upp, þegar ég var í sumarfríi með vinum mínum á Sardiníu, að flytja til Ítalíu og prófa að búa þar. Árið eftir þá seldi ég íbúðina mína og bílinn minn og keypti flugmiða aðra leið. Eftir nokkra frábæra mánuði á Sardiníu fór ég að velta frekara námi fyrir mér og skoða skóla. Út frá því valdi ég að fara í IED.



**HVAÐA ÞÝÐINGU TELUR ÞÚ LÍN HAFA FYRIR ÍSLENSKT SAMFÉLAG?** Fyrir mér er LÍN er algerlega nauðsynleg stofnun. LÍN jafnar aðgang fólks að námi sem gerir það að verkum að bæði Jón og séra Jón geta farið í nám erlendis. Hann með silfurskeið í munninum og ég með svona venjulega skeið bara.

**MUN NÁMIÐ NÝTAST HÉR Á LANDI?** Það er erfitt að vera vöru- eða iðnhönnuður á Íslandi í dag, en þó ekki ómögulegt. Ég held að námið eigi eftir að nýtast mér mjög vel, sama hvað ég vel að gera. Ef efnahagsaðstæður verða í góðu lagi eftir að ég klára meistaranámið þá sé ég ekkert því til fyrirstöðu að búa og vinna á Íslandi.

**ÞARFTU AÐ VERA Í MIKLUM SAMSKIPTUM VIÐ LÍN?** Nei, ég hef aldrei þurft að vera í miklum samskiptum. Það hefur alltaf verið unnið úr mínum málum hratt og örugglega.

**HEFÐIR ÞÚ HÁTTAÐ ÞÍNUM NÁMSFERLI ÖÐRUVÍSI EF LÍN VÆRI EKKI TIL?** Ég held að það sé nokkuð ljóst að ég hefði ekki getað valið þetta nám ef LÍN hefði ekki verið til staðar.

**EITTHVAÐ AÐ LOKUM?** Takk LÍN!

**Ritstjóri:** Anna Marsibil Clausen | **Ábyrgðarmaður:** Guðrún Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri LÍN | **Útgefandi:** Lánasjóður íslenskra námsmanna
**Heimilisfang:** Borgartún 21 | **Vefsíða:** www.lin.is | **Netfang:** lin@lin.is | **Símanúmer:** 560-4000



Námsmannaþjónusta **Arion banka**

—

# **Okkar** námsmenn fá **betri** kjör og meiri **fríðindi**

**Námsmannaþjónusta Arion banka** er sérsniðin að þörfum námsmanna. Við bjóðum yfirdráttarlán á hagstæðum kjörum, helmingsafslátt af debetkortafærslum, niðurgreiðslur nemendafélagsgjalda, bókastyrki og margt fleira.

Þeir sem eru með **KORTIÐ** njóta ýmissa sérkjara og fríðinda.

Fylgstu með fjörinu á Facebook: „Arion banki Námsmenn“. Þar er hægt að taka þátt í leikjum, sjá nýjustu tilboðin og fræðast um fjármálin.

arionbanki.is – 444 7000

Arion banki

# Mannlegt eðli í Háskóla Íslands

**María Rut Kristinsdóttir**
*Fæðingarár:* **1989**

**HVAÐ ERTU AÐ LÆRA OG HVAR?** Ég er á öðru ári í sálfræði við Háskóla Íslands.



**AF HVERJU VALDIRÐU ÞAÐ NÁM?** Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á manneskjunni og háttum hennar og ég taldi að sálfræðin myndi svala fróðleiksþorsta mínum.

**HVERNIG ERU HEIMILISAÐSTÆÐUR ÞÍNAR?** Ég leigi íbúð í Vesturbænum og bý þar ásamt syni mínum sem er fjögurra ára gamall.

**HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR LÍN HAFT FYRIR ÞIG?** Námslánin hafa gert mér kleift að vera í fullu námi og jafnframt (næstum því) að sjá fyrir heimilinu og syni mínum án þess að bæta á mig álagi og skuldum með yfirdrætti og aukavinnu.

**TIL HVAÐA STARFA HEFUR ÞÚ HUGSAÐ ÞÉR AÐ NÝTA NÁM ÞITT?** Það er allt opið hjá mér þessa stundina. Ég er líka haldin ákvörðunarfælni á háu stigi þannig að ef ég þekki mig rétt þá mun ég ekki ákveða mig fyrr en ég raunverulega þarf að gera það.

**HEFÐIR ÞÚ HÁTTAÐ ÞÍNUM NÁMSFERLI ÖÐRUVÍSI EF LÍN VÆRI EKKI TIL?** Klárlega. Ef ég gæti ekki tekið námslán væri nánast ógjörningur að leigja húsnæði, eiga fyrir mat og reka heimili. Það vita það allir sem hafa verið í háskóla að það myndi aldrei ganga upp að vera í 100% vinnu, 100% námi og vera 100% húsmóðir. Með því að taka námslán hefur mér tekist að stunda námið af kappi og halda uppi heimili með aðeins smávægilegum yfirdrætti. Ég geri mér grein fyrir því að ég mun þurfa að borga af lánunum síðar en fyrir mér er nám ein mikilvægasta fjárfesting lífsins. Því finnst mér nauðsynlegt að LÍN geti áfram stutt nemendur með sanngjörnum lánum og að grunnframfærslunni sé haldið í raunhæfum kjörum.

**VISSIR ÞÚ...**
**... að í heildina hefur LÍN lánað námsmönnum í um 60 löndum?**

**HVAÐ ER ÞAÐ SKEMMTILEGASTA SEM ÞÚ HEFUR UPPLIFAÐ SEM NÁMSMAÐUR?** Það skemmtilegasta sem ég upplifi er þegar ég læri eitthvað sem mér finnst raunverulega sjúklega áhugavert og átta mig á því að ég er að læra eitthvað sem ég hef áhuga á að nýta í lífinu. Svo er ótrúlega gaman að kynnast endalaust af snillingum og taka þátt í háskólalífinu eins og það leggur sig.

# Pirrar sig ekki á endurgreiðslum

**Berglind Magnúsdóttir**
*Fæðingarár:* **1968**

**HVER ER MENNTUN ÞÍN?** Ég er sálfræðingur. Ég lauk BA-prófi frá Háskóla Íslands 1992 og cand. psych. prófi frá Háskólanum í Árósum, Danmörku 1996.

**HVERS VEGNA NÁM Í ÚTLÖNDUM?** Þegar ég var átta ára heyrði ég af því að fólk gæti hætt að vinna 67 ára og fengi samt greitt mánaðarlega. Mér fannst það töfrum líkast og fékk strax talsverðan áhuga á öllu sem viðkom öldrun. Því var ég snemma ákveðin að læra eitthvað sem tengdist öldrun og valdi sálfræði sem vettvang til að koma að þeim málum. Þegar ég var að leita að landi til að fara í fram-



haldsnám sá ég að í Háskólanum í Árósum var prófessor í öldrunarsálfræði. Á þeim tíma var ekki hægt að klára nema BA-próf í sálfræði hér á landi.

**VIÐ HVAÐ STARFAR ÞÚ Í DAG?** Eftir að hafa unnið í tólf ár sem sálfræðingur á öldrunarsviði LSH starfa ég í dag sem forstöðumaður Heimaþjónustu Reykjavíkur. Námið hefur nýst mér mjög vel þar sem starfið felur í sér að breyta viðhorfum starfsmanna og fá ólíkar fagstéttir til að vinna saman.

**ÞARFTU AÐ VERA Í MIKLUM SAMSKIPTUM VIÐ LÍN?** Ég er ekki í neinum samskiptum við LÍN. Greiðslur fara í gegnum greiðsluþjónustu bankans og eru bara hluti af öðrum útgjöldum. Ég tók þá ákvörðun í námi í Danmörku að pirra mig ekki á endurgreiðslu lánanna frá LÍN heldur minnast við hverja greiðslu þess góða tíma sem ég átti í námi og hugsa bara um rauðvínið og ostana sem ég keypti á góðum dögum.

**HVERNIG ER ÞÍNUM SAMSKIPTUM VIÐ LÍN HÁTTAÐ?** Ég hugsa bara til LÍN þegar ég fer yfir greiðsluþjónustusamning í bankanum. Velti þá fyrir mér hvenær ég verð búin að borga lánin, rifja það upp og slappa svo vel af.

# Lánasjóðurinn og ég

**Jón Steinsson**
*Fæðingarár:* **1976**

*Menntun: Stúdentspróf frá MR 1996, B.A. frá Princeton, 2000, Ph.D. frá Harvard, 2007.*

Ég fór utan til náms strax eftir menntaskóla. Ég vildi njóta eins góðrar menntunar og ég gæti og ákvað því að sækja um í nokkrum af bestu háskólum í heimi. Ég held að ég hafi hugsað með mér að það kostaði lítið að sækja um og að ég myndi alltaf sjá eftir því ef ég reyndi ekki.



Það kom til að ég komst inn í Princeton en ég fékk engan námsstyrk. Princeton er ansi dýr skóli og námslánin frá LÍN voru klárlega eitt af því sem gerði mér kleift að stunda nám þar. LÍN lánaði mér reyndar ekki fyrir skólagjöldunum þar sem námið var talið sambærilegt við nám sem var í boði á Íslandi. En framfærslulánin sem ég fékk dekkuðu um fjórðung af heildarkostnaðinum við námið. Síðan vann ég á sumrin og fékk talsverða hjálp frá foreldrum mínum.

Eftir að hafa verið heima í einn vetur eftir Princeton fór ég síðan aftur út í framhaldsnám. Í þetta skiptið lá leiðin í Harvard í doktorsnám. Fyrsti veturinn minn í Harvard var veturinn 2001-2002. Krónan var í mikilli lægð á þessum tíma og gengi dollarans var 110 kr. Það var því mikilvægt að LÍN reiknaði framfærslu námsmanna erlendis í mynt viðkomandi lands. Annars hefðu námslánin líklega dugað skammt. Ég var á námslánum í sex ár á meðan ég var í Harvard og því samtals í tíu ár. Lánin voru afskaplega mikilvæg þar sem þau gerðu það að verkum að ég þurfti ekki að kenna eins mikið og sumir samnemendur mínir og gat því eytt meiri tíma í rannsóknir.

**VISSIR ÞÚ...**
**...að námsmannahreyfingarnar SÍNE, SHÍ, BÍSN og SÍF eiga hver einn fulltrúa í stjórn LÍN?**

Þegar ég var að ljúka námi fékk ég stöðu sem lektor í hagfræði við Columbia-Háskóla í New York. Ég kann afskaplega vel við mig í akademísku umhverfi. Maður ræður sér mikið sjálfur sem þýðir aftur að maður þarf að hafa mikinn sjálfsaga til þess að koma einhverju í verk.

Samskipti mín við LÍN voru alltaf góð. Raunar varð sú þjónusta sem LÍN veitti betri og betri eftir því sem árin liðu. Mér virtist alltaf vera himinn og haf milli þeirrar þægilegu og mannlegu þjónustu sem ég fékk hjá LÍN og þeirrar þjónustu sem sumir samnemendur mínir þurftu að þola af hendi stofnana í heimalöndum sínum.

LÍN hefur haft mikla og jákvæða þýðingu fyrir íslenskt samfélag. Ég vona innilega að LÍN geti haldið áfram á sömu braut á næstu áratugum.

# Örlögin réðust á hverfisbarnum

**Lena Margrét Aradóttir**
*Fæðingarár:* **1986**

**HVAÐ VARSTU AÐ LÆRA OG HVAR?** Ég lærði byggingafræði, Architectural Technology and Construction Management, við VIA Háskóla í Horsens, Danmörku.

**AF HVERJU VALDIRÐU ÞAÐ NÁM?** Ég slysaðist inn á þessa braut. Ég hafði flutt til Horsens í janúar 2009 með kærastanum sem var í námi. Planið var að finna vinnu og hefja nám í arkitektúr nokkrum mánuðum seinna. Það gekk hægt að finna vinnu og um miðjan febrúar hafði ég ekkert fundið. Eitt föstudagskvöldið var ég, aldrei þessu vant (eða þannig) á skólabarnum sem var í næsta húsi við blokkina okkar og lenti á spjalli við tvær íslenskar stelpur sem voru í þessu námi. Þær hvöttu mig til að skoða byggingafræði þó ekki væri nema tímabundið, og ég sló til. Ég arkaði inn á skrifstofu eins námsráðgjafans á mánudagsmorgni til að forvitnast um námið og var mætt í skólann klukkan 8 morguninn eftir! Svo þegar leið á önnina varð ég alveg ástfangin af þessu námi og fólkinu sem ég var að læra með.

**VISSIR ÞÚ...**
**...að á síðasta námsári voru heildarútlán LÍN 15.500 milljónir?**

**HVERNIG VORU FJÖLSKYLDUAÐSTÆÐUR ÞÍNAR Í NÁMINU?** Við komum heim til Íslands yfir sumarið í fyrra og stuttu eftir að við komum aftur út komumst við að því að við ættum von á barni. Þá var ég að byrja á 4. önninni minni í náminu og var alls ekki tilbúin að hætta. Þar sem fjölskyldur okkar bjuggu í öðru landi urðu vinir okkar og bekkjarfélagar mínir að risastóru stuðningsneti og það virðist sem allir hafi upplifað meðgönguna að miklu leyti með okkur.



**HVAÐA ÞÝÐINGU TELUR ÞÚ LÍN HAFA FYRIR ÍSLENSKT SAMFÉLAG?** Ég hugsa að án Lánasjóðsins hefðu fáir tök á að hefja og stunda nám erlendis. Það skiptir miklu máli fyrir samfélagið að þegnar þess leiti þekkingar utan landsteinanna og LÍN gerir það að mörgu leyti mögulegt.

**HYGGSTU NÝTA NÁMIÐ HÉR Á LANDI?** Já, ég vil gjarnan vinna hér, allavega fyrstu árin eftir að ég hef lokið náminu. En þar sem námið er alþjóðlegt gæti það vel nýst mér hvar sem er.

**HEFÐIR ÞÚ HÁTTAÐ ÞÍNUM NÁMSFERLI ÖÐRUVÍSI EF LÍN VÆRI EKKI TIL?** Já, heldur betur. Ég veit ekki hvernig ég hefði fjármagnað þetta ef ekki væri fyrir lánið mitt. Ég hefði líklega annaðhvort þurft að safna í nokkur ár eða fengið mér vinnu með skólanum en ég held að það hefði bitnað ansi illa á náminu.

**EITTHVAÐ AÐ LOKUM?** Til hamingju með afmælið LÍN! Vonandi áttu fjölmörg ár eftir sem munu fara í að aðstoða námsmenn framtíðarinnar í að fjármagna nám sitt og í leiðinni öðlast ómetanlega persónulega reynslu eins og ég gerði. Takk fyrir hjálpina!

# Öryggi í Lánasjóðnum

**Ásgeir Bjarnason**
*Fæðingarár:* **1985**

**HVAÐ ERTU AÐ LÆRA OG HVAR?** Ég er í meistaranámi í heilbrigðisverkfræði við Tækniháskólann í Tampere í Finnlandi.



**AF HVERJU VALDIRÐU ÞAÐ NÁM?** Námið sjálft hentaði vel fyrir það sérsvið sem ég vildi nema, mælitækni og merkjafræði. Svo var skólinn að taka þátt í flottu verkefni í tengslum við ígræðanleg mælitæki og það heillaði.

**HVERS VEGNA NÁM ERLENDIS?** Það eru nokkrar ástæður, til dæmis ný þekking sem hægt er að koma með til Íslands seinna á lífsleiðinni. Einnig var mjög lítið framboð af meistaranámi heima í því fagi sem ég hafði augastað á. Svo er alltaf gaman að kynnast framandi menningu.

**HVAÐA ÞÝÐINGU HEFUR LÍN HAFT FYRIR ÞIG?** Fjármögnun frá LÍN var mjög mikilvæg fyrir mig fyrsta árið hérna úti. Þegar ég fór út haustið 2009 ríkti mikil efnahagsleg óvissa og það fólst ákveðið öryggi í því að geta reitt sig á Lánasjóðinn.

**TIL HVAÐA STARFA HEFUR ÞÚ HUGSAÐ ÞÉR AÐ NÝTA NÁM ÞITT?** Ég hef fyrst og fremst áhuga á að vinna við rannsóknir og þróun, jafnt innan fyrirtækja sem og við rannsóknar- eða menntastofnanir.

**MUN NÁMIÐ NÝTAST HÉR Á LANDI?** Námið mun nýtast mér á Íslandi þar sem ég bý að frekar breiðum grunni í rafmagnsfræði, merkjafræði, mælitækni, forritun og svo framvegis. Flest nútímatækni byggir að hluta til á þessum greinum.

**HYGGSTU NÝTA NÁMIÐ HÉR Á LANDI?** Ég hyggst nýta námið á Íslandi á einhverjum tímapunkti. Ég hef verið í sambandi við fyrrum samstarfsmenn á námstímanum og reyni að miðla reynslu heim. Ég tel samt að á þessum tímapunkti í lífi mínu reyni ég að afla mér frekari reynslu erlendis, til dæmis í doktorsnámi í verkfræði.

**EITTHVAÐ AÐ LOKUM?** Pitää mennä saunaan.


Í ár eru 50 ár frá stofnun
Lánasjóðs íslenskra námsmanna.
Við óskum LÍN til hamingju
með afmælið.
Á hverjum degi reiða þúsundir
íslenskra fyrirtækja og stofnana
sig á lausnir frá HugAx
Styrkur okkar liggur í reynslu og þekkingu
starfsfólks, fjölbreyttum lausnum, skilvirku
gæðakerfi og öflugri þjónustu.
HUGUR / AX
Guðríðarstíg 2-4, 113 Reykjavík | Sími 545 1000 | www.hugurax.is

## TímaLÍNa

**1961:** Lög um LÍN samþykkt í fyrsta sinn þann 20. mars. Lán og styrkir, M- og N-lán. Stúdentar við Háskóla Íslands eiga kost á láni frá og með 3. ári náms, en námsmenn erlendis frá byrjun.
**1967:** Lagabreyting, L-lán. Stúdentar við H.Í. eiga kost á láni frá byrjun náms eins og námsmenn erlendis. Endurgreiðslur hefjast 5 árum eftir námslok og greiðast á 15 árum með jöfnum afborgunum. Fyrsti starfsmaður LÍN ráðinn.
**1969:** Aðrir nemendur á Íslandi en í H.Í. fengu aðgang að LÍN í fyrsta skipti. Það voru nemendur við Kennaraskóla Íslands og Tækniskóla Íslands.
**1970:** Byrjað að afgreiða svokölluð haustlán til námsmanna erlendis, þ.e. hluta lánsins fyrirfram.
**1971:** Haustlán líka afgreidd til námsmanna við H.Í.
**1972:** Lagabreytingar sem tryggja nemendum enn fleiri skóla á Íslandi aðgang að LÍN. Allir nemar á Íslandi eiga kost á haustúthlutun nema 1. árs nemar.
**1975:** Tölvuskráning lánþega LÍN hefst í upphafi árs.
**1976:** Ný lög um LÍN, V-lán. Lánin eru nú verðtryggð, en vaxtalaus. Afborganir hefjast þremur árum eftir námslok. Afborganir eru tekjutengdar og greitt af þeim í 20 ár.
**1982:** Ný lög um LÍN, S-lán. Sett í lög að námslán skuli vera 100% af framfærsluþörf námsmanna. Lánin eru nú til 40 ára.
**1992:** Ný lög um LÍN, R-lán. Verðtryggð lán með 1-3% vöxtum. Greitt af lánum þar til þau eru uppgreidd. Áfram tekjutengd afborgun, nú 4,75% af tekjum. Fyrirframgreiðslu framfærslulána er hætt og upphæð lána tengd námsframvindu. Námslán greidd út eftir hverja önn þegar námsárangur hefur borist. Samkomulag gert við banka um að þeir veiti námsmönnum fyrirgreiðslu meðan beðið er eftir námslánum. Hætt er að lána fyrir skólagjöldum erlendis í grunnnámi. Í staðinn er boðið upp á svokölluð markaðskjaralán (lán á almennum bankakjörum) fyrir skólagjöldum. Hámark sett á lán til skólagjalda.
**1997:** Lög sett um Málskotsnefnd LÍN.
**2002:** Í fyrsta sinn hafa makatekjur ekki áhrif á upphæð námsláns hjá námsmanni, nema í þeim tilfellum þegar námsmaður sækir um viðbótarlán vegna maka.
**2005:** Nýr lánaflokkur, G-lán þar sem tekjutengd afborgun lækkar í 3,75% af launum, en í staðinn er líka horft á fjármagnstekjur. Lánþegum með R-lán var gefinn kostur á að sækja um skuldbreytingu. Hætt er að veita markaðskjaralán fyrir skólagjöldum erlendis í grunnnámi.
**2007:** Byrjað er aftur að veita almenn námslán fyrir skólagjöldum erlendis í grunnnámi, þó með árlegum takmörkunum.
**2009:** Breyting á lögum um LÍN. Ábyrgðarmannakerfið er afnumið. Nú þarf ekki lengur ábyrgðarmann fyrir námslánum.

**Hlutfall námsmanna erlendis og á Íslandi af heild allra námsmanna á lánum hjá LÍN þessi ár.**




# Yfirlit yfir veitt skólagjaldalán LÍN frá 1996-2010




## LÖND SEM LÍN HEFUR LÁNAÐ TIL



## FRÁ UMSÓKN TIL ÚTBORGUNAR

**1. STAÐFESTING Á SKÓLAVIST:**
Staðfestinguna verða þeir námsmenn á Íslandi að senda sem borga há skólagjöld og einnig námsmenn erlendis sem eru að hefja nýtt nám. Umsóknin tekur ekki formlega gildi fyrr en slík staðfesting hefur borist sjóðnum.

**2. ÚTREIKNINGUR Á LÁNI:**
LÍN birtir á Mínu svæði námsmanna lánsáætlun og staðfestir þannig gildar umsóknir. Fyrirframgreiðsla skólagjalda hefst til þeirra sem eiga rétt á því.

**3. SKULDABRÉF:**
Þeir sem eru að sækja um námslán í fyrsta sinn eða hafa gert árshlé á námi sínu fá sent skuldabréf til undirritunar.

**4. ENSKUMÆLANDI LÖND:**
Senda þarf LÍN upplýsingar um skólagjöld og styrk/styrkleysi fyrir hverja önn eða allt námsárið.




**5. ENDANLEG TEKJUÁÆTLUN:**
Staðfesta verður tekjuáætlun áður en útborgun haustlána fer fram.

**6. NÁMSÁRANGUR:**
Námslán eru afgreidd þegar námsárangur hefur borist. Skólar á Íslandi senda árangurinn beint til LÍN, en námsmenn erlendis verða að sjá um það sjálfir. Þeir sem ekki taka próf á miðjum vetri verða að senda staðfestingu á námsástundun.

**7. ÚTBORGUN LÁNS:**
Lágmarksnámsárangur er 18 ECTS einingar eða ígildi þeirra. Greiðslan er lögð inn á bankareikning námsmanns.

**8. SKATTFRAMTAL:**
Allir lánþegar verða að staðfesta endanlegar tekjur með skattframtali. Námsmenn á Norðurlöndunum verða til viðbótar íslensku skattframtali að senda afrit af álagningarseðlum eða skattframtali í námslandinu. Barnlausir einstaklingar á Íslandi í leiguhúsnæði verða að skila leigumiða (RSK 2.02).

# Það munar miklu að vera í Námunni

**Náman er vildarþjónusta** fyrir alla námsmenn, 16 ára og eldri. Lögð er áhersla á þjónustu sem sniðin er að þörfum hvers og eins, betri kjör og fjölbreytt fríðindi.

**Betri kjör**

- » Hagstæðir vextir
- » 150 fríar færslur
- » Kreditkort frítt fyrsta árið
- » Yfirdráttarheimild
- » Hagstæðari tryggingar

**Þjónusta**

- » Almenn fjármálaþjónusta
- » Fræðsla og ráðgjöf
- » LÍN-þjónusta
- » Greiðsludreifing
- » Netklúbbur

**Fríðindi**

- » Aukakrónur
- » 2 fyrir 1 í bíó
- » Námsstyrkir
- » Vegleg inngöngugjöf
- » Fjölbreytt tilboð

Kynntu þér Námuna á landsbankinn.is, í næsta útibúi eða í síma 410 4000.



**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000



## TOPP 10 NÁMSGREINAR SEM LÍN LÁNAR MEST TIL

1 Viðskiptafræði
2 Uppeldis- og kennslufræði
3 Verkfræði
4 Lögfræði
5 Hjúkrunarfræði
6 Sálarfræði
7 Tungumál
8 Félags- og stjórnmálafræði
9 Læknisfræði
10 Tölvunarfræði

**VISSIR ÞÚ...**
**...að á námsárinu 2010 til 2011 voru 12.548 manns á lánum hjá LÍN en það eru um það bil 3,9% þjóðarinnar?**



## TOPP 10 NÁMSLÖND ÍSLENDINGA Á LÍN LÁNUM FRÁ 1967

**Danmörk 22.161** námsmenn
**Bandaríkin 16.194** námsmenn
**England 5.524** námsmenn
**Svíþjóð 5.431** námsmenn
**Þýskaland 4.740** námsmenn
**Noregur 4.608** námsmenn
**Holland 1.664** námsmenn
**Frakkland 1.656** námsmenn
**Skotland 1.463** námsmenn
**Kanada 1.159** námsmenn

**VISSIR ÞÚ...**
**...að á námsárinu 2011-2012 eru íslenskir námsmenn við nám í 43 löndum þar með talið á Íslandi?**

## ÚTREIKNINGAR MIÐAST VIÐ VERÐLAG 2011

| | 1983-84 | 1993-94 | 2003-2004 | 2010-2011 |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi starfsmanna | 17 | 22 | 21 | 28 |
| Fjöldi lánþega | 5.164 | 5.946 | 9.133 | 12.548 |
| Fjöldi lánþega erlendis | 2.030 | 1.848 | 2.313 | 2.476 |
| Heildarútlán (milljónir) | 5.083 | 5.138 | 9.439 | 15.500 |
| Skólagjaldalán (milljónir) | 460 | 572 | 914 | 2.200 |
| Innheimt (milljónir) | 168 | 1.669 | 4.777 | 6.270 |



### Japanskar vélar Bílapartasala

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

### Varahlutavaktin Sími 555 6666

Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, Opel Vectra árg. '98 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

### Pípulagnir

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

### Faglærðir Píparar

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

### Vy-þrif ehf.

öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

Flutningsþrif, gólfbónun, teppahreinsun, gluggaþvottur. Alhliða garðaþjónusta. www.hreingerningar.is S. 772 1450.

## Garðyrkja







## Bókhald

Bókhald-ársreikningar-framtöl-VSKuppgjör-launauppgjör-stofnun félaga-erfðarfjárskýrslur o.fl. S 517-3977 www.fob.is fob@fob.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.







Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is

## Nudd

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofa Svæði 105 Holtin.

## Til sölu




## Tölvur




Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

## Spádómar




## Rafvirkjun




### RAFVIRKJUN S. 896 6025

Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Trésmíði

Smiðir geta bætt við sig stórum sem smáum verkefnum. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 856 5555.

## Önnur þjónusta



### GREEN-HOUSE ERUM FLUTT ! Í ÞVERHOLT 18

Verið velkomin, opið 13 - 18 20% afsláttur í dag af öllum vörum. Green-house Þverholti 18 105 Reykjavík S.7772281

Tek að mér Sölumennska, vörudreifingu, innhemtu, verklegar framkvæmdir ofl. ofl. uppl. í s. 847 8704 eða manninn@hotmail.com

**Blekhylki.is**

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is



### Til sölu!

9 stk. 20 feta svefngámar. Allir gámarnir eru útbúnir tveimur svefnherbergjum, sturtu og salernisaðstöðu. Nánari uppl. Í síma 869 7296.



### Lok á heita potta og hitaveituskeljar.

Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. www.heitirpottar.is

Ódýrir og vandaðir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. S. 891 6447, Óli.

## Þjónusta

**Leiguumsjón**
**láttu okkur sjá um fasteignina þína.**

Gerð leigusamninga.
Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala.
Samskipti við banka vegna trygginga. Innheimta leigugjalds - skilvirk eftirfylgni innheimtu.
Umsjón og eftirlit með fasteigninni.
Markmið með leigu-umsjón er að auðvelda fasteignaeiganda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar.
Hjá Leiguliðum starfa 3 löggiltir leigumiðlarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði.
Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122. Ath. Lokað 15. nóv - 4. des.

## Verslun






Kápur og jakkar á 30%afslætti.
Full búð af nýjum vörum.
Verslunin Emilía
Bláu húsin Faxafeni. s: 588-9925
emilia.is

**Líkamsræktartöðvar og Íþróttahús ATH!**
Professional, antistatic dúkar fyrir hlaupabretti. Traust þjónusta. Gsm 666 1025.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Sýrustigið skiptir máli. Talið er að uppruni allra sjúkdóma sé út röngu sýrustigi. Probalace frá LR stillir sýrustigið s 8411448

Aloe Vera drykkjargelið er lausn fyrir fólk sem er með gigt, exem, phoriasis, ristilvandamál, sveppasýkingar, stirðleika í liðum, á erfitt með svefn og að vakna omfl. Fólk finnur mun á sér eftir að hafa drukkið Aloe Vera safann. s. 8411448

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. Nálægt Foldatorg. Tímapöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

## Þjónusta



NÝTT BYRJENDANÁMSKEIÐ Í YOGA hefst 29. nóvember. Yogastöðin Heilsubót www.yogastodin.com S: 5885711 og 6918565



Dóra Dröfn Skúladóttir, geðhjúkrunarfræðingur, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

ENGLISH SPRINGER SPANIEL Hvolpar til sölu. S. 896 9478 Gunnar.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Hálf-stúdíó eða herbergi. Skammtíma- eða langtímaleiga. S. 821 4848 og 869 2618.

**Íbúð með útsýni**
3ja herb. íbúð til leigu á sv. 109. Laus 1. des. S. 822 8556 & 553 0690 á milli kl.15-20.

Nýleg og glæsileg 116m2 íbúða miðsvæðis í Kópavogi er til leigu.Stæði í bílastæðahúsi fylgir með Upplýsingar 660 6600 eða ksv@vortex.is

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu/sölu vel útbúið 120 m2 húsnæði staðsett við Suðurstrandarveginn í Grindavík. Hentar vel sem þjónustuhús, veitingaaðstaða, sumarhús og margt fleira. Auðvelt að flytja. Uppl. e-mail stjornufiskur@gmail.com og S:869 9294

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting

Barcelona, Exsample. 60 evrur nóttin fyrir tvær persónur. 80 evrur 4 persónur. 100 evrur 5 persónur. www.starplus.is

Menorca, Mahon. Laust í vetur, 100.000 kr. mánuðurinn. www.starplus.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Starfssmaður fyrir afgreiðslu óskast.**

**Starfsmaður óskast í snyrtivöruverslun í Breiðholtshverfi. Við leitum að sjálfsstæðum og drífandi einstakling sem hefur áhuga á krefjandi starfi. Viðkomandi þarf að vera snyrtilegur, hafa ljúfa framkomu, vera nákvæmur og eiga auðvelt með mannleg samskipti. Vinnutími frá 11-18 virka daga og laugardaga 13-16.**

**Umsóknir sendist á tjonusta@365.is merkt „snyrting"**

115 SECURITY

115 Security óskar eftir öflugu starfsfólki í jólagæalu í verslunum. Skilyrði: Hreint sakavottorð, íslenskukunnátta, 20 ára lágmarksaldur og góð þjónustulund. Umsóknir aðeins á staðnum. 115 Security, Askalind 2, 201 Kópavogur. www.115.is

Börn og unglinga vantar til sölustarfa fram að jólum. Gæti hentað félögum til fjáröflunar. Uppl. í s. 867 6535 & 892 9103, Bókakjallarinn í Brynjuportinu.

Sushibarinn Laugarvegi 2 óskar eftir fólki í vinnu, reynsla af eldhússtörfum æskileg. Upplýsingar á staðnum eftir kl. 16 eða sendið póst á brynja@hresso.is

**Starfskraftur óskast**
Í söluturn í Kópavogi í dagvinnu. Helst ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 564 2325.

Reyndur arkitektúr óskast vegna breytingar til veitingastarfsemis. 699 3910 Ágúst.

## Viðskiptatækifæri

**Til sölu Blómabúð í fullum rekstri**

**Blómastofa Friðfinns, ein elsta og virtasta blómaverslun landsins er til sölu. Framundan er mikill sölutími. Upplýsingar á staðnum.**

**Blómastofa Friðfinns Suðurlandsbraut 10, Reykjavík.**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál




**MyPurpleRabbit.com**
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

## Tilkynningar

**Hluthafafundur verður haldinn í Genomic Holding S.A. 5. desember næstkomandi á skrifstofu Banque Havilland, 35a Avenue J.F. Kennedy, 1855 Luxembourg.**
Öllum hluthöfum sem skráðir eru hjá félaginu hafa verið sent fundarboð í ábyrgðarpósti. Hægt er að nálgast upplýsingar um fundinn á genomicholding@gmail.com

***Landnámsmennirnir í landnámi Helga magra***
***Fyrirlestur og myndasýning***
**Hólmsteinn Snædal fer í máli og myndum yfir landnám Eyjafjarðar, og skýrir með kortumstærð og legu hvers landnám**



**Fyrirlesturinn verður í sal AkureyrarAkademíunnar á efri hæð Húsmæðraskólans við Þórunnarstræti 99, þriðjudagskvöldið 29. nóvember kl. 20:00. Aðgangur ókeypis, allir velkomnir. Heitt á könnunni. Fyrirlesturinn er í röð viðburða sem Sögufélag Eyfirðinga stendur fyrir, í tilefni af 40 ára afmæli félagsins. Að þessu sinni er viðburðurinn í samstarfi við Félag sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi - AkureyrarAkademíuna. Í byrjun verður örstutt kynning á Sögufélagi Eyfirðinga og viðstöddum boðið að gerast félagsmenn.**

## Námskeið

# Rafmagnsfræði

IÐAN fræðslusetur mun halda námskeið í Rafmagnsfræði fyrir iðnaðarmenn 5. — 10. desember í Iðnskólanum í Hafnarfirði. Frá 08:30 — 16:30.
**Skráning á www.idan.is, málm– og véltæknisvið eða í síma 5906400**



Björgúlfur Þorsteinsson er rafvirkjameistari og kennari við Iðnskólann í Hafnarfirði. Hann útskrifaðist frá Iðnskólanum í Hafnarfirði 1977 og lauk sveinsprófi í rafvirkjun 1978. Hann útskrifaðist úr réttindanámi frá Kennaraháskóla Íslands 2003. Björgúlfur vann við rafvirkjun í rúm tuttugu ár áður en hann gerðist kennari við Iðnskólann í Hafnarfirði í ársbyrjun 2001.

Björgúlfur Þorsteinsson









**Að loknu námskeiðinu þekkir þú:**

Grunnatriði rafmagnsfræðinnar ásamt framleiðslu- og flutningsferlum raforku.
Helstu öryggisatriði varðandi rafleiðara.
Muninn á milli jafnstraums og riðstraums, einfasa og þriggja fasa rafmagns, lekaliða og öryggja, segulliða, spenna og afriðla.
Undirstöðuatriði í virkni iðntölva (PLC).

**og getur:**

Notað fjölsviðsmæli (AVO).
Mælt spennu og einangrað leiðara með því að slá út í töflu og læsa öryggjum til að einangra vélar fyrir viðgerðir.
Áttað þig á fyrirkomulagi íhluta í rofa- og tengiskápum.
Breytt snúningi þriggja fasa rafmótora.
Gert við framlengingarsnúrur, ljósahunda, fjöltengi og sinnt rafgeymum.
Lesið kraft- og stýrirásateikningar.
Forritað einfaldar iðntölvur (PLC).

IÐAN fræðslusetur
Málm- og véltæknisvið

**Skúlatúni 2**
**105 Reykjavík**
**www.idan.is**

# tímamót

timamot@frettabladid.is



79 **JACQUES CHIRAC** fyrrverandi forseti Frakklands, er 79 ára í dag.

*„Hægt er að stofna einn til stríðs en þú getur ekki komið á friði einsamall.“*

## Merkisatburðir

1211 Páll Jónsson Skálholtsbiskup deyr, 59 ára að aldri. Hann var af ætt Oddaverja, sonur Jóns Loftssonar á Keldum.

1930 Kommúnistaflokkur Íslands stofnaður eftir klofning úr Alþýðuflokknum.

1945 Sósíalíska sambandslýðveldið Júgóslavía stofnað.

1947 Sameinuðu þjóðirnar stinga upp á skiptingu Palestínu í tvö ríki áður en stjórn Breta lýkur. Arabar voru því eindregið mótfallnir.

1974 Þjóðverjar setja löndunarbann á íslensk skip í þýskum höfnum.

1987 Félagið Ísland-Palestína stofnað.

1991 Kvikmyndahúsakeðja Árna Samúelssonar tekur upp nafnið Sambíóin.

**ÞETTA GERÐIST:** 29. NÓVEMBER 1986

## Dregið í Lottói í fyrsta sinn




Lottó, happdrætti rekið af Íslenskri getspá, hóf göngu sína þennan dag fyrir aldarfjórðungi. Fyrsti lottómiðinn hafði verið keyptur viku fyrr af Steingrími Hermannssyni. Tölurnar sem komu upp voru 2, 7, 8, 23 og 29 en fyrsti vinningurinn, sem var 1,2 milljónir króna, gekk ekki út.

Í upphafi var Lottó kallað „Lottó 5/32“ og voru viðtökur almennings mjög góðar enda hafði íslenski happdrættismarkaðurinn verið mjög einhæfur til þessa og flokkahappdrættin allsráðandi.

Leikformið 5/32 varð fljótt of lítið fyrir happdrættismarkaðinn og því var leiknum breytt í 5/38 í september 1988. Salan jókst en samfara því jókst samkeppni með tilkomu skafmiðahappdrætta auk þess sem ýmsir sjónvarpsleikir litu dagsins ljós.

Árið 2008 var aftur ákveðið að breyta leiknum í Lottó 5/40 til að hækka vinningsupphæðirnar.



**UMKRINGDUR FUGLUM** Guðmundur A. Guðmundsson dýravistfræðingur mun fjalla um fuglamerkingar á Íslandi á fræðslufundi í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FUGLAMERKINGAR Á ÍSLANDI:** NÍUTÍU ÁR LIÐIN FRÁ UPPHAFI ÞEIRRA

# Lundinn mest merkti fuglinn

Saga fuglamerkinga á Íslandi er níutíu ára í ár. Af því tilefni mun Guðmundur A. Guðmundsson, dýravistfræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands og umsjónarmaður fuglamerkinga, fjalla um sögu fuglamerkinga á Íslandi og sýna dæmi um niðurstöður þeirra á fræðslufundi í kvöld.

„Saga fuglamerkinga eins og við þekkjum hana hófst árið 1899 þegar danskur skólastjóri, Hans Christian Cornelius Mortensen, fann upp aðferðina. Ekki leið langur tími áður en sú aðferð breiddist út og merkingar hér á landi hófust 1921,“ upplýsir Guðmundur og bætir við að fyrir þeim hafi staðið annar Dani, Peter Skovgaard, lærisveinn Mortensens. „Hann kom reyndar aldrei hingað sjálfur en fékk til liðs við sig Íslendinga sem merktu fugla fyrir hann.“

Árið 1932 hóf svo Hið íslenska Náttúrufræðifélag fuglamerkingar á Íslandi með Finn Guðmundsson í fararbroddi. „Þetta eru þær merkingar sem við stundum enn í dag en Náttúrugripasafnið varð síðar Náttúrugripastofnun sem heldur enn utan um allar fuglamerkingar á Íslandi,“ segir Guðmundur.

En hver er tilgangur fuglamerkinga? „Hann er margþættur. Við fáum upplýsingar um líftölur, dánartíðni, orsakir dauðsfalla og aldur fugla þegar þeir hefja varp. Þá getum við skrásett ferðir fuglanna bæði innanlands og utan,“ svarar Guðmundur. Hann segir um fimmtán þúsund fugla vera merkta hér á landi ár hvert en frá upphafi hafi verið merktir vel yfir 600 þúsund fuglar en af þeim hafa um 35 þúsund endurheimst.

Um fjörutíu manns eru virkir merkingamenn á Íslandi. „Þetta eru allt sjálfboðaliðar sem margir hverjir hafa verið í þessu í fjöldamörg ár,“ segir Guðmundur og nefnir sérstaklega Óskar Sigurðsson, vitavörð í Vestmannaeyjum. „Hann hefur verið sá stórtækasti en hann hefur merkt um 90 þúsund fugla frá því hann byrjaði árið 1953,“ segir hann og nefnir einnig þær þrjár fuglategundir sem hafa verið mest merktar í gegnum árin. „Sú tegund sem hefur verið mest merkt er lundinn, en 76 þúsund fuglar hafa verið merktir, næstur er snjótittlingur með 72 þúsund merkingar og í þriðja sæti er skógarþrösturinn með 56 þúsund merkingar.“

Guðmundur segir að því miður hafi fáar niðurstöður fuglamerkinga verið birtar í gegnum tíðina. „Úr þessu ætla ég að bæta í kvöld enda þyrstir menn í að sjá eitthvað af þessum endurheimtum,“ segir hann.

Fundurinn byrjar kl. 20.30 og er öllum opinn svo lengi sem húsrúm leyfir en hann er haldinn í húsakynnum Arion banka, Borgartúni 19. Aðgangur er ókeypis fyrir félaga í Fuglavernd en aðgangseyrir er 500 krónur fyrir aðra.

solveig@frettabladid.is




†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Anna Einarsdóttir**

Hæðargarði 29, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 21. nóvember. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 1. desember kl. 13.00.

Hendrik Skúlason — Íris Sigurjónsdóttir
Þórður Skúlason — Elín Agnarsdóttir
Davíð Davíðsson — Embla Valberg
Einar Orri Davíðsson — Helga Alfreðsdóttir
Jóhannes Ingi Davíðsson — Helga Jóhannesdóttir
Ragnar Davíðsson — Ingibjörg Vilhjálmsdóttir
Jón Halldór Davíðsson — Petrea Tómasdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.





†

*Hjartkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Aðalsteinn Jónasson**

áður til heimilis að Sléttuvegi 21, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík föstudaginn 25. nóvember. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 2. desember kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hans láti Barnaspítala Hringsins eða Umhyggju, félag til stuðnings langveikum börnum, njóta þess.

Sveinn Grétar Jónsson — Hanna Kristín Guðmundsdóttir
Jónas R. Jónsson — Helga Benediktsdóttir
Margrét R. Jónasardóttir
Jón Aðalsteinn Sveinsson — Guðrún Elísabet Ómarsdóttir
Ásta Sigríður Sveinsdóttir — Sigurður Karl Guðgeirsson
og barnabarnabörn.





†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Róbert Einar Þórðarson**

Háengi 23, Selfossi,

sem andaðist 26. nóvember 2011 á Hjúkrunarheimilinu Ljósheimum, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju föstudaginn 2. desember kl. 14.00.

Magdalena B. Jóhannesdóttir
Sólveig Róbertsdóttir — Grímur Bjarndal
Jóhanna Róbertsdóttir — Björn B. Jónsson
Matthildur Róbertsdóttir — Jens Pétur Jóhannsson
Unnur Fjóla Róbertsdóttir — Anders Köhler
Guðrún Schiöth
Inger Schiöth — Sveinn Þórðarson
afabörn og langafabörn.





†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Hjálmarsdóttir Waage**

Hjúkrunarheimilinu Eir, áður til heimilis að Laugarásvegi 28 Reykjavík,

sem lést laugardaginn 19. nóvember, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 30. nóvember kl. 13.00.

Sigurður S. Waage
Kristín Helga Waage — Knútur Signarsson
Sigrún Waage — Franz Ploder
Hendrikka Guðrún Waage
barnabörn og barnabarnabörn.





†

*Okkar ástkæri*

**Oddur Björnsson**

rithöfundur,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni 30. nóvember kl. 15.00. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.

Bergljót Gunnarsdóttir
Hilmar Oddsson — Þórey Sigþórsdóttir
Elísabet Álfheiður Oddsdóttir — Ómar Jóhannsson
Gunnar Stefánsson — Arna Kristín Garðarsdóttir
Hrefna Stefánsdóttir — Arnar Guðmundsson
Hanna Stefánsdóttir — Hjörtur Gísli Sigurðsson
Elín Jónína Ólafsdóttir — Rúnar Sigurbjörnsson
barnabörn og barnabarnabörn.



**Ingibjörg Þórunn Rafnar**
hæstaréttarlögmaður,
Háteigsvegi 46,

lést sunnudaginn 27. nóvember. Útför hennar verður gerð frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 6. desember kl. 13.00.

**Þorsteinn Pálsson**
**Aðalheiður Inga Þorsteinsdóttir** **Skúli Fr. Malmquist**
**Páll Rafnar Þorsteinsson**
**Þórunn Rafnar Þorsteinsdóttir** **Höskuldur D. Magnússon**



*Systir okkar og mágkona,*
**Ingibjörg Magnúsdóttir**
deild 18 Landspítalanum, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 24. nóvember. Útför hennar fer fram frá Fella- og Hólakirkju fimmtudaginn 1. desember kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Bryndís Magnúsdóttir** **Guðmundur Jóhannsson**
**Elísabet Magnúsdóttir**
**Stella Magnúsdóttir** **Ragnar Svafarsson**
**Magnús S. Magnússon** **Jóhanna F. Björnsdóttir**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*
**Helga Dóra Skúladóttir**
Ársölum 3, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítala í Kópavogi 26. nóvember.

**Alexander Jóhannesson**
**Skúli Þór Alexandersson** **Gyða Breiðfjörð**
**Kristinn Alexandersson** **Ragna Sigurðardóttir**
**Sigríður Skúladóttir**
**Hallfríður Skúladóttir**
**Auður Skúladóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*
**Guðni Ólafsson**
frá Súgandafirði,

verður jarðsunginn frá Digraneskirkju miðvikudaginn 30. nóvember kl. 13.00.

**Halldór Guðnason** **Svanhildur Guðmundsdóttir**
**Ingveldur Guðnadóttir** **Jón G. Kristinsson**
**Guðfinna Guðnadóttir** **Jóel Sverrisson**
**Matthildur Guðnadóttir** **Hjörtur Jóhannsson**
**Friðbjörg Ingimarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# Samevrópskt kennsluverkefni

Tólf kennarar frá Írlandi, Svíþjóð, Tékklandi, Þýskalandi og Kýpur heimsóttu kollega sína hér á landi í síðustu viku í tengslum við samevrópskt verkefni.

Verkefnið nefnist Knowing Me Knowing You og er Evrópu-samstarfsverkefni á vegum Comenius. Verkefnið mun standa yfir í tvö ár, en meginþemu þess eru sjálfbærni og borgaravitund. Með þessu verkefni verður unnið að því að koma þessum hugtökum inn í námsáætlun með skosku söguaðferðinni, þar sem nemendur búa til söguþráð og skapa persónur um valda þætti sem tengjast meðal annars náttúru, menningu og framtíðarsýn.

Nýafstaðin er lógó-samkeppni þar sem alls bárust yfir 30 tillögur að lógói fyrir verkefnið. Nemendur vinna nú að þemalagi verkefnisins. Etwinning er heimasíða verkefnisins en á henni hafa nemendur sérsvæði þar sem þeir geta bloggað, sett inn tengla á myndbönd og fleira sem þeim dettur í hug og spjallað við erlenda nemendur gegnum spjallrás.



**UNGT OG EFNILEGT FÓLK** Börnin í Landakotsskóla taka þátt í Knowing Me Knowing You-verkefninu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SJÖTUGUR** Oddur Helgason ættfræðingur heldur upp á sjötíu ára afmæli sitt í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Oddur sjötugur

Oddur Helgason ættfræðingur stendur á sjötugu í dag.

Af því tilefni verður haldið opið hús í ORG – ættfræðiþjónustunni í gömlu þjónustumiðstöð Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur við Skeljanes í Skerjafirði. Húsið stendur gestum opið frá klukkan 15 til 20 í dag en leikurinn verður endurtekinn 3. desember í Hamri, húsnæði íþróttafélagsins Þórs á Akureyri. Þar verður tekið á móti gestum frá klukkan 15 til 18.

ORG – ættfræðiþjónustan er íslenskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í ættrakningum og söfnun allra þeirra ættfræðigagna sem Íslendinga varðar og þar með eru talin gögn um Vestur-Íslendinga.

Þá er átt við allt það fólk sem þetta land byggir og hefur byggt, forfeður þess erlendis og afkomendur þess erlendis og allt fólk er því tengist og unnt er að afla upplýsinga um.

# Uppáhaldslög Garðars og Róberts

Rúdolf með rauða nefið, Tondeleyó, söngperlur Sigfúsar Halldórssonar og Gunna Þórðar og valinkunnir negrasálmar eru hluti af uppáhaldslögum Garðars Cortes og píanóleikarans Roberts Sund. Þessum uppáhaldslögum ætla þeir að deila með áheyrendum í hádeginu næstkomandi fimmtudag og föstudag á Kjarvalsstöðum. Dagskráin er öll á léttum nótum, að hluta til tengd jólum, hátíðleg, en líka verður slegið á létta strengi eins og aðdáendur tónlistarmannanna ættu að kannast við, en tvíeykið hefur starfað saman frá árinu 1980 og komið fram á tónleikum í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum nokkur undanfarin ár. Þá liggja eftir þá nokkrir geisladiskar sem einnig verða fáanlegir á staðnum.

Tónleikarnir hefjast klukkan 12.15 báða dagana og standa yfir í um 40 mínútur.



**HELDUR TÓNLEIKA** Garðar Cortes syngur uppáhaldslög sín við undirleik Roberts Sund á Kjarvalsstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



*Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*
**Guðrún Jóhanna Valdimarsdóttir**
áður til heimilis að Haðalandi 15, Reykjavík,

lést mánudaginn 21. nóvember á Hrafnistu í Hafnarfirði. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 30. nóvember kl. 13.00.

**Sigurbjörg Edda Agnarsdóttir** **Benóný Eiríksson**
**Svanhildur Agnarsdóttir** **Hafliði Sigtryggur Magnússon**
**Agnar Rúnar Agnarsson** **Guðlaug Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elsku maðurinn minn, faðir okkar, sonur, bróðir, mágur og tengdasonur,*
**Sigurður Ólafsson**
hagfræðingur,
Barmahlíð 55,

lést á heimili sínu sunnudaginn 27. nóvember.

**Dóra Thorsteinsson**
**Matthías Sigurðsson**
**Hildur Sigurðardóttir**
**Hjördís Smith** **Ólafur Sigurðsson**
**Sverrir Ólafsson** **Hulda Stefánsdóttir**
**Björk Ólafsdóttir** **Hörður Már Gylfason**
**Geir Thorsteinsson** **Halldóra Æsa Aradóttir**
**Guðbjörg Elín Þórarinsdóttir**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*
**Ása Gissurardóttir**

lést 24. nóvember sl. á Elliheimilinu Grund.

**Hrafnhildur Guðmundsdóttir** **Ólafur Lárusson**
**Kolbrún Guðmundsdóttir**
**Gissur Guðmundsson** **Svanhildur Pétursdóttir**
**Jón Guðmundsson** **Oddný B. Hólmbergsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



*Fósturmóðir okkar og systir,*
**Ragna Hermannsdóttir**
listakona, frá Hlíðskógum í Bárðardal,

fædd 1924, andaðist á Hjúkrunarheimilinu Holtsbúð að Vífilsstöðum 24. nóvember. Útför hennar fer fram í kyrrþey.

**Fyrir hönd fósturbarna,**
**Jóhanna Óskarsdóttir**
**og systkini hinnar látnu, Svanhildur og Jón Aðalsteinn.**

Verslun
Ármúla 26

522 3000

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# TILBOÐ

## KOMDU OG GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ

### 47" LG LED PLUS 100 HZ FHD C3D




CINEMA 3D
LED
LG Smart TV

**Verð áður:**
**419.995**

**Tilboð:**
**349.995**
**ÞÚ SPARAR**
**70.000**

LG

Glæsilegt Cinema 3D LED SmartTV sjónvarp frá LG. Full HD 1920x1080p með TruMotion 100 Hz. DivX HD afspilun. Fjögur HDMI-tengi.

### 40" Sony LED Full HD




**Verð áður:**
**189.995**

**Tilboð:**
**169.995**
**ÞÚ SPARAR**
**20.000**

SONY

40" Full HD 1920x1080 LED-sjónvarp frá Sony. Stafrænn DVB-T/C móttakari. 4 HDMI-tengi. USB 2.0 spilar jpeg og AVI-skrár.



Full búð af frábærum tilboðum

### 40" Sony LCD Full HD




**Verð áður:**
**159.995**

**Tilboð:**
**139.995**
**ÞÚ SPARAR**
**20.000**

SONY

40" Full HD 1920x1080 LCD sjónvarp frá Sony. Stafrænn DVB-T/C móttakari. 2 HDMI-tengi. USB 2.0 spilar jpeg og AVI-skrár.

### YAS101 Yamaha Front Surround

YAMAHA




Yamaha YAS101 er frábær viðbót við sjónvarpið þitt. Einstök hönnun frá Yamaha AIR SURROUND XTREME skilar 7.1 heimabíó í stofunni þinni.

**Verð:**
**59.995**
**Ný vara**

### YSP2200 Yamaha Sound Projector

WHAT HI-FI? SOUND AND VISION ★★★★★

Var valinn „soundbar" ársins 2011 af hinu virta tímariti What HiFi.

YAMAHA




Yamaha YSP2200 Digital soundbar er enn ein rósin í hnappagatið frá Yamaha. Digital Sound Projector tækni sem skilar 7.1 upplifun í stofunni þinni. Engar snúrur, ekkert vesen, bara toppgæði og frábær upplifun frá Yamaha.

**Verð áður:**
**169.995**

**Tilboð:**
**149.995**
**ÞÚ SPARAR**
**20.000**

### 32" LG LED HD Ready




**Verð áður:**
**159.995**

**Tilboð:**
**129.995**
**ÞÚ SPARAR**
**30.000**

HD-Ready LED sjónvarp frá LG með 1366x768 punkta upplausn. USB 2.0 með DivX HD stuðningi.

LG

**0%**
**VAXTALAUS LÁN Á VÖLDUM VÖRUM**

**Spjallaðu við starfsmenn okkar til að fræðast meira um þessi frábæru greiðslukjör.**

Kíktu til okkar í græjukaffi



Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 113126

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** pabbi, **6.** mannþyrping, **8.** töf, **9.** duft, **11.** kvað, **12.** gróðabrall, **14.** óhreint vatn, **16.** átt, **17.** hlaup, **18.** kopar, **20.** gyltu, **21.** sjá eftir.

**LÓÐRÉTT**
**1.** bumba, **3.** í röð, **4.** vandræði, **5.** svelg, **7.** sérgrein, **10.** rúmábreiða, **13.** dæling, **15.** stærðfræðitákn, **16.** andmæli, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** pápi, **6.** ös, **8.** bið, **9.** mél, **11.** ku, **12.** brask, **14.** skolp, **16.** nv, **17.** gel, **18.** eir, **20.** sú, **21.** iðra.
**LÓÐRÉTT: 1.** vömb, **3.** áb, **4.** pikkles, **5.** iðu, **7.** sérsvið, **10.** lak, **13.** sog, **15.** plús, **16.** nei, **19.** rr.


GRUNNSKÓLI GRINDAVÍKUR

**Laus kennarastaða**

Við leitum að áhugasömum raungreinakennara (stærðfræði og náttúrufræði) í fullt starf á unglingastig. Um tímabundið starf er að ræða. Umsóknarfrestur rennur út 7.desember 2011.

Upplýsingar veitir skólastjóri í símum 420 1150 og 660 7330.
Netfang: palmin@grindavik.
Skólastjóri



Lágafellsskóli
MOSFELLSBÆR

**Lágafellsskóli Mosfellsbæ**

Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi þar sem einkunnarorðin **SAMVERA, SAMVINNA OG SAMKENND** eru höfð að leiðarljósi?

**Lágafellsskóli vill ráða til starfa:**
- Leikskólakennara eða starfsmann með aðra uppeldismenntun í leikskóladeild skólans. Starfshlutfall 90 - 100% og þarf viðkomandi að geta hafið störf 2. janúar nk.
- Leikskólakennara í afleysingu í 80% starf vegna fæðingarorlofs. Ráðið verður í starfið frá 1.mars 2012.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- B.Ed gráða eða önnur uppeldismenntun sem nýtist í starfi
- Áhugi á starfi með börnum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Góð færni í samskiptum

Upplýsingar um starfið veitir Arna María Smáradóttir aðstoðarleikskólastjóri, í síma 8494218. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og reynslu sendist á netfangið arnamaria@lagafellsskoli.is

**Umsóknarfrestur um störfin er til og með 12. desember 2011**
Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA





# Aftarlega á merinni

**BAKÞANKAR**
**Júlíu Margrétar Alexandersdóttur**



Það var undarlegt að uppgötva ljóta tilfinningu, sem kallast öfund, þegar mongólskir reiðmenn þutu um sléttur lands síns á villtum hestum í sjónvarpinu. „Þið eruð að minnsta kosti ekki með bugles,“ hugsaði ég með mér og prófaði að athuga hvort buglesið passaði til að klóra mér í eyranu. „Og ekki internetið í fartölvu fyrir framan sjónvarpið, hah!“ bætti ég við meðan ég sendi sjálfri mér tölvupóst sem innihélt þrjú hjörtu og „sætust“. Síðar í þættinum, fræðsluþættinum, en ekki drápsþættinum eins og flestir aðrir þættir sem ég horfi á eru, kom í ljós að þessa fallegu hesta mjólka sléttubúar og útbúa svo þessa fínu jógúrt úr mjólkinni.

**ÉG SÁ** marga aðra menn og konur, sem eru mér samtíða á jörðinni í þessum þætti. Þau komu mér furðulega fyrir sjónir. Ekki bara vegna þess að fólkið lifir lífi í faðmi náttúrunnar frá morgni til kvölds, veiðir slöngur og mætir ljónum með einbeitingu og ákveðnu fasi, heldur voru allir á hreyfingu; hlupu, hoppuðu og gengu af því að líf þeirra krafðist þess. Ekki einn einasti komst í gegnum daginn eins og ég get hæglega gert; með því að færa mig úr einu sætinu yfir í annað.

**OG REISNIN** yfir reiðmönnunum. Ef fartölvan hefði breyst í spegil þetta augnablik í sófanum hefði greiningardeild þróunarlíffræðinnar átt í mestu vandræðum með að staðsetja mig á réttu stigi. Axlirnar húktu fram svo brjóstin voru farin að nuddast við lyklaborðið og ég var komin með náladofa af því að sitja of lengi í sömu stellingu. Ég er nokkuð viss um að hnyttnu og vitsmunalegu samtalsleikþættirnir á Facebook eigi sér allir stað þar sem þátttakendurnir eru að stanga kvöldmatinn úr tönnunum eða að borða táneglurnar á sér.

**OFT ER** erfitt að trúa því að maður eigi að tilheyra þeim hluta heimsins sem fellur undir siðmenningu en sérstaklega þegar ég hafði horft á útiskemmtun bræðra minna í Afríku við leik og söng. Mitt eigið síðasta skemmtiverk fyrir svefn var að horfa á karlmann á lestarstöð farga samferðafólki sínu með klaufhamri í sjónvarpinu. Ef það er svo satt að siðmenning sé afsprengi aukinnar verkkunnáttu verð ég að trítla aftast í röðina því þegar ég kvaddi vini mína í sjónvarpinu voru þeir að smyrja örvar sínar með eitri úr lirfu fyrir veiðar morgundagsins.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Tveggja daga **verðsprengja** í Lyfjum & heilsu

BARA ÞRIÐJUDAG OG MIÐVIKUDAG

BURT'S BEES

– hreinar, náttúrulegar vörur sem dekra við húðina.

**20%** afsláttur af Burt's Bees




**20%** afsláttur af öllum vítamínum

NÝJAR UMBÚÐIR




**Biomega barnavítamín**

– gamla, góða bragðið er komið aftur.

Vöruúrval getur verið mismunandi eftir apótekum.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kringlan | Eiðistorg | Keflavík | Þorlákshöfn |
| Austurver | Hamraborg | Dalvík | Hella |
| JL-húsið | Fjörður | Ólafsfjörður | Hvolsvöllur |
| Domus Medica | Glerártorg Akureyri | Selfoss | Vestmannaeyjar |
| Glæsibær | Hrísalundur Akureyri | Hveragerði | |

PIPAR\TBWA • SÍA • 113327

www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

# menning

menning@frettabladid.is

**!** **BÓK ÁRNA ÞÓRARINSSONAR,** Dauði trúðsins, er komin út í Þýskalandi í þýðingu Tinu Flecken (Ein Herz so Kalt). Bókin fær fjórar stjörnur hjá lesendum bókmenntasíðunnar Lovelybooks og í dómum er talað um yfirburða sakamálasögu með slatta af húmor, spennu og óvenjulegri söguhetju.

Bækur ★★★★

**Farandskuggar**
Úlfar Þormóðsson

**Veröld**

## Lykt af mölbrotnum draumum



Þekkir einhver foreldra sína? Höfum við nokkra hugmynd um hvað raunverulega liggur að baki upplifunum okkar af samskiptum pabba og mömmu frá bernskuárunum? Og hvers vegna þorum við ekki að spyrja fyrr en það er orðið of seint? Þessum spurningum veltir Úlfar Þormóðsson upp í bók sinni Farandskuggum og kemst að því að fátt verður um svör. Hann situr við rúmstokk móður sinnar sem er að hverfa inn í óminni Alzheimersjúkdómsins og leitar svara við spurningum sem ásótt hafa hann lengi, en aldrei verið rétti tíminn til að varpa fram. Svörunum sem hann þó fær raðar hann upp í brotakennda sögu af lífi foreldranna um leið og hann lýsir eigin upplifun af því hvernig það er að sitja uppi með ósvöruðu spurningarnar um aldur og ævi.

Sagan sem raðast upp á síðum bókarinnar er sár og nístandi en þó svo undarlega fögur. Saga af brotnum draumum og gleymdum þrám, svikum og trúnaðarbresti, en jafnframt af mikilli hlýju, endalausri móðurást og föður sem þrátt fyrir alla sína galla verður drengnum fyrirmynd og aðdáunarefni. Hrakningasaga fólks með lítil efni og óhreint mjöl í pokahorninu sem ber þó höfuðið hátt og lætur óblíð örlög ekki beygja sig í duftið.

Þetta er ekki stór bók í blaðsíðum talið en sagan sem hún miðlar spannar nærri heila öld og fleiri en eina mannsævi. Knappur stíllinn og örstutt brotin dylja meira en sagt er og mann verkjar í hjartað vegna alls sársaukans, ástarinnar og reiðinnar sem undir kraumar. Hér er hvorki bruðlað með orð né tilfinningar. Frásagnarmátinn er hreinn og beinn og blátt áfram, hvorki getið í eyður né reynt að fegra eða sverta. Svona var þetta bara og verður ekki breytt héðan af. Og þeir sem eftir lifa sitja uppi með það risavaxna verkefni að sætta sig við orðinn hlut um leið og þeir reyna að glöggva sig á því hvernig allt sem ekki var sagt mótaði sjálfsmynd þeirra.

Það er sjaldgæf upplifun að lesa bók sem segir manni mun meira með því sem ekki er skráð en því sem í henni stendur. Og enn sjaldgæfara að leggja frá sér lesna bók með þá ósk í brjósti að hún hefði verið þrisvar sinnum lengri. En Farandskuggar er bók sem hefur þau áhrif á lesandann. Mann langar að vita svo miklu meira um þetta fólk. Vildi helst geta hitt það sjálft og spurt það spjörunum úr, þótt eflaust yrði jafn fátt um svör og lýst er í bókinni. Þó veit maður í raun allt sem máli skiptir og ljúfsár fegurð þessarar sögu lifir með manni lengi.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Vel skrifuð og áhrifamikil saga, sem lifir með manni lengi.

# Höfundar snúa vörn í sókn

**Hópur íslenskra rithöfunda undirbýr þjóðarátak til eflingar bóklestri á nýju ári. Nýlegar kannanir á lestri sýna geigvænlega þróun að þeirra mati.**



Á EINA BÓKINA LÆRT Rannsóknin „Ungt fólk 2010“ leiddi í ljós að 45 prósent drengja og 40 prósent stúlkna á framhaldsskólaaldri lesa ekki bók utan skóla. Fréttablaðið/Stefán

Rithöfundarnir Sindri Freysson, Andri Snær Magnason, Kristín Helga Gunnarsdóttir, Sigrún Eldjárn, Pétur Gunnarsson, Börkur Gunnarsson, Áslaug Jónsdóttir og Margrét Örnólfsdóttir hafa stungið saman nefjum undanfarið og skipuleggja nú átak til að auka vitund um gildi lesturs og bóka á nýju ári. Nýlegar kannanir benda til að lestur meðal barna og ungmenna hafi dregist saman og lesskilningi sé ábótavant.

„Okkur blöskrar þessi geigvænlega þróun,“ segir Sindri Freysson, „og langar til að stuðla að einhvers konar vitundarvakningu til að auka veg lestrarmenningar; auka sýnileika bókarinnar og gera hana að sjálfsögðum hlut í okkar daglega lífi.“

Sindri segir minnkandi bóklestur ekki séríslenskan höfuðverk en það skeri í augu að kannanir sýna að íslenskir nemendur hafa áberandi minni áhuga á bóklestri en jafnaldrar þeirra í þeim vestrænu löndum sem skarta betri námsárangri en við. „Miðað við Evrópulönd sem við berum okkur saman við er bóklestur unglinga hér í slöku meðallagi.“

Útfærslan á verkefninu hefur ekki verið endanlega ákveðin og vill Sindri því bíða með að úttala sig um það. Hann segir þó að eitt markmiðanna sé að skora á heimilin til að efla bóklestur og virkja foreldra sem fyrirmyndir.

Sindri segir bókina ekki jafn ágenga og bíómyndir, tölvuleikir og aðrir miðlar af þeim toga. „Hún hrópar ekki á viðtakandann með sama hætti og fyrir vikið hefur hún kannski orðið undir samtímis því að fólk gefur sér minni tíma til að lesa og sækir frekar í ágengari miðla.“

Gildi lesturs sé aftur á móti ótvírætt. „Bókin virkjar aðra heilastarfsemi en til dæmis sjónvarp og örvar ímyndunaraflið. Hún býður líka upp á meiri kyrrð, sem ég held að sé ekki síst mikilvæg í öllum hamagangi nútímans. Ég held að við lærum talsvert meira þegar við lesum en við gerum okkur endilega grein fyrir, hvort eð er heldur skáldskap eða önnur rit; þarna fáum við til dæmis orðaforða og vitund fyrir uppbygginguna. Þetta getur haft bein hagnýt áhrif, til dæmis í iðn- og raungreinum, þar sem það getur skipt sköpum að hugmyndir séu skýrt orðaðar og útfærðar.

Fyrir almenna tjáningu blasir líka við að að tungumálið skiptir öllu máli. Því minni þekkingu sem við höfum á tungu okkar, því verr gengur okkur að skýra og skilja tilfinningalíf okkar og þetta sem við köllum tilveruna. Ef við missum bókina og skáldskapinn úr daglegu lífi stöndum við eftir svo miklu fátækari. Skáldskapurinn og mennskan eru nátengd.“

**bergsteinn@frettabladid.is**

## GRAFALVARLEG ÞRÓUN

Í rannsókninni „Ungt fólk 2010“, sem gerð var í öllum framhaldsskólum landsins haustið 2010, voru ítarlegir spurningalistar lagðir fyrir rúmlega ellefu þúsund ungmenni. Í skýrslunni eru niðurstöður sambærilegra rannsókna frá fyrri árum bornar saman.

„Rannsóknin leiddi í ljós að lestur er á hröðu undanhaldi hjá framhaldsskólanemum. Þeim hefur fjölgað verulega sem verja ekki neinum tíma í bóklestur utan skóla,“ segir Sindri. Í sams konar könnun árið 2007 sögðust 33,5 prósent stráka ekki eyða neinum tíma í bóklestur, sú tala er nú 45,4 prósent. „Á aðeins þremur árum hefur framhaldsskólastrákum sem lesa bækur sér til yndis því fækkað um 35 prósent.“

Þróunin er sú sama hjá framhaldsskólastúlkum. Árið 2007 litu tæp 26 prósent framhaldsskólastelpna aldrei í aðrar bækur en skólabækur. Í fyrra var þetta hlutfall komið í rúm 40 prósent. „Kvenkyns lesendum á þessum aldri fækkaði um 14 prósentustig á þriggja ára tímabili. Hlutfallslega aukningin er hins vegar 55 prósent! Þetta er grafalvarleg þróun og hraði hennar vægast sagt hrollvekjandi.“



SINDRI FREYSSON RITHÖFUNDUR


# Jólaaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar

**Tekið er við umsóknum frá barnafjölskyldum í Reykjavík dagana 23., 24., 30. nóv. og 1., 7. og 8. des. kl. 11–14**

Þeir sem þegar hafa fengið inneignarkort frá Arion banka í gegnum Hjálparstarfið geta sótt um á **www.help.is**.

Einnig taka prestar á landsbyggðinni við öllum umsóknum þar. Síðasti umsóknardagur hjá þeim er 8. desember.

PIPAR\TBWA • SÍA • 113254

Rauði kross Íslands Reykjavíkurdeild

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, sími 528 4400



Hádegistónleikar í Fríkirkjunni
alla miðvikudaga í vetur frá kl. 12:15 til 12:45

ENGINN AÐGANGSEYRIR
ALLIR VELKOMNIR

Listrænn stjórnandi
Gerrit Schuil

LJÁÐU OKKUR EYRA



FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 29. nóvember 2011**

**➜ Tónleikar**

**20.00** Nemendur Söngskóla Sigurðar Demetz setja upp óperuna Arthúr konung eftir Henry Purcell í Skógarhlíð 20. Á þriðja tug einsöngvara stíga á svið auk kórs og 13 manna hljómsveitar. Almennt miðaverð er kr. 1.900 en nemendur og eldri borgarar greiða kr. 1.000.



**20.30** Tíundu tónleikarnir í tónleikaröðinni Kaffi, kökur og rokk & ról verða haldnir í Edrúhöllinni, Efstaleiti 7. Pollapönk kemur fram ásamt Markúsi Bjarnasyni. Aðgangseyrir er kr. 500.

**20.30** Á fimmtu tónleikum djasstónleikaraðar gistiheimilins Kex kemur fram hljómsveitin Jazz 'n funk. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Hljómsveitin ADHD, sem sendi frá sér plötuna adhd2 í ágúst, heldur tónleika á Bryggjunni í Grindavík.

**➜ Fundir**

**20.00** Félagið Ísland-Palestína heldur samstöðufund í Iðnó. Þar verður því fagnað að Alþingi er í þann mund að samþykkja ályktun um að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Palestínu. Allir velkomnir.

**➜ Síðustu forvöð**

**11.00** Orðabelgur, sýning myndlistarkonunnar Ragnhildar Jóhanns í verslun og veitingastofu Þjóðmenningarhússins. Ókeypis aðgangur. Verkin eru til sölu.

**➜ Tónlist**

**17.00** Tónlistarskólinn á Akureyri býður upp á kynningu á Vetrarferð Schuberts í Hömrum, Hofi. Michael Jón Clarke og Daníel Þorsteinsson leiða áheyrendur í gegnum þessi tónverk sem verða flutt af Kristni Sigmundssyni og Víkingi Heiðari Ólafssyni, 3. desember í Hofi. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Solaris Sun Glaze betur þekktur sem Atli Bollason þeytir skífum á Kaffibarnum.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


ÚTILÍF
FRAMLENGJUM VEGNA
KULDAKASTS
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM KULDAFATNAÐI
NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ FATA SIG UPP FYRIR KULDANN
20% afsláttur af öllum kuldaúlpum
20% afsláttur af öllum skíða- og brettaúlpum
20% afsláttur af öllum barnaúlpum
20% afsláttur af öllum kuldabuxum
20% afsláttur af öllum barnakuldagöllum
ÍSLENSKA SIA.IS UTI 57392 11/11
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




Þriðjudagur er tilboðsdagur.




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| JACK AND JILL | 8 og 10 |
| HAPPY FEET 2 3D | 6 - ISL TAL |
| IMMORTALS 3D | 8 og 10.15 |
| TOWER HEIST | 10 |
| BORGRÍKI | 6 og 8 |
| TINNI 3D | 5 |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| HAPPY FEET 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | 3D | L |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN :PART 1 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN :PART 1 VIP | kl. 8 - 10:30 | 2D | VIP |
| THE HELP Luxus VIP | kl. 5:15 | 2D | VIP |
| TOWER HEIST | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| THE INBETWEENERS | kl. 8 - 10:45 | 2D | 12 |
| THE HELP | kl. 8 - 10:10 | 2D | L |
| FOOTLOOSE | kl. 5:30 | 2D | 10 |
| HAPPY FEET 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | 2D | L |
| SEEKING JUSTICE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| HAPPY FEET 2 m/ísl.tali | kl. 5:50 | 3D | L |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN PART 1 | kl. 8 | 2D | 12 |
| SEEKING JUSTICE | kl. 10:20 | 2D | 16 |
| THE IDES OF MARCH | kl. 10:10 | 2D | 7 |
| THE INBETWEENERS | kl. 8 | 2D | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | 2D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| HAPPY FEET 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | L |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN :PART 1 | kl. 8 | 12 |
| THE THREE MUSKETEERS | kl. 5:30 - 10:30 | 12 |
| INBETWEENERS | kl. 8 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| HAPPY FEET TWO m/ísl tali | kl. 5:30(3D) - 5:30(2D) | | L |
| SEEKING JUSTICE | kl. 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 1 | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| THE IDES OF MARCH | kl. 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| HELP | kl. 5:30 | 2D | L |
| THE INBETWEENERS MOVIE | kl. 8:20 - 10:30 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| HAPPY FEET 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | 3D | L |
| HAPPY FEET 2 M/ Ensku Tali / ótextuð | kl. 8 | 3D | L |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| THE IDES OF MARCH | kl. 10:20 | 2D | 7 |
| THE INBETWEENERS | kl. 10:40 | 2D | 12 |
| THE HELP | kl. 5:20 - 8 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| HAPPY FEET TWO 3D | kl. 6 | 3D | L |
| SEEKING JUSTICE | kl. 10:20 | 2D | 16 |
| THE TWILIGHT SAGA: BREAKING DAWN | kl. 8 | 2D | 12 |
| THE SKIN I LIVE IN | kl. 6 | 2D | 16 |
| THE IDES OF MARCH | kl. 8 | 2D | 7 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| JACK AND JILL | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| JACK AND JILL LÚXUS | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| TROPA DE ELITE 2 | KL. 10.20 | 16 |
| IMMORTALS 3D | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| TOWER HEIST | KL. 5.40 - 8 | 12 |
| IN TIME | KL. 10.20 | 12 |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 3.20 - 5.40 - 8 | 7 |
| ÞÓR 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ÞÓR 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| JACK AND JILL | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| TROPA DE ELITE 2 | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| IMMORTALS 3D | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| IN TIME | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 5.40 | 7 |
| ELDFJALL | KL. 5.45 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| JACK AND JILL | KL. 6 - 8 - 10 | L |
| IMMORTALS 3D | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| TOWER HEIST | KL. 6 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio


# LISTAKONUR HEIÐRAÐAR

**Margt var um manninn á föstudagskvöldið þegar Listakvöld Bailey´s fór fram en annað árið í röð voru listakonur heiðraðar með peningastyrk. Þær sem þóttu skara fram úr á árinu voru þær Rakel McMahon myndlistarkona, Saga Sigurðardóttir ljósmyndari og Hildur Yeoman, fatahönnuður og tískuteiknari, en þær hlutu 100 þúsund króna styrk til frekari afreka. Gestir skemmtu sér vel við dillandi tóna frá hljómsveitinni Pascal Pinon.**



**STILLTU SÉR UPP** Pétur Kærnested og Beatsina voru ófeimin við myndavélina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LISTAKONURNAR** Rakel McMahon, Hildur Yeoman og Saga Sigurðardóttir tóku brosandi við styrknum frá Sóleyju Kristjánsdóttur, vörumerkjastjóra Ölgerðarinnar.



**VEL KLÆDDIR** Þeir Jón Finnbogason og Daníel Steingrímsson voru vel klæddir enda kominn vetur.



**BROSMILDAR** Saga Sigurðardóttir og Hildur Yeoman fléttuðu saman hæfileika sína í sýningunni Hamskipti á Listasafni Íslands.



**MÆTTU** Atli Bollason og fatahönnuðurinn Eygló mættu.



**SKEMMTU SÉR** Þórunn Sævarsdóttir og Anna Gulla Rúnarsdóttir stilltu sér upp fyrir ljósmyndara.

Bíó ★★

**Seeking Justice**

Leikstjórn: Roger Donaldson

**Leikarar:** Nicolas Cage, January Jones, Guy Pearce, Harold Perrineau

## Cage í öðrum gír

Framhaldsskólakennarinn Nick Gerard þiggur aðstoð leynilegra samtaka sem bjóðast til að kála manninum sem nauðgaði konunni hans. „Greiðinn" er þó ekki alveg ókeypis og fyrr en varir er Gerard kominn bæði með samtökin og lögregluna á hæla sér. Myndin byrjar ágætlega og fyrsta hálftímann byggir hún upp spennu sem gæti gefið af sér frábæran þriller. Söguþráðurinn missir hins vegar fótfestu og eftir stendur ófrumleg og fremur óspennandi mynd.



Myndin er augljóslega tekin upp stafrænt og svo virðist sem kvikmyndagerðarmennirnir hafi ekki gert neinar ráðstafanir til að gera myndina meira fyrir augað. Hana skortir allt listrænt handbragð, rammarnir eru ljótir og litirnir flatir. Stafræna upptökutæknin er orðin svo háþróuð að menn eiga að geta gert miklu betur en þetta.

Ég hef þó oftast gaman af Nicolas Cage og hann stendur sig ágætlega, en því verður ekki neitað að dómgreind hans hvað hlutverkaval varðar fer sífellt hrakandi. Titillinn einn og sér minnir á ódýru Tom Berenger-myndirnar sem feður okkar leigðu á tíunda áratugnum. Þær komu ekki einu sinni í kvikmyndahús, og Seeking Justice á heldur ekki neitt sérstakt erindi þangað.

Haukur Viðar Alfreðsson

**Niðurstaða:** Lofar góðu til að byrja með en nær svo engu flugi.

# Tökum lokið á Batman

**Leikarinn Christian Bale hefur leikið ofurhetjuna Batman í síðasta sinn. Tökum er lokið á þriðju og síðustu Batman-myndinni sem Bale gerir í samstarfi við leikstjórann Christopher Nolan, en saman hafa þeir endurvakið vinsældir leðurblökumannsins. Myndarinnar, The Dark Knight Rises, er beðið með mikilli eftirvæntingu en fyrri myndirnar tvær hafa verið mjög vinsælar um allan heim og rakað inn milljörðum dollara.**



**Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Christian Bale er laus við Batman-búninginn. Þeir sem áður hafa leikið Leðurblökumanninn eru Adam West, Michael Keaton, Val Kilmer og George Clooney.


BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

ÞRIÐJUDAGUR: WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 18:00, 20:00, 22:00 ■ FARIN (PARTIR) 20:00, 22:00 ■ ERKIFJENDUR (SUPERCLÁSICO) 18:00, 20:00, 22:00 ■ BAKKA-BALDUR 18:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:00 ■ BORGRÍKI 18:00
ÍSL. TEXTI / ENGLISH SUBTITLES.

VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!



# Tíu íslenskar plötur tilnefndar

Mugison, Björk og Lay Low eru á meðal þeirra sem eru tilnefndir til Norrænu tónlistarverðlaunanna fyrir bestu plötu ársins 2011.

Alls eru fimmtíu plötur tilnefndar frá öllum Norðurlöndunum, eða tíu frá hverju landi, og á meðal erlendra listamanna sem fá tilnefningu í ár eru 22-Pistepirkko frá Finnlandi, sem spilaði á Airwaves-hátíðinni í haust, og Lykke Li frá Svíþjóð.

Aðrir íslenskir flytjendur sem eru tilnefndir fyrir bestu plötuna eru Sóley, Ham, Sin Fang, ADHD, FM Belfast, Gus Gus og Apparat Organ Quartet.

Hópur norræna tónlistarblaðamanna mun velja tólf plötur af þessum fimmtíu og verður niðurstaða þeirra tilkynnt 1. desember. Alþjóðleg sjö manna dómnefnd mun síðan velja plötu ársins úr þessum tólf. Verðlaunin verða afhent 19. febrúar á norsku tónlistarráðstefnunni By:Larm. Jónsi bar sigur úr býtum á síðasta ári fyrir sólóplötu sína Go.

**Íslensku tilnefningarnar:**

Sóley – We Sink
Lay Low – Brostinn strengur
Ham – Svik, harmur og dauði
Sin Fang – Summer Echoes
ADHD – ADHD2
FM Belfast – Don't Want To Sleep
Gus Gus – Arabian Horse
Mugison – Haglél
Björk – Biophilia
Apparat Organ Quartet – Pólýfónía



**TILNEFNDUR** Mugison er tilnefndur fyrir plötu sína Haglél sem hefur selst eins og heitar lummur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**BEST AÐ VERA EIN** Williams hefur ekki verið í sambandi síðan hún hætti með leikstjóranum Spike Jonze árið 2009.

# Skotin í Jeff Bridges

Leikkonan hæfileikaríka Michelle Williams, sem nýlega fór með hlutverk Marilyn Monroe í kvikmynd um ævi hennar, viðurkennir að hún sé rosalega skotin í gamla brýninu Jeff Bridges.

Williams setur rúmlega þriggja áratuga aldursmuninn ekki fyrir sig, en hún hitti Bridges eitt sinn á rauða dreglinum og segist ekki hafa vitað hvernig hún ætti að haga sér. „Hann var með sólgleraugu og sneri sér við og heilsaði mér. Ég óskaði þess að ég væri líka með sólgleraugu svo ég gæti falið mig á bak við þau," sagði Williams í viðtali við breska blaðið Hello.

Williams sagði við sama tilefni að besta sambandsráðið sem hún gæti gefið öðrum konum væri að sleppa því einfaldlega að byrja í sambandi.

# Síðasti sjens í þriðja sinn

**Tónleikakvöldið Síðasti sjens verður haldið í þriðja sinn á gamlársdag á Nasa. Fram koma Of Monsters and Men, sem hefur slegið í gegn á þessu ári, Retro Stefson, sem hefur spilað víða um Evrópu á árinu, og Rich Aucoin frá Halifax sem spilaði á Airwaves-hátíðinni við góðar undirtektir. Hann er mikill stuðbolti sem hendir sér út í áhorfendaskarann og leikur sér með fallhlífar og upptökuvélar. Einnig munu Stefson-bræður og félagar þeyta skífum. Miðasala á tónleikakvöldið er hafin á Midi.is og í verslunum Brims.**

# Ekki jafn góð mamma

**Leikkonan Angelina Jolie segist aldrei munu geta staðið jafnfætis móður sinni í uppeldishlutverkinu. Jolie, sem á sex börn með leikaranum Brad Pitt, var alin upp af Marcheline Bertrand sem var heimavinnandi húsmóðir og lést árið 2007.**

**„Ég mun aldrei verða jafn góð móðir og hún var. Ég mun reyna mitt besta, en mér mun aldrei takast það," sagði Jolie í samtali við 60 mínútur.**

**„Hún var örlát og ástrík kona og hún var betri en ég er," sagði leikkonan klökk.**



**SAKNAR MÖMMU** Angelina Jolie segist líkjast móður sinni meira með aldrinum.


Lífeyrissparnaður

—

**Frjálsi lífeyrissjóðurinn**

valinn **besti lífeyrissjóður** á Íslandi þriðja árið í röð



**Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur verið valinn besti lífeyrissjóður á Íslandi þriðja árið í röð af fagtímaritinu Investment Pension Europe (IPE).**

Jafnframt var sjóðurinn valinn næstbesti lífeyrissjóðurinn í þeim níu Evrópulöndum sem eru með færri en 1 milljón íbúa.

Í umsögn dómnefndar kemur meðal annars fram að Frjálsi lífeyrissjóðurinn hafi skilað sjóðfélögum góðri ávöxtun þrátt fyrir erfiðar markaðsaðstæður. Jafnframt hafi sjóðurinn kynnt nýja þjónustu sem marki ný tímamót en hún felur í sér að hámarka útgreiðslur sjóðfélaga úr lífeyrissparnaði, almennum sparnaði og almannatryggingum.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn, sem er í rekstri hjá Arion banka, er um 100 milljarðar að stærð og sjóðfélagar eru rúmlega 42.000 talsins. Sjóðurinn hentar þeim sem hafa frjálst val um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða 12% lágmarksiðgjald og hentar einnig þeim sem vilja ávaxta viðbótarlífeyrissparnað sinn.

—

Kynntu þér kosti Frjálsa lífeyrissjóðsins á www.frjalsilif.is.

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

arionbanki.is – 444 7000

Arion banki

# sport

sport@frettabladid.is



**ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ** í knattspyrnu leikur sinn fyrsta leik undir stjórn Lars Lagerbäck gegn Svartfjallalandi þann 29. febrúar næstkomandi. Leikið verður í Podgorica en Svartfellingar komu mörgum á óvart með því að komast í umspil undankeppni EM 2012. Liðið tapaði þar fyrir Tékklandi.

## ÚRSLIT

*Lengjubikar karla*

### A-RIÐILL

**Þór Þorl. - Skallagrímur 97-81 (56-43)**

**Þór**: D. Govens 24, M. Ringgold 22, Guðm. Jónsson 11, Darri Hilmarsson 11, Grétar Erlendsson 10, Þorsteinn Ragnarss. 8, Baldur Ragnarss. 5, M. Latinovic 3, Emil Einarss. 2, Erlendur Stefánss. 1.
**Skallagrímur**: D. Flake 21, Sigmar Egilss. 13, D. Holmes 11, Hilmar Guðj., 11, L. Harrison 11, Birgir Sverriss. 8, Sigurður Þórarinss. 4, Óðinn Guðm. 2.

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Þór Þorl.** | **6** | **5** | **1** | **544-466** | **10** |
| KR | 6 | 5 | 1 | 567-477 | 10 |
| **ÍR** | **6** | **2** | **4** | **507-558** | **4** |
| Skallagrímur | 6 | 0 | 6 | 474-591 | 0 |

### B-RIÐILL

**Grindavík - Haukar 97-71 (57-43)**

**Grindavík**: Páll A. Vilbergsson 22, Þorleifur Ólafsson 14, J. Bullock 11, Ólafur Ólafsson 9, Ómar Sævarsson 9, Þorsteinn Finnbogason 7, Sigurður Þorsteinsson 7, Jóhann Ólafsson 6, G. Watson 5, Björn Brynjólfsson 5, Ármann Vilbergsson 2.
**Haukar**: C. Smith 16, Sævar Haraldss. 15, Davíð Herm. 14, J. Shuler 7, Örn Sigurðars. 6, Haukur Óskarss. 6, Guðm. Sævarss. 5, Emil Barja 2.

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Grindavík** | **6** | **6** | **0** | **558-468** | **10** |
| KFÍ | 6 | 3 | 3 | 528-538 | 6 |
| **Haukar** | **6** | **2** | **4** | **473-504** | **4** |
| Fjölnir | 6 | 1 | 5 | 475-524 | 2 |

### D-RIÐILL

**Keflavík - Njarðvík 94-74 (39-34)**

**Keflavík**: J. Cole 27, C. Parker 23, S. Dagustino 18, Ragnar Albertss. 8, Almar Guðbr. 6, Magnús Gunnarss. 6, Halldór Halld. 3, Gunnar Stefánss. 3.
**Njarðvík**: C. Echols 24, Hjörtur Einarsson 15, Ólafur Jónsson 11, M. Baginski 7, T. Holmes 7, Elvar Már Friðriksson 7, Rúnar Ingi Erlingsson 3.

**Valur - Hamar 105-90 (58-44)**

**Valur**: Igor Tratnik 37, Garrison Johnson 26, Kristinn Ólafsson 11, Darnell Hugee 11, Hamid Dicko 6, Ragnar Gylfason 5, Birgir Pétursson 4, Austin Bracey 2, Alexander Dungal 2, Ágúst Dearborn 1.
**Hamar**: Brandon Cotton 39, Halldór Jónsson 16, Bjarni Lárusson 11, Svavar Pálsson 6, Ragnar Nathanaelsson 6, Bjartmar Halldórsson 5, Stefán Halldórsson 3, L. Kirkman 2, Eyþór Heimisson 2.

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Keflavík** | **6** | **5** | **1** | **567-458** | **10** |
| Njarðvík | 6 | 5 | 1 | 530-471 | 10 |
| **Valur** | **6** | **1** | **5** | **507-554** | **2** |
| Hamar | 6 | 1 | 5 | 450-571 | 2 |

**UNDANÚRSLITIN**

**Þór Þorl. - Grindavík** **föstudag kl. 18.30**
**Snæfell - Keflavík** **föstudag kl. 20.30**

*Leikirnir fara fram í DHL-höllinni, sem og úrslitaleikurinn á laugardaginn klukkan 16.*

# Stóla á háar upphæðir frá borginni

**Fylkir þarf að byggja yfirbyggða áhorfendastúku við Fylkisvöll til að fá að spila heimaleiki sína þar í Pepsi-deildinni. Stúkan kostar 150-160 milljónir og stólar félagið að langmestu leyti á stuðning Reykjavíkurborgar.**

**FRAMKVÆMDIR** Íþróttafélagið Fylkir þarf að reisa 1.500 manna stúku á heimavelli sínum í Árbænum til að fá að spila heimaleiki sína í Pepsi-deild karla næsta sumar þar. Af byggingunni verður ekki nema fyrir stuðning yfirvalda í Reykjavíkurborg.

Björn Gíslason er formaður Fylkis og hann mun á morgun, ásamt öðrum forráðamönnum félagsins, funda með Degi B. Eggertssyni, formanni borgarráðs, og öðrum fulltrúum Reykjavíkurborgar. Björn segir að aðeins skorti fjármagn, allt annað sé klárt. En ef ný stúka á að rísa í tæka tíð þurfi framkvæmdir að hefjast sem allra fyrst.

„Það er búið að samþykkja deiluskipulag á svæðinu fyrir byggingu stúkunnar og teikningar af henni eru tilbúnar,“ segir Björn. „Það eina sem vantar er grænt ljós frá borginni.“



**KUNNUGLEG SJÓN** Svona hafa áhorfendur fylgst með leikjum á Fylkisvellinum síðan bráðabirgðastúka var tekin í notkun fyrir rúmum áratug. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Slegist um hverja krónu

Björn segir að grófar kostnaðaráætlanir geri ráð fyrir því að bygging stúkunnar kosti 150-160 milljónir króna. Félagið getur sótt um styrk frá Mannvirkjasjóði KSÍ en hámarksstyrkur úr honum er 10 milljónir króna. Eftir stendur því ansi væn upphæð sem myndi falla á Reykjavíkurborg. Miðað við fréttir af fjármálum Reykjavíkurborgar að undanförnu er ljóst að þar er slegist um hverja einustu krónu.

Björn segir stöðu Fylkis slæma samanborið við önnur úrvalsdeildarlið, hvort sem er í Reykjavík eða ekki. „Við höfum verið með lið í efstu deild karla samfellt í tólf ár og í sex ár í efstu deild kvenna. Engu að síður erum við með langlélegustu aðstöðu fyrir áhorfendur af öllum úrvalsdeildarfélögunum. Nú er undanþágufresturinn liðinn og ef stúkan á að rísa í tæka tíð þyrftum við helst að fara að byrja.“

Hann segir ekki raunhæft að leita annað, til dæmis til fyrirtækja, til að standa straum af byggingu stúkunnar. „Ástandið í þjóðfélaginu er þannig að við getum ekki safnað neinu. Við höfum hins vegar lagt til við borgina að fá þennan pening í áföngum á næstu árum og að félagið myndi fjármagna byggingu stúkunnar í vetur með lántöku. En þá þyrfti samningur við borgina að liggja fyrir,“ segir Björn.

Það er leyfiskerfi KSÍ sem leggur á þær kvaðir að öll félög í efstu deild karla hér á landi þurfi að vera með yfirbyggða stúku fyrir áhorfendur. Leyfiskerfið samræmist kröfum sem Knattspyrnusamband Evrópu, UEFA, gerir til sinna aðildarsambanda.

### Fylkir á Laugardalsvöllinn?

Fylkir og ÍBV eru einu félögin í efstu deild sem ekki eru með yfirbyggða stúku og hafa þau verið á undanþágu í um áratug. Undanþágufresturinn rennur út fyrir næsta tímabil en Eyjamenn eru á góðri leið með að fjármagna byggingu nýrrar áhorfendastúku við Hásteinsvöll.

„Við erum að horfast í augu við það að Fylkir verði eina liðið í Pepsi-deildinni næsta sumar sem verði ekki með stúku og geti þar með ekki spilað á sínum heimavelli,“ segir Björn en þá þyrfti félagið líklega að spila sína leiki á Laugardalsvellinum.

„Það yrði verulegur skellur fyrir knattspyrnuna í Árbænum,“ segir Björn um þá tilhugsun. „Við treystum til að mynda á tekjur af sölu auglýsingaskilta á vellinum, veitingasölu á leikjum og fleira í þeim dúr. Okkur hugnast illa að þurfa að fara úr Árbænum.“

Björn segir að enn sem komið er hafi félagið engin viðbrögð fengið frá borginni í þessu máli. „En ég er vongóður um að borgaryfirvöld sýni okkur skilning og geri við okkur samning til nokkurra ára.“

Ekki náðist í Dag B. Eggertsson, formann borgarráðs Reykjavíkurborgar, í gær. **eirikur@frettabladid.is**





**FYRIRLIÐINN** Ólafur Stefánsson hefur verið lykilmaður í íslenska landsliðinu um árabil. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ólafur Stefánsson:

# Spilar líklega ekki á EM

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson sagði í samtali við Kanalsport í Danmörku ólíklegt að hann muni spila með íslenska landsliðinu á EM í Serbíu nú í janúar.

Ólafur hefur verið frá vegna hnémeiðsla síðan hann gekkst undir aðgerð í júní síðastliðnum en spilaði sinn fyrsta leik með AG í Danmörku á dögunum. Hann segist enn eiga langt í land með að ná fyrri styrk og horfir til þess tíma þegar hlé verður gert á deildakeppninni í Danmörku á meðan Evrópumeistaramótið fer fram.

„Ég hef janúarmánuð til að koma mér í betra form þar sem ég tel að ég muni ekki spila með landsliðinu [á EM í Serbíu],“ sagði Ólafur í viðtalinu. „Það væri ekki virðingarvert gagnvart mínu félagsliði [að spila á EM]. Ég á enn eftir að ræða við landsliðsþjálfarann en ég tel þetta skynsamlegustu leiðina. Þá hef ég þennan tíma til að koma mér í toppform fyrir fjóra erfiðustu mánuði tímabilsins.“

Hvorki náðist í Guðmund Guðmundsson landsliðsþjálfara né Ólaf Stefánsson í gær. - esá



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT+ 2 SPORT3 2 SPORT4 2 SPORT5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



> Stöð 2 Sport kl. 19.50

## Chelsea - Liverpool

*Bein útsending frá leik Chelsea og Liverpool í 8 liða úrslitum enska deildarbikarsins. Liðin mættust í úrvalsdeildinni á dögunum og þá hafði Liverool betur í mögnuðum leik. Annar stórleikur, viðureign Arsenal og Manchester City, er sýndur beint á Sport 3 og hefst útsending frá honum klukkan 19.40.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR HLÆR AÐ GEÐFÖTLUÐUM

# *Ekki hlægilegt en samt fyndið*



Vinsældir Heimsendis virðast ekki vera jafn afgerandi og Vaktaseríunnar sem voru unnar af sama hópi. Í kringum mig heyri ég afar mismunandi sögur. Meðan sumir skilja hvorki upp né niður, eru aðrir yfir sig hrifnir af þessari tragikómedíu á geðveikrahælinu.

Ég hef sjálf átt í innri samræðum um hvað mér finnst um þessa þætti. Ég er nokkuð sannfærð um að mér finnst þeir góðir, er ekki viss um hvort mér finnst þeir mjög skemmtilegir. Þeir eru vissulega hádramatískir en samt á köflum fyndnir, en á þann hátt að maður skammast sín fyrir að hlæja.

Ánægðust er ég með persónusköpunina sem hefur tekist afar vel. Jörundur Ragnar er góður sem Margeir sem hefur farið úr vinalegum furðufugli í eitt ógeðfelldasta illmenni í íslensku sjónvarpi. Þó hefur hann kómíska hlið, sérstaklega í samskiptum sínum við kjúklinginn Júlíus. Svo eru yndislegar persónur sem vekja bæði hlátur og kalla fram tár, eins og sígarettusjúki risinn og minnislausa konan með rútubílsprófið.

Hvað sem öllu líður þá hef ég ekki misst af þætti og bíð spennt eftir uppgjörinu í síðasta þættinum á sunnudag.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Eilífðar smáblóm: Þjóðsöngvar um víða veröld **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Fótspor á himnum **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.00 Íslenski boltinn** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Tóti og Patti** (34:52)
**17.31 Þakbúarnir** (33:52)
**17.43 Skúli skelfir** (16:52)
**17.54 Jimmy Tvískór** (26:26)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Laus og liðugur** (15:20)
**18.45 Maður og jörð - Á tökustað** (7:8) (Human Planet: Behind the Lens)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 360 gráður**
**20.35 Dans dans dans - Dansar í úrslitum**
**20.40 Hönnunarkeppnin 2011** Þáttur um árlega hönnunarkeppni sem haldin er í Háskóla Íslands.
**21.15 Djöflaeyjan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Ráðgátan** (1:2) (Case Sensitive: The Point of Rescue) Bresk sakamálamynd í tveimur hlutum. Maður snýr heim úr viðskiptaferð og kemur að konu sinni og dóttur látnum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Sönnunargögn** (10:13) (e)
**23.55 Kastljós** (e)
**00.25 Fréttir**
**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.20 Paul Blart: Mall Cop**
**10.00 Rachel Getting Married**
**12.00 Unstable Fables: Tortoise vs. Hare**
**14.00 Paul Blart: Mall Cop**
**16.00 Rachel Getting Married**
**18.00 Unstable Fables: Tortoise vs. Hare**
**20.00 Independence Day**
**22.20 The Vanishing**
**00.05 Hammer of the Gods**
**02.00 Fast & Furious**
**04.00 The Vanishing**
**06.00 Silverado**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah** LOKAÞÁTTUR
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (70:175)
**10.15 Extreme Makeover: Home Edition** (18:25)
**11.00 Hawthorne** (5:10)
**11.45 Hot In Cleveland** (7:10)
**12.10 Wonder Years** (22:23)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 So You Think You Can Dance** (16:23) (17:23)
**15.10 Sjáðu**
**15.40 Barnatími Stöðvar 2**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.25 Nágrannar**
**17.52 The Simpsons** (10:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.21 Veður**
**19.30 Malcolm in the Middle** (6:25)
**19.55 My Name Is Earl** (5:27)
**20.25 Two and a Half Men** (16:16)
**20.50 Mike & Molly** (12:24)
**21.15 Chuck** (11:24) Chuck Bartowski er mættur í fjórða sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum. Chuck var ósköp venjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.
**22.05 Terra Nova** Glæný og spennandi ævintýraþáttaröð úr smiðju Steven Spielberg um venjulega fjölskyldu sem fær að að taka þátt í mikilvægu tilraunaverkefni sem gæti bjargað mannkyninu.
**22.50 Community** (8:25)
**23.15 Sicko**
**01.15 The Middle** (6:24)
**01.40 Cougar Town** (18:22)
**02.05 Grey's Anatomy** (8:24)
**02.50 Medium** (5:13)
**03.35 Don Juan de Marco**
**05.10 Ghost Image**

## SPORT *besta sætið*

**16.30 OneAsia Tour - Highlights** Samantekt frá því besta og markverðasta sem gerðist á nýjasta mótinu í OneAsia-mótaröðinni í golfi.
**17.25 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.
**17.55 Þýski handboltinn: Füchse Berlin - RN Löwen** BEINT. Dagur Sigurðsson er þjálfari Füchse og Alexander Petersson leikur með liðinu en Guðmundur Guðmundsson er þjálfari Löwen og Róbert Gunnarsson leikur með liðinu.
**19.50 Enski deildarbikarinn: Chelsea - Liverpool** BEINT
**22.00 Enski deildarbikarinn: Arsenal - Man. City**
**23.45 Þýski handboltinn: Fuchse Berlin - RN Löwen**
**01.05 Enski deildarbikarinn: Chelsea - Liverpool**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.25 WBA - Tottenham**
**16.15 Arsenal - Fulham**
**18.05 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir.
**19.00 Swansea - Aston Villa**
**20.50 Liverpool - Man. City**
**22.40 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**23.10 Man. Utd. - Newcastle**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (166:175)
**20.10 Bones** (7:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.05 Glee** (6:22)
**22.55 Covert Affairs** (8:11)
**23.40 Twin Peaks** (6:8)
**00.30 My Name Is Earl** (5:27)
**00.50 Bones** (7:22)
**01.35 The Doctors** (166:175)
**02.15 Sjáðu**
**02.40 Fréttir Stöðvar 2**
**03.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.00 Parenthood** (15:22) (e)
**15.50 Rachael Ray**
**16.35 Dr. Phil**
**17.20 Got To Dance** (15:21) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (31:50) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond - OPIÐ** (3:25) (e)
**19.45 Will & Grace - OPIÐ** (4:24) (e)
**20.10 Outsourced** (12:22)
**20.35 Mad Love** (4:13)
**21.00 Nýtt útlit - LOKAÞÁTTUR** (12:12) Þessir vinsælu þættir snúa nú aftur með breyttu sniði. Þau Jóhanna, Hafdís og Ási aðstoða ólíkt fólk að ná fram sínu besta í stíl og útliti. Í lokaþættinum fær hin sextán ára Rebekka Rosinberg flotta förðun og föt frá 17.
**21.30 Nurse Jackie** (9:12) Margverðlaunuð bandarísk þáttaröð um hjúkrunarfræðinginn og pilluætuna Jackie. Jackie er búin með pillurnar sínar og verður erfið í skapinu. Henni lendir saman við starfsfólk spítalans við lítinn fögnuð viðstaddra.
**22.00 United States of Tara** (9:12) Bandarísk þáttaröð um venjulega húsmóður með alvarlega persónuleikaröskun.
**22.30 Jimmy Kimmel**
**23.15 Tobba** (10:12) (e)
**23.45 Mad Dogs** (1:4) (e)
**00.35 Falling Skies** (6:10) (e)
**01.25 Smash Cuts** (51:52) (e)
**01.45 Everybody Loves Raymond** (e)
**02.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** The World Cup of Golf (1:4) **12.10** Golfing World **13.00** Golfing World **13.55** The World Cup of Golf (1:4) **18.00** Golfing World **18.50** PGA Championship 2011 (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** US Open 2009 - Official Film **23.50** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Tveir gestir **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**08.40** Come Dine With Me **09.30** The Inspector Lynley Mysteries **10.15** The Inspector Lynley Mysteries **11.05** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **11.50** EastEnders **12.20** Come Dine With Me **13.10** Dalziel and Pascoe **14.00** Live at the Apollo **14.45** Dalziel and Pascoe **15.30** Dalziel and Pascoe **16.15** Come Dine With Me **17.05** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **17.50** QI **18.20** QI **18.50** QI **19.20** Top Gear **20.15** Top Gear **21.00** The Graham Norton Show **21.50** Live at the Apollo **22.35** Skavlan

## DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Horisont **11.35** Tæt på Dyrene **12.05** Cleo **12.35** Aftenshowet **13.30** Søren Ryge - næsten direkte **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Maggies nye liv **15.00** Den lille røde traktor **15.15** Tagkammerater **15.30** Lille Nørd **16.00** Rockford **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Hvor er vi landet? **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Spise med Price **19.30** Kender du typen **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Vera **22.30** Borgen

## NRK 1

**12.35** Urix **13.00** Nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Bondeknolen **14.00** Nyheter **14.10** Dallas **15.00** Nyheter **15.10** Jessica Fletcher **16.00** Nyheter **16.10** Bondeknolen **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Ut i naturen **19.15** Endelig skiskyting! **19.45** Extra-trekning **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Vendepunktet - miljøkampen som ble en urfolksak **21.30** Bare Egil **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket

## svt1

**12.45** Gammal kärlek rostar aldrig **13.30** En skärgårdsnatt **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Från Lark Rise till Candleford **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Sommarpratarna **20.00** Veckans brott **21.00** Dox **22.30** Dag **22.55** 8 miljoner sätt att dö **00.50** Rapport **00.55** Plus **01.55** Rapport **02.00** Boardwalk Empire **02.55** Rapport **03.00** How to make it in America **03.30** Rapport

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




www.somi.is

## PESTÓ HUMMUS

# ALGJÖR SNILLD MILLI MÁLA

Pestó hummus er bragðgóð nýjung í salatlínunni frá Sóma. Frábært milli máltíða með gulrótum, gúrkum eða niður-skornum eplum. Pestó hummus er að sjálfsögðu líka gott ofan á brauð, t.d. með papriku og salatblaði. Holt, gott og algjör snilld!







SÓMI

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*Pakistanski veitingastaðurinn Shalimar við Austurstræti er í uppáhaldi hjá mér, það er skemmtilega heimilislegur og kósý staður. Uppáhaldsrétturinn minn er Chicken Mango en annars er allt gott þarna.*

Ragnheiður Helga Pálmadóttir lyfjafræðingur.

# Söngvaborg í hundrað þúsund eintökum

„María Björk [Sverrisdóttir] nefndi þessa tölu við mig fyrir skemmstu og ég trúði henni ekki. Ég hringdi því í hana aftur um daginn og þá voru hún og framleiðandinn okkar nýbúin að fara yfir tölurnar og þetta er víst rétt. Diskarnir fimm hafa selst í um hundrað þúsund eintökum,“ segir Sigríður Beinteinsdóttir, söngkona og söngkennari.

Barnadiskarnir Söngvaborg hafa verið eitt vinsælasta barnaefnið á Íslandi frá því að fyrsti diskurinn kom út fyrir ellefu árum. Söng, dans og leik er blandað saman á árangursríkan hátt og þær Sigríður og María Björk hafa orðið mikl-ir heimilisvinir hjá barnafólki. Diskarnir hafa flestir gengið í arf, frá einu systkini til annars, og alltaf notið jafn mikilla vinsælda. Og nú er sjötti diskurinn að koma út. „Kreppan setti smá strik í reikninginn hjá okkur og við tókum okkur smá pásu. Það hefur alltaf verið regla hjá okkur að gefa út nýjan disk annað hvert ár en nú eru liðin þrjú ár frá þeim síðasta,“ segir Sigríður en af því tilefni verður blásið til sérstaks Söngvaborgar-dags í Háskólabíó á laugardaginn klukkan eitt. Þar munu margir af góðkunningjum Söngvaborgar troða upp og skemmta krökkunum og foreldrum þeirra. „Salurinn tekur virkan þátt í þessu með okkur, syngur bæði með og dansar.“

Sigríður segist ekki hafa neina eina skýringu á því af hverju Söngvaborg sé svona vinsæl hjá krökkum. En hún þekkir það af eigin raun hvernig börn límast við skjáinn þegar upphafslagið tekur að hljóma. „Tvíburarnir mínir hafa alveg rosalega gaman af þessu. Þeir eru hins vegar bara sjö mánaða og fá því bara að horfa stutt hverju sinni.“ **- fgg**



**MIKLAR VINSÆLDIR** Hundrað þúsund eintök hafa selst af Söngvaborgar-diskunum fimm og sá sjötti er nú væntanlegur. Helga Braga, María Björk og Sigga Beinteins bíða að vonum spenntar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Á sínum yngri árum þótti **Óskar Hrafn Þorvaldsson** einhver harðasti KR-ingurinn sem fyrirfannst. Óskar kom upp úr unglingastarfi knattspyrnudeildar félagsins og varð fljótt fastamaður í vörn liðsins. Hann hélt svo í atvinnumennsku út til Noregs en varð að leggja skóna á hilluna vegna meiðsla. Heim kominn gerðist Óskar þjálfari hjá yngri flokkum félagsins og hóf að ala upp framtíðarmenn þess. Eftir þessa farsælu samleið hlýtur það að hafa verið einhverjum KR-ingum þungbært þegar fregnir bárust af því á dögunum að Óskar hefði tekið sæti í aðalstjórn nágrannafélagsins Gróttu.

Tónlistarkonan **Sóley Stefánsdóttir** verður á ferðalagi um Evrópu í desember. Fimm tónleikar hafa verið bókaðir í Austurríki, Þýskalandi, Rúmeníu og á Ítalíu þar sem mun hún kynna nýju plötuna sína, We Sink, sem hefur fengið mjög góðar viðtökur gagnrýnenda. Sóley kemur einnig fram á tónlistarráðstefnunni Eurosonic í Hollandi í janúar þar sem efnilegt tónlistarfólk er kynnt til sögunnar á hverju ári.

**- hdm, fb**








SIGURÐUR VICTOR: MJÖG DYGGUR ÁHORFENDAHÓPUR

# Íslenskar táningsstelpur eyða milljónum í Twilight

„Maður getur ekki kvartað,“ segir Sigurður Victor Chelbat, markaðsstjóri hjá Sambíóunum.

Aðra vikuna í röð er kvikmynd úr Twilight-flokknum aðsóknarmesta mynd vikunnar. Um er að ræða fjórðu myndina um þau Jakob, Isabellu og Edward en þær eru byggðar á samnefndum bókum Stephenie Meyer. Fjórða myndin, Breaking Dawn, hefur náð inn rúmlega ellefu milljónum íslenskra króna í miðasölu og tæplega ellefu þúsund manns hafa séð hana. En þar með er ekki öll sagan sögð.

Myndirnar fjórar hafa samanlagt halað inn tæplega sextíu milljónum íslenskra króna á síðustu fjórum árum hér á landi samkvæmt upplýsingum frá Smáís. Það gerir rúmlega 66 þúsund áhorfendur. Það sem gerir þessa tölu enn merkilegri er að áhorfendahópurinn er mjög afmarkaður, þetta eru að stærstum hluta unglingsstúlkur frá tólf ára aldri. „Auðvitað höfum við séð eldri konur fljóta með, kannski 29 ára og auðvitað einhverja stráka sem eru þá að lesa bækurnar. En að mestu leyti eru áhorfendurnir stelpur á aldrinum 12-24 ára,“ segir Sigurður Victor og bætir því við að þessi áhorfendahópur sé mjög dyggur og bíði ákaflega spenntur eftir hverri mynd. „Þetta æði er miklu meira en við bjuggumst við, því þegar fyrsta myndin var frumsýnd voru bækurnar ekkert komnar. Auðvitað hefði maður samt viljað að áhorfendahópurinn væri jafn breiður og hjá til dæmis Harry Potter þar sem aðdáendur voru af báðum kynjum.“

Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins sem gefur út Twilight-bækurnar á Íslandi, segir að salan á þeim hafi valdið ákveðnum vonbrigðum. „Þetta hefur verið mikið æði hjá nágrannaþjóðunum en ekki alveg náð sömu hylli hérna á Íslandi,“ segir Egill sem þó telst þó til að fyrstu þrjár bækurnar hafi selst í sautján þúsund eintökum eða fyrir 76 milljónir íslenskra króna. Fjórða bókin eftir Stephenie Meyer er væntanleg innan tíðar.

Egill kveðst vera sammála Sigurði með markhóp bókanna. Lesendahópurinn virðist aðallega vera ungar konur en hann bætir því við að það séu kannski engin nýmæli fyrir bókaútgefanda. Ný lestrarkönnun hafi staðfest að konur lesi meira. „Og þannig var það líka hjá Harry Potter, þar voru það aðallega konur sem lásu bækurnar.“

**freyrgigja@frettabladid.is**



**UM ÞETTA SNÝST MÁLIÐ** Aðalæðið hjá íslenskum stelpum er Twilight-serían en nýjasta myndin, Breaking Dawn, er aðra vikuna í röð á toppnum hér á landi.

**136** milljónir króna hafa íslenskar táningsstúlkur reitt af hendi til að lesa Twilight-bækurnar og sjá myndirnar í bíó.

**HEIMILD: FORLAGIÐ OG SMÁÍS**

# Brynja nýr kynnir í Eurovision

„Ég hef alltaf horft á keppnina en ég er enginn Eurovision-fíkill eða heitur aðdáandi,“ segir nýr Eurovision-kynnir, Brynja Þorgeirsdóttir. Hún tekur við af Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur sem hefur gegnt þessu hlutverki síðastliðin ár.

Eins og Fréttablaðið greindi frá er Brynja sest á skólabekk í Háskóla Íslands og ætlar að vera í leyfi frá Kastljósinu eftir áramót. „Þetta starf passar hins vegar voðalega vel, það er bara fín aukavinna með skóla að vera Eurovision-kynnir,“ segir Brynja sem var einmitt á leiðinni á Þjóðarbókhlöðuna þegar Fréttablaðið náði tali af henni.

Þótt Brynja sé enginn Eurovision-fíkill þá á hún auðvitað sín eftirlætislög, „Það eru helst þessi ´80-lög sem maður drakk í sig eins og svampur þegar maður var yngri. Maður horfði á hverja einustu keppni og lærði lögin utan að, Módel, Eirík Hauksson, Björgvin Halldórsson og Guðrúnu Gunnarsdóttur.“ Af erlendum stjörnum nefnir Brynja helst Söndru Kim sem sigraði heiminn, aðeins fjórtán ára, með laginu J‘aime la vie. „Maður gat vel sett sig í hennar spor með hárburstann fyrir framan spegilinn.“

En fleiri ný andlit verða í Söngvakeppni Sjónvarpsins því Hljómsskáldagrengirnir Bragi Valdimar Skúlason og Guðmundur Kristinn Jónsson, Kiddi í Hjálmum, munu sjá um viðtöl við lagahöfundana í undankeppnunum þrem. „Við fáum frjálsar hendur við að spyrja keppendur í Eurovision spjörunum úr, um lífið og tilveruna,“ segir Kiddi í samtali við Fréttablaðið. **- fgg**



**EUROVISION ER STEMNING** Brynja Þorgeirsdóttir verður kynnir í Eurovision í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Domino's Pizza
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S
ÞÚ SÆKIR
MIÐSTÆRÐ
AF PIZZU MEÐ
ÞREMUR ÁLEGGS-
TEGUNDUM Á
1.000 KR.
Athugið að í kvöld
þriðjudaginn 29. nóv.
loka allar verslanir
Domino's kl. 21 vegna
starfsmanna-
fagnaðar.
58·12345 | dominos.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
Vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Aucoin aftur til Íslands

Kanadíski tónlistarmaðurinn Rich Aucoin vakti mikla athygli gesta á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves í október, meðal annars með magnaðri sviðsframkomu á Nasa. Gestir voru hrifnir af honum og hann virðist einnig hafa verið hrifinn af Íslandi, því nú hefur hann boðað komu sína hingað til lands á nýjan leik. Tónlistarmaðurinn hyggst spila ásamt **Nönnu Bryndísi Hilmarsdóttur** og félögum í Of Monsters and Men og hljómsveitinni Retro Stefson á Síðasta sjens – tónleikum sem haldnir verða í þriðja sinn 30. desember næstkomandi á Nasa. Því er aldrei að vita nema hann komi líka til með að eyða áramótunum hér á landi.



### Bjartsklíkan fagnaði

Bókaútgefandinn **Snæbjörn Arngrímsson** fagnaði fimmtugsafmæli sínu um liðna helgi. Snæbjörn var aðalmaðurinn á bak við uppgang bókaútgáfunnar Bjarts á síðasta áratug en seldi hlut sinn í fyrirtækinu fyrir hrun og fluttist til Danmerkur. Þar stofnaði hann útgáfufélagið Hr. Ferdinand sem hann rekur ásamt konu sinni. Snæbjörn lagði undir sig heilt sveitahótel á Norður-Sjálandi fyrir veisluhöldin og bauð 50 gestum að gleðjast með sér. Þar af kom fríður hópur karla frá Íslandi sem eiga það sameiginlegt að hafa gert sig gildandi í menningarlífinu. Þar á meðal voru rithöfundarnir Jón Kalman Stefánsson, Eiríkur Guðmundsson, Einar Falur Ingólfsson og Jón Karl Helgason. Þá var Jón Kaldal, ritstjóri Fréttatímans, líka meðal gesta og Páll Valsson var veislustjóri. Hápunktur veislunnar var svo þegar Jón Hallur Stefánsson rithöfundur söng frumsamið lag til afmælisbarnsins.



- þeb, hdm

## Mest lesið Vísir

1. Starfsmaður sakaður um að taka myndir á farsíma í…
2. Mikið óveður kostaði tvo lífið í suðurhluta Skandinavíu
3. Pólitísk framtíð Jóns óviss
4. Snarráður öryggisvörður kom í veg fyrir eldsvoða
5. Norska Vítisenglinum verður vísað úr landi


★★★★★

*„Bókin er svo jafngóð, að það er eiginlega lygilegt.“*

ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ






Gerið gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa ★★★★★

Sofðu vel um jólin



**Proflex stillanlegt rúm.**
Gott stillanlegt rúm á frábæru verði.
**2x90x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýnu 399.900 kr.**
**Nú 379.900 kr.**

10.000 kr. afsláttur af öllum heilsurúmum
(Gildir ekki með öðrum tilboðum)






**Board Wallhugger stillanlegt rúm.**
Eitt vinsælasta stillanlega rúmið.
**2x90x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýnu 549.900 kr.**
**Nú 529.900**



**Saga/Freyja hágæða heilsudýna.**
Gerð úr 7 svæðisskiptu pokagormakerfi með 4 cm þrýstijöfnunarefni í bólstrun.
**Queen 153x203 cm á íslenskum botni 129.900 kr. Nú 119.900 kr.**

**Þór hágæða heilsudýna.** Gerð úr tvöföldu 7 svæðisskiptu pokagormakerfi með þrýstijöfnunarefni.
**Queen 153x203 cm á íslenskum botni 149.900 kr. Nú 139.900 kr.**

**20% afsláttur**
**Vinsælasta jólagjöfin, IQ-Care heilsukoddar. 3 stærðir.**





IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi

Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Tveir stífleikar.
**Queen 153x203 cm á íslenskum botni 179.900 kr. Nú 169.900 kr.**
**Íslenskur höfuðgafl 94.900 kr.**
(Sé keypt rúm fæst **20%** afsláttur af höfuðgafli og fylgihlutum.)

**20% afsláttur**
**Jólagjöfin þín í ár. Hágæða Damask sængurverasett í miklu úrvali. Frá 8.900 kr. Nokkrar stærðir**





**BOAS leður sjónvarpssófi 3 sæta. 169.900 kr.**
**BOAS leður hægindastóll. 79.900 kr.**
**BOAS rafmagns lyftu stólar. 149.900 kr.**



**Mikið úrval af svefnsófum**

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is